## Fyrstu skrefin
Friður hópur ungmenna þreytti frumraun sína á leiksviði í söngleiknum Bugsy Malone fyrir réttum áratug.




## EKKI Í BOÐI AÐ KLÚÐRA
*Akureyringurinn Atli Örvarsson hefur samið tónlist við fjórar Hollywood-kvikmyndir sem verða frumsýndar á þessu ári.*





# FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

31. maí 2008 — 146. tölublað — 8. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000


**LAUGARDAGUR**






STÍLL 50

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LÉTTIR TIL** Í dag verða vestan 3-8 m/s. Nokkuð bjart suðaustan til, dálítil rigning í fyrstu norðaustan og austan til en styttir upp í dag. Hætt við lítils háttar súld vestan til. Léttir svo víða til með kvöldinu. Milt.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

**15.48** Klukkan í koníaksstofunni stóð af sér skjálftann, þótt gangverkið hefði gefið sig. Klukkan var þó meðal fárra muna í herberginu sem ekki endaði á gólfinu. „Þetta er gríðarlegt tjón – alveg gríðarlegt eftir 60 ára hjónaband,“ sagði Guðmundur.

Skjálftinn skemmdi gangverk:
## Jarðskjálftinn stöðvaði tímann

**JARÐSKJÁLFTI** Veggklukkan í koníaksstofunni að Þelamörk 1 í Hveragerði geymir vitneskju um það hvenær skjálftinn stóri á fimmtudag reið yfir. Gangverkið stöðvaðist klukkan 15.48, og hefur ekki farið af stað síðan.

Guðmundur M. Þórðarson og Halldóra Þórðardóttir virtu fyrir sér óreiðuna á heimili sínu, nýkomin heim af fjöldahjálparstöðinni í Grunnskólanum í Hveragerði. Hjúin eru miklir safnarar, og að sögn Guðmundar á hann um sjötíu styttur af öllum stærðum og gerðum frá öllum heimshornum, sem hver kostaði hundruð þúsunda króna. Einungis nokkrar þeirra reyndust laskaðar. Engin þeirra fjölmörgu mynda og styttna sem finna mátti í húsinu af Jesú Kristi hafði hins vegar fallið niður á gólf. „Við erum miklir vinir,“ sagði Guðmundur. „Ég er ekki mikill guðs maður, en ég er mikill Jesúmaður.“

Hjónin voru á leið frá Hveragerði, þar sem þau höfðu fengið inni hjá ókunnugu velviljaðfólki í Hafnarfirði. **- sh**

# Sunnlendingar búa sig undir næstu átök

**Íbúar á Suðurlandi eru að jafna sig á áfallinu sem fylgdi skjálftanum á fimmtudag. Flestra bíða miklar lagfæringar á heimilum og viðræður við tryggingafélög.**

**JARÐSKJÁLFTI** Lífið á Suðurlandi er óðum að komast í rétt horf eftir að hafa, eins og jörðin sjálf, farið rækilega úr skorðum á fimmtudag. Í gær sneru íbúar Selfoss og Hveragerðis aftur til síns heima, eftir að hafa margir hverjir dvalið í fjöldahjálparstöðvum eða öðrum bæjarfélögum um nóttina. Við tók tiltekt og undirbúningur fyrir næstu átök, lagfæringar á húsum og viðræður við tryggingafélög.

Tryggingafélög eru í viðbragðsstöðu og hafa flest lengt afgreiðslutíma sína um helgina. Sum hafa opnað tímabundnar þjónustumiðstöðvar í bæjunum sem urðu verst úti. Viðlagatrygging Íslands bætir tjón á húsum og innbúi hafi það verið brunatryggt.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra komu á skjálftasvæðið í gær, funduðu með yfirvöldum á staðnum og skoðuðu tjón. „Ég er búin að átta mig á því eftir heimsókn á lögreglustöðina hversu mikil mildi það er að ekki fór verr,“ segir Ingibjörg. Hún er ánægð með viðbrögðin. „Mér sýnist að það hafi allir verið mjög reiðubúnir að takast á við þetta verkefni og að það sé unnið mjög vel. En framhaldið er aðalatriðið, að starfið renni ekki út í sandinn.“

Geir tekur undir þetta. „Mér sýnist að viðbrögðin hafi verið mjög markviss og fumlaus af hálfu allra þeirra aðila sem takast á við þetta. Það er mjög ánægjulegt að sjá að þetta kerfi er allt saman að virka.“ **- sh / sjá síður 4, 6 og 38**

Sjúkrahúsin tengd Tetra-kerfi:
## Öll fjarskipti gengu afar vel

**JARÐSKJÁLFTI** „Nú gengu fjarskiptin afskaplega vel og það er að þakka þessu nýja Tetra-kerfi sem allir viðbragðsaðilar eru komnir með,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Björn segir upplýsingar hafa greiðlega komist til allra sem unnu á jarðskjálftasvæðinu. Í ljós hafi komið að ákveðið bil sé milli fjarskipta þeirra sem eru með Tetra-kerfið og hinna sem ekki hafa slíkan búnað.

Fjarskipti við þá sem voru inni á sjúkrahúsinu á Selfossi rofnuðu á meðan þeir sem voru á sjúkrabílunum voru í sambandi. Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að veita fé til þess að hægt væri að tengja sjúkrahúsin inn á Tetrakerfið. **- ovd**


ESEDRA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16


Condoleezza Rice kom í stutta heimsókn til Íslands í gær:
# Ósátt við gagnrýni Alþingis

**UTANRÍKISMÁL** „Ég andmæli því harðlega að mannréttindabrot eigi sér stað í Guantánamo-búðunum, eins og gefið er í skyn í ályktuninni,“ sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um ályktun Alþingis þar sem meðferð fanga Bandaríkjahers við Guantánamo er fordæmd.

Hún bendir íslenskum þingmönnum á að kynna sér skýrslu frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, þar sem fullyrt er að meðferð fanganna við Guantánamo standist kröfur um mannréttindi.

Alþingi samþykkti einróma í fyrrinótt ályktun þar sem fordæmd er hin „ólöglega og ómannúðlega meðferð á föngum í búðum við Guantánamo-flóa á Kúbu“. **- gb / sjá síðu 8**



**RICE OG INGIBJÖRG SÓLRÚN** Ræddust við í Ráðherrabústaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÆSTUM NÝIR NOTAÐIR BÍLAR
www.bilathing.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11 | Laugavegur 174

OPIÐ til 20 alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Ásbjörn, fannst þú skjálftann?*

Já, alveg greinilega enda er ég ekki Parkinson-veikur.

Suðurlandsskjálfti upp á 6,3 á Richter reið yfir Suðurland í á fimmtudag. Ásbjörn Einarsson er formaður Parkinsonssamtaka Íslands.

Guðmundur Þóroddsson lætur af störfum sem forstjóri OR og REI:

# Frumkvæðið frá Orkuveitunni

**BORGARMÁL** „Maður er aldrei sáttur við svona en ég er eiginlega feginn að kveðja á þessum tímapunkti,“ segir Guðmundur Þóroddsson sem lét af störfum sem forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest í gær. Guðmundur vill ekki tjá sig um hvort hann hafi verið gerður að blóraböggli í REI-málinu en hann starfaði sem forstjóri OR í upphafi málsins. Stjórn Orkuveitunnar hafði frumkvæði að því að Guðmundur lætur af störfum. Guðmundur var forstjóri OR en fékk leyfi frá störfum á síðasta ári til að veita REI forstöðu.



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON



KJARTAN MAGNÚSSON

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR, vill ekki svara því hvað liggur að baki uppsögn Guðmundar á annan hátt en að um samkomulag hafi verið að ræða. Hann staðfestir jafnframt að Guðmundur hafi ekki óskað eftir að láta af störfum heldur hafi frumkvæðið komið frá stjórn fyrirtækisins. Kjartan segir að starfslokasamningur hafi ekki verið gerður við Guðmund heldur starfi hann næstu tólf mánuði samkvæmt launakjörum þess ráðningarsamnings sem í gildi var.

Uppsögn Guðmundar var samþykkt á stjórnarfundi í gær með þremur atkvæðum. Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingar í stjórn, og Svandís Svavardóttir, fulltrúi Vinstri grænna, sátu hjá. Þær bókuðu eftir fundinn að uppsögnin ætti rætur að rekja til REI-málsins þar sem Guðmundur hafi starfað í fullu umboði Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, fyrrverandi borgarstjóra. - shá

Sex mánaða dómur:

# Valdur að tvöföldu banaslysi

**DÓMSMÁL** Maður um tvítugt hefur verið sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi. Hann var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur í sex mánaða fangelsi. Þar af voru fjórir mánuðir skilorðsbundnir.

Maðurinn ók bifreið sinni eftir Garðvegi langt yfir leyfilegum hámarkshraða í ágúst 2006. Hann ók yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti í árekstri við aðra bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður og farþegi síðarnefndu bifreiðarinnar létust báðir af áverkunum sem þeir hlutu við áreksturinn. - jss

# Tvær fimleikakonur hálsbrotna á æfingu

**Meðlimir og þjálfarar Halastjörnunnar eru slegnir vegna tveggja kvenna úr fimleikahópnum sem hálsbrotnuðu á stuttum tíma. Þjálfarinn og önnur konan segja ekki mega kenna aðstæðum um óhöppin. Konurnar eru báðar á batavegi.**

**HEILSURÆKT** „Þetta var bara algjör óheppni,“ segir Vaka Rögnvaldsdóttir sem nú er að jafna sig eftir að hafa hálsbrotnað í fimleikum fyrir tveimur og hálfum mánuði.

Vaka, sem er 32 ára, er meðlimur Halastjarnanna sem er fimleikahópur fullorðinna kvenna á vegum Stjörnunnar í Garðabæ. Slysið sem hún varð fyrir var áfall fyrir alla í Halastjörnunni. Meðlimirnir urðu enn frekar miður sín þegar hryggjarliðir á annarri konu úr hópnum gengu svo illa til á æfingu á sunnudagskvöldið að spengja þurfti hana á sjúkrahúsi. Sú kona er 43 ára og á að útskrifast af sjúkrahúsinu á næstu dögum. Hún hefur fulla hreyfigetu.

„Þótt þetta sé virkilegt sjokk þá gera sér allir grein fyrir því að þetta voru bara óhöpp sem eru alls engum að kenna,“ segir Vaka sem er nú laus við hálskraga og er í sjúkraþjálfun. „Læknirinn segir það mjög eðlilegt að ég verði með höfuðverk og illt í öxlum í svona hálft ár.“

Jimmy Erik Ekstedt, aðalþjálfari fimleikadeildar Stjörnunnar og umsjónarþjálfari Halastjarnanna, leggur áherslu á að óhöppin tvö hafi verið alls ótengd enda hafi konurnar ekki verið að gera sömu æfinguna.

„Við erum búin að fara yfir alla ferla og öll möguleg atriði til að reyna að finna eitthvað sem tengir þessi tvö slys saman. Niðurstaðan er sú að það er einfaldlega tilviljun að þetta skuli hafa gerst hjá okkur. Þetta eru æfingar sem þær höfðu margoft gert áður,“ segir Jimmy.



**VAKA RÖGNVALDSDÓTTIR OG JIMMY ERIK EKSTEDT** Fimleikakonan og þjálfarinn, en þeim skaut skelk í bringu við alvarlegt slys í byrjun mars. Önnur fimleikakona úr hópnum hálsbrotnaði á sunnudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þótt þetta sé virkilegt sjokk þá gera sér allir grein fyrir því að þetta voru bara óhöpp sem eru engum að kenna.
>
> **VAKA RÖGNVALDSDÓTTIR**
> FIMLEIKAKONA

Aðspurður játar Jimmy að konurnar tvær hafi vissulega sloppið ótrúlega vel. „Öll svona slys á baki og hálsi eru ógnvekjandi og þess vegna vorum við öll í losti. En sem betur fer sluppu þær ótrúlega vel og líður ágætlega í dag,“ segir Jimmy sem kveðst ekki vita til þess að þessir atburðir muni draga kjarkinn úr einhverjum Halastjarnanna. „Það eru rúmlega fjörtíu konur í hópnum sem margar er mæður og þær mæta eins og þeim hentar. Ég veit ekki til þess að nokkur þeirra ætli að hætta.“

Vaka ítrekar að slys geti orðið í öllum íþróttum. „Þetta er að sjálfsögðu viðvörun og sláandi að einhver skuli hálsbrotna en verst þætti mér fyrir fimleikana ef fólk fengi neikvæða mynd af íþróttinni vegna þessara óhappa.“

gar@frettabladid.is

Benjamin Netanyahu:

# Græðir á vanda Ehuds Olmert

**ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu og Likud-flokkur hans myndu sigra í þingkosningum ef Ehud Olmert forsætisráðherra hrökklast frá völdum vegna rannsókna á spillingarmálum hans.**

**Likud-flokkurinn fengi 29 þingsæti af 120, samkvæmt skoðanakönnun, sem birt var í gær. Kadimaflokkur Olmerts fengi næstflest atkvæði og 23 þingsæti ef Tzipi Livni utanríkisráðherra tæki við flokksformennskunni.**

**Þriðji stærsti flokkurinn yrði svo Verkamannaflokkur Ehuds Barak varnarmálaráðherra, sem fengi 15 þingsæti. Bæði Livni og Barak hafa skorað á Olmert að segja af sér, eða taka sér í það minnsta frí, meðan rannsókn spillingarmálanna stendur yfir.** - gb

Úrskurður bótanefndar:

# Fá bætur fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Bótanefnd ríkisins hefur úrskurðað að tveir ungir karlmenn fái hámarksbætur, um 600 þúsund krónur hvor, fyrir ítrekuð kynferðisbrot sem þeir urðu fyrir á unglingsaldri. Vísir greindi frá þessu í gærkvöld.

Mennirnir kærðu karlmann, kennara við Grunnskólann á Ísafirði árið 2005, fyrir að hafa ítrekað beitt þá kynferðisofbeldi. Málið hlaut mikla umfjöllun í fjölmiðlum eftir að DV birti frétt um það á forsíðu sinni. Hinn grunaði svipti sig lífi í kjölfarið og hætti lögreglan þá rannsókn málsins. Skutu kærendur málinu til bótanefndar ríkisins sem úrskurðaði að unnt væri að slá því föstu að þeir hafi orðið fyrir hegningarlagabroti. Því verði fallist á greiðslu miskabóta. - ovd



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Um er að ræða stærsta samning sem Orkuveitan hefur gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveita Reykjavíkur:

# Risasamningur um vélakaup

**ORKUMÁL** Stærsti samningur sem Orkuveita Reykjavíkur hefur gert frá upphafi var gerður við fyrirtækin Mitsubishi og Balcke-Dürr um kaup á fimm vélasamstæðum fyrir gufuaflsvirkjanir á Hengilssvæðinu. Fjárhæð samningsins er 13,7 milljarðar króna.

Undirritunin fór fram að viðstöddum forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, í Hellisheiðarvirkjun í gær. Vélakaupin eru gerð að undangengnu útboði þar sem fyrirtækin tvö áttu hagstæðasta boð. Hver vélanna fimm hefur 45 megavatta afl og er samanlagt afl þeirra þá 225 megavött. Þær verða afhentar á árunum 2010 og 2011 og settar upp í virkjunum á Hengilssvæðinu. - shá

Haldið upp á stórafmæli:

# Opið hús í tveimur skólum

**SKÓLAMÁL** Hagaskóli og Árbæjarskóli halda upp á 50 ára og 40 ára afmæli í dag. Í báðum skólum verður því opið hús og skemmtidagskrá í tilefni dagsins.

Nemendur í Hagaskóla hafa undirbúið sérstaka afmælissýningu. Hver bekkur skólans fékk það hlutverk að kynna tvö ár af þeim fimmtíu sem skólinn hefur starfað.

Í Árbæjarskóla verður skemmtidagskrá í hátíðarsal skólans milli 10 og 14 og verður grillað fyrir gesti og gangandi. - þeb





DYNAMO REYKJAVÍK

Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


Stórviðburðir í sögu Sjóminjasafnsins í Reykjavík á degi hafsins:

# Opna aftur tvíefld með Óðni

**SÖFN** Hollvinasamtök varðskipsins Óðins afhenda skipið í dag Sjóminjasafninu í Reykjavík sem er að opna eftir miklar endurbætur í vetur.

„Þetta er einstakur atburður því hér eru tvö skip að koma til varðveislu,“ segir Sigrún, forstöðumaður Sjóminjasafnins, og vísar til þess að auk Óðins fær safnið í sína umsjá dráttarbátinn Magna frá hafnarstjórn Faxaflóahafna. Magni er fyrsta stálskipið sem smíðað var á Íslandi. Var það gert í Stálsmiðjunni, steinsnar frá þeim stað sem safnið stendur við Grandagarð.

Sigrún segir að gríðarlegar framkvæmdir hafi verið við Sjóminjasafnið vetur. Innanhúss hafi stórlega bæst við aðstöðuna þannig að nú sé hægt að vera með fimm sýningar í einu í stað einnar áður. Úti hafi safnbryggjan verið lagfærð verulega. Þar muni liggja við festar Magni og Óðinn sem verði sérstakt safn út af fyrir sig.

Fyrir hádegi í dag mun forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, enduropna Sjóminjasafnið við hátíðlega athöfn. „Forsetinn opnaði einmitt safnið upphaflega á Degi hafsins fyrir þremur árum,“ bendir Sigrún á.



**VARÐSKIPIÐ ÓÐINN** Hollvinasamtök Óðins fengu varðskipið afhent frá ríkinu í gær og munu í dag færa Sjómannasafninu í Reykjavík skipið til eignar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sjómminjasafnið verður síðan opnað fyrir almenning klukkan eitt. - gar

# Allt LEGO á

# -50%

## afslætti
## sunnudaginn 1. júní

Á MORGUN SUNNUDAG ERUM VIÐ MEÐ OPIÐ FRÁ 10 TIL 18.




Tilboðin á þessari blaðsíðu gilda meðan birgðir endast eða til 1. Júni

Það er ekki hægt að versla í gegnum póstkröfu hjá okkur.

**AKUREYRI, GLERÁRTORG. SÍMI 461 4500**

# SUÐURLANDSSKJÁLFTI



**BROTIN SKÁL** Ágústa tíndi upp brotin, sem voru þó ekki ýkja mörg. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Bústaðurinn ekki illa farinn:

## Fór mun betur en þau óttuðust

„Við komum inn skjálfandi og með hjartslátt,“ segir Ágústa Óskarsdóttir, sumarbústaðareigandi í Öndverðarnesi, sem hafði heyrt hryllingssögur af því hversu illa hús og stöku bústaðir á svæðinu hefðu farið í skjálftanum. „En þetta er bara flott. Þetta fór miklu betur en við óttuðumst.“

Ágústa fór gagngert austur fyrir fjall til að kanna ástandið á bústaðnum ásamt manni sínum, Bergþóri Bergþórssyni. Þau voru nýkomin inn úr dyrunum þegar blaðamann bar að garði. Eitt glas og ein skál hafði brotnað, annað ekki. „Fyrst þetta fór ekki verr verðum við kannski bara hér í nótt,“ sagði Bergþór. - sh



**UNNIÐ AÐ SKRÁNINGU** Starfsmenn Rauða krossins unnu ötullega að skráningu í fjöldahjálparmiðstöðinni á Selfossi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tímabundin þjónustumiðstöð:

## Verður staðsett á Suðurlandi

Tímabundinni þjónustumiðstöð fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna jarðskjálftanna síðastliðinn fimmutdag verður komið upp á allra næstu dögum.

Ríkisstjórnin samþykkti þetta á fundi sínum í gær en miðstöðin verður staðsett á Suðurlandi og unnið er að því að finna henni stað. Geta íbúar á jarðskjálftasvæðinu leitað til miðstöðvarinnar eftir hvers kyns aðstoð í tengslum við afleiðingar skjálftans og verður þeim meðal annars veitt liðsinni vegna tryggingamála, hvort sem um er að ræða tjón sem Viðlagatrygging bætir eða almenn tryggingafélög. - ovd



**ÞYRSTIR SELFYSSINGAR** Íbúar á Selfossi voru varaðir við því að drekka kranavatn, sem hafði gruggast í jarðhræringunum. Mikil eftirspurn var því eftir vatni sem flutt var í bæinn. Alls voru um sex þúsund lítrar af flöskuvatni fluttir til bæjarins, og enn meira í tönkum. Enn er óvíst hvenær öruggt verður að drekka kranavatnið á ný. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

# Enn skjálfti í fólki

**Það var rólegt yfir Selfyssingum og Hvergerðingum í gær þótt eftirköst skjálftans hvíldu þungt á flestum. Bæjarbúar hófu tiltekt, keyptu í matinn og hughreystu hver annan, en tíðir eftirskjálftar vöktu víðast hvar talsverðan óhug.**

Íbúar á skjálftasvæðinu á Suðurlandi sneru margir hverjir aftur til síns í heima í gær til að virða fyrir sér tjónið og hefja tiltekt. Í Hveragerði og á Selfossi var rólegt um að lítast, þótt flestir hafi haft feikinóg við að vera og um að hugsa. Flestir voru bersýnilega enn að jafna sig á áfallinu frá því á fimmtudag.

Þótt margir hafi tekið sér frí af skiljanlegum ástæðum voru sum hjól bæjarlífsins þegar tekin að snúast á ný. Starfsmenn Bónuss í Hveragerði mættu eldsnemma til að hreinsa upp af gólfum og raða í hillur og í hádeginu var verslunin full af fólki, enda margir bæjarbúar sem misst höfðu mestallt matarkyns þegar ísskápurinn steyptist um koll daginn áður.

Tugir Hvergerðinga sóttu eftir hádegi fræðslufund þar sem Guðmundur Baldursson bæjartæknifræðingur greindi frá ástandinu í bænum og fulltrúar Rauða krossins fóru yfir áætlanir um áfallahjálp og undirbjuggu fólk fyrir væntanleg andleg eftirköst af áfallinu. Það setti óhug að gestum á fundinum miðjum þegar tiltölulega snarpur eftirskjálfti reið yfir og heyra mátti andköf og klið í salnum á eftir.



**HÚSIÐ SPRUNGIÐ** Haukur Michelsen sér fram á mikinn kostnað við viðgerðir á húsi sínu. Þakið og veggurinn gengu nánast í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Tjón var enn að uppgötvast víða í gær, einkum sprungur í steinsteyptum húsum. Heima hjá Hauki Michelsen og Þorbjörgu Theódórsdóttur, við Heiðarbrún í Hveragerði, mátti litlu muna að húsið liðaðist í sundur. Sprunga sem var vel greinileg utan við húsið teygði sig að húsinu, undir það og út hinum megin.

Þakið var nær sprungið frá veggnum innandyra og burðarveggur virtist sprunginn í sundur, þótt enn héldist hann uppi. „Vínflöskurnar eru hins vegar allar óbrotnar þótt vínrekkinn hafi hrunið fram fyrir sig á gólfið,“ sagði Haukur. „Þetta er alveg með ólíkindum.“

stigur@frettabladid.is

Bæjarstjóri segir tjónið mikið:

## Sprungur að koma í ljós

„Tjónið er gríðarlega mikið. Þegar maður fann skjálftann þá vissi maður að það yrði mikið tjón, hann var svo harður,“ sagði Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar. „Það er að koma í ljós að það er þó nokkuð mikið um sprungur á húsum og það á eftir að koma betur í ljós hvort hús hafa skekkst eða eitthvað slíkt.“



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR**

Ragnheiður segir unnið að því að hreinsa vatnslagnir í því skyni að íbúar Selfoss fái hreint vatn inn í hús. Ekki sé ljóst hvenær því lýkur. - sh



**GILIÐ** Áður fossaði myndarlega úr gilinu en nú er það þurrausið. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Náttúruleg áveita tapast:

## Gilslækurinn þornaði upp

Pétur Guðmundsson, bóndi á Hvammi í Ölfusi, sér fram á að þurfa að veita vatni á beitarhaga sína eftir að lækur sem rann úr gili í Ingólfsfjalli og niður í hagana þornaði skyndilega upp eftir skjálftann. „Það dró bara úr rennslinu úr gilinu mjög hratt eftir skjálftann þangað til það hætti alveg.“

Pétur heldur kýr og hesta á Hvammi, og skepnurnar voru heldur órólegar í skjálftanum. „Það bara trylltist allt,“ segir hann. Hann segir þó þyrluumferðina sem fylgdi í kjölfarið hafa verið enn erfiðari fyrir blessuð dýrin en skjálftann sjálfan. - sh






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**LEIFAR AF ÚRKOMU**

Það er úrkomuloft á leiðinni austur af landinu og því má búast við vætu norðaustan og austan til í fyrstu. Annars staðar verður yfirleitt þurrt en þó má búast við lítils háttar súld vestan til á landinu. Á morgun má búast við bongóblíðu á Akureyri og Egilsstöðum.







**Á MORGUN** 5-15 m/s, hvassast suðvestan til.

**MÁNUDAGUR** 5-15 m/s , hvassast allra syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 26° |
| Ósló | 26° |
| Stokkhólmur | 22° |
| Gautaborg | 24° |
| Helsinki | 19° |
| Eindhofen | 22° |
| Amsterdam | 18° |
| London | 22° |
| Berlín | 31° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| París | 23° |
| Basel | 23° |
| Barcelona | 21° |
| Alicante | 23° |
| Algarve | 21° |
| Tenerife | 24° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Í ker við sumarbústaði eða þar sem sjaldan er vökvað, er gott að blanda vatnskristöllum úr í moldina. Vatnskristallarnir geyma í sér vatn og verja plönturnar fyrir ofþornun.*

**GARÐHEIMAR**

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

***Gegn fíflum í grasflöt:***

***Fíflastafur:*** *Stafnum er stungið niður með stólparót fífilsins, snúið, togað upp og losað.*

***Herbamix:*** *Blandað í vatn og úðað eða vökvað yfir illgresið. Eyðir fíflum og öðrum tvíkímblöðungum úr grasflöt. Eyðir ekki grasi.*

## SUÐURLANDSSKJÁLFTI

Skjálftinn á 12 kílómetra sprungu frá Hveragerði:

# Eftirskjálftarnir yfir þúsund á sólarhring

„Vart hefur orðið við fjölda eftirskjálfta en þeir eru að verða minni og minni eftir því sem frá líður. Það koma hviður annað slagið en þetta er allt eðlilegt,“ segir Steinunn S. Jakobsdóttir, sviðstjóri eðlisfræðisviðs Veðurstofu Íslands. Hún telur að eftirskjálftarnir séu komnir yfir þúsund alls. Þeir stærstu um 4,0 en þeir fari ört minnkandi í styrk.

Steinunn segir að kenningin um að tveir skjálftar hafi í raun runnið saman í einn standi enda bendi þau gögn sem greind hafa verið til að skjálfti við Ingólfsfjall hafi valdið skjálfta sem átti upptök sín við Hveragerði. „Það er mjög erfitt í gögnunum að skilja þá í sundur en þau benda öll í þessa átt. Okkar fyrsta mat á sprungunni sem hreyfðist er að hún sé um tólf kílómetra löng og gangi frá Hveragerði og þaðan til suðurs. Þar er virknin mest.“

Steinunn segir að vart hafi orðið við skjálfta við Geitafell þar sem jarðskjálftar af stærðinni 5,0 á Richter séu þekktir. „En við erum ekki að búast við neinu sérstöku þar endilega.“ - shá



**EFTIRSKJÁLFTAR** Stórir og litlir skjálftar eru taldir vera komnir yfir þúsund alls.
HEIMILD: VEÐURSTOFA ÍSLANDS



**SKEMMDIR Í HVERAGERÐI** Aðkoman var ekki glæsileg á heimili Halldóru Þórðardóttur eftir að skjálftanir riðu yfir en Halldóra er ein þeirra sem á næstu dögum þurfa að hafa samband við sitt tryggingafélag svo hægt sé að meta tjónið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Í startholunum eftir Suðurlandsskjálftann

**Lögbundin brunatrygging fasteigna tryggir að eigendur fái bætur vegna skemmda á húsum. Brunatrygging innbús er ekki lögbundin en hún er forsenda þess að tjón á innbúi fáist bætt. Flokkar matsmanna tryggingafélaganna fara um Suðurland.**

Viðlagatrygging Íslands bætir tjón sem varð á húseignum og innbúi í jarðskjálftanum á fimmtudag, að því gefnu að eigendur hafi verið með brunatryggingu.

„Við erum í startholunum,“ segir Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar. Þeir sem lent hafa í tjóni eiga að tilkynna það til síns tryggingafélags. Eiginháættan í hverju tjóni er fimm prósent, að lágmarki um 85 þúsund krónur.

Tryggingafélögin munu meta tjón á innbúi, en sérfræðingar Viðlagatryggingar munu meta tjón á fasteignum. Fólki er bent á að taka myndir af tjóni, og henda ekki ónýtum munum. „Þegar myndir eru teknar er gott að hafa yfirlitsmynd og nærmyndir, eftir atvikum,“ segir Sigurður Ingi Geirsson, verkfræðingur hjá tjónadeild Sjóvá. Viðlagatrygging bætir ekki tjón vegna vinnustöðvunar, aðeins eignatjón.

Ásgeir segir að Viðlagatrygging hafi bolmagn til að takast á við tjón allt að 38 milljörðum króna. Þó sé ljóst að tjónið vegna skjálftans á fimmtudag komist ekki nærri þeirri upphæð.

Viðlagatrygging greiddi alls 2,6 milljarða króna vegna tjóns sem varð í Suðurlandsskjálftunum 17. og 21. júní 2000. Ásgeir segir að um tíundi hluti af þeirri upphæð hafi verið greidd vegna tjóns á innbúi, en obbinn hafi verið vegna tjóns á húseignum.

Brunatrygging fasteigna er lögboðin, og því ættu allir sem eiga fasteignir sem skemmdust að fá þær bættar. Brunatrygging innbús er ekki lögboðin, en sé hún ekki til staðar fást engar bætur fyrir tjón á innbúi.

Öll tryggingafélögin hafa endurskipulagt starfsemi sína til að takast á við verkefnin á Suðurlandi. Flest þeirra hafa lengt opnunartíma sína, ætla að hafa opið um helgina og hafa jafnvel opnað tímabundnar þjónustutöðvar á svæðinu. Skoðunarmenn hófu margir hverjir störf strax í gær eða byrja að meta tjónið í dag.

Þorsteinn Þorsteinsson, deildarstjóri eignatjóna hjá VÍS, segir yfir 800 tjón þegar skráð hjá VÍS. „Það er ljóst mál að þetta mun taka nokkrar vikur en við erum með flokk matsmanna.“

Hjá TM fengust þær upplýsingar að tjónatilkynningar væru á milli þrjú og fjögur hundruð og færi fjölgandi og hjá Verði voru tjónatilkynningar á annað hundrað. - bj / ovd






**DÓMSMÁLARÁÐHERRA Á FUNDINUM** Sagði mikilvægt að huga að mannlega þættinum í kjölfar jarðskjálfta.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dómsmálaráðherra ánægður með aðgerðir:

# Mikilvægt að taka á mannlegum þáttum

Fjöldi fólks hefur tekið þátt í aðgerðum vegna jarðskjálftanna síðastliðinn fimmtudag og segir Víðir Reynisson, deildarstjóri Almannavarna, að um 400 manns hafi tekið þátt í aðgerðunum. Þar séu taldir lögreglumenn, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og hjálparsveitarfólk en að auki hafi mikill fjöldi sjálfboðaliða tekið þátt í aðgerðum með einum eða öðrum hætti.

Á fundi með fréttamönnum í gær hrósaði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þeim sem komu að aðgerðum.

Hann sagði mikilvægt að taka á mannlegum þáttum, koma til móts við einstaklinga og sýna þeim þá umhyggju sem þarf. Það hefði verið aðalátakið á fimmtudaginn þegar í ljós kom að ekki þurfti að fara í rústabjörgun eða annað sem krafist hefði fyrstu aðgerða. „Þá komu björgunarsveitir, lögreglumenn og slökkviliðsmenn úr Reykjavík, mörg hundruð manns og slógust í hópinn með heimamönnum.“

Á fimmtudagskvöldið og fram á nótt hefði verið bankað upp á hjá öllum á svæðinu. „Þetta er líka einstakt að það hafi verið á svo skömmum tíma virkjaður svo stór hópur manna til að fara í þetta verkefni,“ sagði Björn. Slík viðbrögð væru eitt af því sem áætlanir hefðu tekið til og gengið eftir. „Þetta er einstakt og ég held að menn átti sig ekki á hvað þetta er mikilvægur þáttur í viðbrögðum.“ - ovd

Óvenjuleg sjón í Hveragerði:

# Kálfur fannst á miðnæturrölti

„Það var bara skemmtileg upplyfting eftir allt sem á undan hafði gengið að rekast á kálfinn á kvöldgöngu í bænum,“ segir Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri sem rakst á kálf á ráfi í Heiðmörk í Hveragerði um miðnætti í fyrradag.

„Það hafði víst allt farið í steik hjá bóndanum og skepnur komust út. Þannig að sá litli brá sér úr stíunni og brá sér bara í bæjarferð,“ segir Kristján. Haft var samband við bóndann á Friðarstöðum sem kom og náði í kálf sinn og var vissulega létt að sá ferfætti væri kominn í leitirnar. „En kálfurinn var alveg sérlega spakur.“

„Við sjáum ansi margt undarlegt í þessu starfi,“ segir Aðalsteinn Þór Guðmundsson lögreglumaður sem kom ásamt Kristjáni Erni Kristjánssyni kollega sínum að þeim Kristjáni og kálfi. „Maður er hættur að kippa sér upp við furðulegustu hluti.“ - jse



**HITTU KÁLF Í BÆJARFERÐ** Það er venjulega ekki góðs viti þegar bæjarferð endar með afskiptum laganna varða. Kálfur var þó kátur eftir allt saman. Hér er hann í fangi Aðalsteins.



1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

# Veisla fyrir augu, eyru og bragðlauka...

# Heimboð í Hafnarfjörð
## Afmælishátíð 29. maí - 1. júní

## LAUGARDAGUR 31. MAÍ 2008

**10:00 SKÓGARGANGA Í GRÁHELLUHRAUNI**
Lagt verður af stað frá bílastæðinu við Kaldárselsveg á móti hesthúsunum í Hlíðarþúfum kl. 10.00. Leiðsögumaður verður Jónatan Garðarsson. Að göngu lokinni verður boðið upp á hressingu í höfuðstöðvum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Selinu.

**11:00 OPNUN GÚTTÓ**
Í Gúttó verður sett upp sýningin *FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR* þar sem hlutverki þessa sögufræga húss verða gerð skil. Sýningin er samstarfsverkefni Byggðasafnsins og Listar og sögu ehf.

**11:00 LÍF OG FJÖR Í STRANDGÖTUNNI**
Strandgatan iðar af lífi allan daginn og fjöldi uppákoma setur svip sitt á svæðið. Meðlimir frá Þjóðahátíð líta við klukkan 14:00 og 16:00 en þess á milli verða lifandi skemmtiatriði í göngugötunni. Götulistamenn verða á ferðinni og Fimleikafélagið Björk leiðir skemmtilegt hópatriði í götunni. Bókasafnið og Þjónustuver Hafnarfjarðar hafa opið til klukkan 17:00.

**12:00-18:00 ÞJÓÐAHÁTÍÐ ALÞJÓÐAHÚSSINS Í ÍÞRÓTTAHÚSINU VIÐ STRANDGÖTU**
Alþjóðasamfélagið á Íslandi ljóslifandi. Komið og njótið fjölbreytileikans í samfélaginu okkar! Frábær hátíð þar sem sögurnar, takturinn, bragðið og litadýrð ólíkra menningarheima birtast í fjölþjóðlegum skemmtiatriðum.

**13:00-16:00 BARNADAGSKRÁ Á THORSPLANI**
Snæfríður og Stígur úr Stundinni okkar skemmta börnunum og stjórna fjölbreyttri barnadagskrá á Thorsplani. Meðal dagskrárliða er brúðuleikhús, söngur, dans, glens og gaman. Börn á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og því um að gera að líta við á Thorsplani. Að lokinni dagskrá spilar plötusnúður skemmtileg barnalög.

**14:00 FH- HAUKAR - BARÁTTAN UM FJÖRÐINN !!!**
FH-ingar og Haukar hafa lengi barist um hylli Hafnfirðinga og verið bæjarfélaginu til sóma. Nú er komið að því að valdir leikmenn þessara félaga eigist við í þrautum sem reyna á hug og hönd fyrir framan Fjörðinn í miðbæ Hafnarfjaðrar. Bráðfjörug og spennandi keppni sem gaman verður að fylgjast með.

**14:00 UPPBOÐ Á ANTIKMUNUM Í STRANDGÖTUNNI.**
Glæsilegt antik og listmuna uppboð í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar. Hartnær hundrað munir verða boðnir upp og verður uppboðið haldið innan sem utandyra við ANTIKBÚÐINA, ef veður leyfir.

**14:00 HEILLANDI HEIMAR Í HELLISGERÐI**
Stórskemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna í glæsilegu umhverfi Hellisgerðis. Mikil áhersla verður lögð á lifandi umhverfi með tónlist, umhverfishljóðum og skemmtilegum uppákomum.

**15:00 ÓRAFMÖGNUÐ STEMNING Í KIRKJUM BÆJARINS**
Tæplega tveggja klukkustunda tónleikar með úrvali listamanna. Hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Allir tónleikarnir hefjast á sama tíma og höfða til gesta á öllum aldri.

**VÍÐISTAÐAKIRKJA:**
Ragnheiður Gröndal
Magnús Kjartansson
Lay Low

**HAFNARFJARÐARKIRKJA:**
Védís Hervör og félagar, Ólöf Arnalds,
*Rotturnar*: Margrét Eir, Regína Ósk & Heiða
Ellen Kristjánsdóttir

**FRÍKIRKJAN:**
Alda Ingibergsdóttir
Frank Aarnick og hörpuleikari
Guido Baumer og Aladar Rácz, miðevrópskur jazz

**16:00 ÍSLENSKA KVIKMYNDIN *STIKKFRÍ* SÝND Í BÆJARBÍÓI**

**17:00 - 23:00 HAFNARFJÖRÐUR ROKKAR Á VÍÐISTAÐATÚNI**
Stórglæsilegir tónleikar fyrir alla fjölskylduna sem fram fara á Víðistaðatúni.
Hinir einu sönnu Simmi & Jói verða kynnar.

Margir af færustu tónlistarmönnum landsins koma fram:
Naflakusk, Vicky Pollard, Bermúda, Veðurguðir, Megas, Eurobandið, Baggalútur, Sammi BigBand, Sprengihöllin, Sálin og Björgvin Halldórsson.

Léttar og ferskar veitingar frá Kokkunum verða til sölu.
Á Víðistaðatúni verða einnig útigrill þar sem tónleikagestir og aðrir geta mætt með góðgæti til að grilla.

*Hlökkum til að sjá þig!*



FABRIKAN | Ljósm: Lárus Karl Ingason

## SUNNUDAGUR 1. JÚNÍ 2008

**Dagskrá sjómannadags og afmælisdags Hafnarfjarðar hefst með formlegum hætti þegar fánar verða dregnir að húni árla morguns. Í framhaldi af því verður blómsveigur lagður að minnisvarða um horfna sjómenn og fram eftir degi er spennandi dagskrá við allra hæfi.**

**11:00 SJÓMANNAMESSA Í VÍÐISTAÐAKIRKJU**
**11:00 GUÐSÞJÓNUSTA Í FRÍKIRKJUNNI Í HAFNARFIRÐI**
**11:00 FJÖLSKYLDUGUÐSÞJÓNUSTA Í HAFNARFJARÐARKIRKJU**
Í tilefni sjómannadagsins verður þema guðsþjónustunnar „sjór og saga."
Mikið verður gert úr söng og hljóðfæraleik og eftir guðsþjónustuna verður útihátíð og grill á kirkjuplaninu. Æskulýðsfélagið verður með leiktæki og trébátar verða á kirkjutjörninni, sem börn fá að sigla.

**11:00 ÓLA RUN TÚN NEÐAN VIÐ LINDARHVAMM**
Verðlaunaafhending vegna hugmyndasamkeppni um Óla Run túnið, veitt eru verðlaun fyrir 1. til 3. sæti auk þess sem skemmtilegasta tillagan fær verðalaun. Hrúturinn Lúlli Geirs verður á svæðinu ásamt nokkrum kindum. Um að gera að taka með sér nesti og njóta útiverunnar á túninu. Hugmyndir sem tóku þátt eru til sýnis í Bókasafni Hafnarfjarðar til klukkan 17:00.

**12:00-18:00 ÁSVALLALAUG**
Gestum og gangandi býðst að skoða húsið og þær framkvæmdir sem eru í gangi

**13:00 HÁTÍÐARFUNDUR BÆJARSTJÓRNAR Í GÚTTÓ**
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar kemur saman og heldur fund í þessu sögufræga húsi.

**14:00 HÁTÍÐARSAMKOMA Í HAFNARBORG**
Útnefning bæjarlistamanns og hvatningarstyrkir veittir og Eyjólfur Eyjólfsson syngur. Samkoman er ætluð boðsgestum.

**HAFNARSVÆÐIÐ – VEGLEG FISKIVEISLA**
**Hafnarsvæði iðar af lífi á Sjómannadaginn og margt og mikið að gerast frameftir degi og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.**

| | |
|---|---|
| 11:30 | Kænumót á vegum Siglingaklúbbsins Þyts. |
| 12:00 | Boðið til glæsilegrar fiskiveislu við höfnina við harmonikkuundirleik. |
| 12:15 | Elding heldur í fyrstu siglingu. |
| 12:30 | Sjóræningjar ganga um svæðið, skemmta börnunum og gefa blöðrur. |
| 12:45 | Fagriklettur heldur í fyrstu siglingu – sjóræningjasigling með öllu tilheyrandi. |
| 13:00 | Lúdó og Stefán leika fyrir dansi á bryggjuballi. Þessir landsþekktu listamenn taka öll sín vinsælustulög í gegnum tíðina í 90 mínútna dagskrá. |
| 13:00 | Félagar úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar sýna dans á bryggju. |
| 13:15 | Elding heldur í aðra siglingu. |
| 13:45 | Fagriklettur – 2. sjóræningjasigling |
| 13:30 | Sýning björgunarsveitar – listflug – heimsókn frá þyrlu. Landhelgisgæslunnar. Gera má ráð fyrir 30-45 mínútna dagskrá. |
| 14:00 | Sjómenn heiðraðir og ávörp. |
| 14:15 | Elding – 3. sigling |
| 14:40 | Bryggjuballið heldur áfram þar sem Lúdó og Stefán leika fyrir dansi. |
| 14:45 | Fagriklettur – 3. sjóræningjasigling |
| 15:00 | Fyrirtækjaáskorun á sjó. Spennandi fjölþraut í glænýjum búningi með Jónsa í Svörtum Fötum. |

**AFMÆLISHÁTÍÐ Á HJÚKRUNAR- OG SJÚKRASTOFNUNUM**

| | |
|---|---|
| 14:00 | Hin árlega kaffisala og handverkssýning verður frá kl. 14-16 að Hrafnistu. |
| 14:30 | Caprí Tríó skemmtir á Hrafnistu. |
| 15:10 | Capri Tríó á Sólvangi og boðið upp á afmælistertu. |
| 15:45 | Caprí Tríó á St. Jósefs og boðið upp á afmælistertu. |

**15:00 ÚTIKAFFIBOÐ**
**Afmælisgestum er boðið í kaffi og afmælistertu í miðbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið á Strandgötunni. Í boði verður glæsileg 100m löng súkkulaðiterta merkt bæjarfélaginu. Með þessu verður boðið upp á Merrild kaffi og ískalda mjólk. Kökuboðið hefst kl. 15:00 og stendur til kl. 16:00 eða svo lengi sem birgðir endast.**

**Glæsileg skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna á Thorsplani á meðan gestir gæða sér á góðgætinu:**
Nemendur frá Lækjarskóla sýna atriði úr Jesus Christ Superstar
Hara systur taka lagið af sinni alkunnu snilld
Jónsi tekur nokkur lög og syngur afmælissönginn
Brúðuleikhús: Pétur og Úlfurinn
Plötusnúður – DJ Daddi Diskó spilar til klukkan 17:00

**16:30 HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Á ÁSVÖLLUM**
**Stórglæsilegir hátíðartónleikar með Kammersveit Hafnarfjarðar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands auk 700 manna afmæliskórs Hafnarfjarðar. Einsöngvarar eru Elín Ósk Óskarsdóttir, Ágúst Ólafsson og Eyjólfur Eyjólfsson. Einleikari er Ármann Helgason. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.**

Íþróttahúsið á Ásvöllum verður fært í hátíðarbúning í tilefni dagsins. Skutlur standa gestum til boða frá Firðinum frá klukkan 16:00 og flytja gesti að Ásvöllum.
Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 1.
Tónleikar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.
AÐGANGUR ÓKEYPIS.

*Hafðu það gott!*

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Í hvaða borg var Íslendingur stunginn með hnífi fyrr í vikunni?*

2 *Hversu öflugur var Suðurlandsskjálftinn síðastliðinn fimmtudag?*

3 *Með hvaða íslenska handboltaliði ætlar Birkir Ívar Guðmundsson að spila næstu þrjú árin?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Landssamband eldri borgara sendir erindi til heilbrigðisráðuneytis:

# Næturvarsla og neyðarhnappar á öllum dvalarheimilum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Næturvarsla og neyðarhnappar verða að vera í íbúðarhúsnæði eldri borgara svo og neyðarhnappar fyrir sjúklinga,“ segir landssamband eldri borgara í erindi sem það hefur sent til heilbrigðisráðuneytisins.

Tilefnið er umfjöllun Fréttablaðsins um að engin næturvarsla né neyðarhnappar séu til staðar á dvalarheimili aldraðra á Djúpavogi. Íbúi þar hafi legið ósjálfbjarga á gólfi næturlangt.



BORGÞÓR S. KÆRNESTED

„Margir hafa hringt til Landssambands eldri borgara og lýst áhyggjum sínum af þessu ástandi og spurt hvað gerst hefði til dæmis við eldsvoða,“ segir Borgþór S. Kærnested framkvæmdastjóri Landsambands eldri borgara.

„Vert er að minna á að víða um land er vel séð um íbúa á dvalarheimilum eldri borgara. Hinu er hins vegar ekki að neita að úr ákveðnum atriðum er brýnt að bætt verði úr sem allra fyrst.

Brunavarnir verða að vera í fullkomnu lagi.

LEB hvetur viðkomandi stjórnvöld að taka strax á þessum vanda, þar sem hann er til staðar, og sjá til þess að eldri borgarar búi við öryggi á þeim heimilum sem rekin eru þeim til handa,“ segir í erindi LEB. - jss

Með höfuðstöðvar í Vatnsmýri:

# Verkfræðistofur sameinast

**VIÐSKIPTI** Samþykkt hefur verið viljayfirlýsing um samruna Verkfræðistofunnar Línuhönnunar auk Verkfræðistofu Suðurlands, RTS Verkfræðistofu og Verkfræðistofunnar Afls.

Starfsmenn hjá hinu nýja fyrirtæki verða um 220 talsins. Meginmarkmiðið sameiningarinnar er að styrkja enn frekar samstarfið við viðskiptavini félaganna. Ákveðið hefur verið að sameinað fyrirtæki byggi höfuðstöðvar sínar á lóð Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Stefnt er að flutningi fyrir árslok 2010 segir í fréttatilkynningu fyrirtækjanna. - bþa

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2700

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

„...fyrst á visir.is“



vísir.is

...ég sá það á vísir.is

## SKÝRSLAN FRÁ ÖSE UM GUANTÁNAMO

Í skýrslu, sem Anne-Marie Lizin, fulltrúi forseta þingmannanefndar ÖSE, sendi frá sér í júlí á síðasta ári eftir að hafa heimsótt búðirnar, segir meðal annars að meðferðin sem fangar Bandaríkjahers í Guantánamobúðunum fá sé í fullu samræmi við bæði þriðju sameiginlegu grein Genfarsáttmálanna og bandarísk lög, „þar á meðal bann við pyntingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð“. Meðferðin „tryggi þeim, í reynd, stöðu sem jafngildir stöðu stríðsfanga“.

Á hinn bóginn eru bandarísk stjórnvöld í skýrslunni einnig sterklega hvött til þess að „gera sitt ýtrasta til að tryggja að fangabúðunum við Guantánamo-flóa, sem áfram valda lýðræðislegu orðspori Bandaríkjanna skaða, verði lokað og að fangarnir verði fluttir þaðan án tafar“.

Þá er í skýrslunni mælt með því að sett verði á stofn alþjóðleg nefnd sérfræðinga sem fái það verkefni að þróa drög að nýjum alþjóðalögum sem taki á málum „nýrrar tegundar af stríðsmönnum“, og er þar átt við þá sem heyja stríð í reynd með hryðjuverkum án þess að tilheyra formlegu herliði neins ríkis.

Í skýrslunni er einnig bent á það að bandarísk stjórnvöld hafi sjálf tekið þann pólinn í hæðina að berjast gegn hryðjuverkamönnum með hernaðarlegum aðferðum, en sú afstaða sé þvert á afstöðu Evrópuríkja og flestra aðildarríkja ÖSE, „sem líta á hryðjuverk sem glæpi og kjósa heldur að taka á þeim sem venjulegum sakamálum“. - gb



**HEILSAST Í TJARNARGÖTUNNI** Geir H. Haarde forsætisráðherra heilsar Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fyrir utan Ráðherrabústaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ GVA

# Segir engin mannréttindi brotin

**Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, snæddi hádegisverð með forsætisráðherra í gær. Hún ræddi málefni kvenna við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í Höfða.**

**UTANRÍKISMÁL** „Ég andmæli því harðlega að mannréttindabrot eigi sér stað í Guantánamo-búðunum, eins og gefið er í skyn í ályktuninni,“ sagði Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um ályktun Alþingis þar sem meðferð fanga Bandaríkjahers í Guantánamo er fordæmd.

Alþingi samþykkti einróma í fyrrinótt ályktun þar sem fordæmd er hin „ólöglega og ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantánamo-flóa á Kúbu“. Í ályktuninni felur Alþingi einnig ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að fangabúðunum verði lokað.

Ingibjörg Sólrún afhenti Rice ályktunina á fundi þeirra í Höfða í gær og þær skiptust síðan á skoðunum um málið.

Á blaðamannafundi strax að loknum fundi ráðherranna sagði Rice að George W. Bush Bandaríkjaforseti hafi ítrekað sagst vilja loka búðunum, en jafnan rekið sig á eitt vandamál: „Hvað á að gera við það hættulega fólk sem er þarna?“

Hún segir að reynt hafi verið að senda fangana aftur til upprunalands þeirra, og það hafi stundum tekist „en í sumum tilvikum hefur það því miður einungis orðið til þess að við höfum hitt þessa sömu menn fyrir aftur á vígvellinum“. Loks mælti hún með því að íslenskir þingmenn kynntu sér skýrslu um Guantánamo-búðirnar, sem þingnefnd á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hefur sent frá sér.

Annars voru málefni kvenna ráðherrunum ofarlega í huga á fundi þeirra í gær. Ekki síst ræddu þær möguleika kvenleiðtoga til þess að hafa áhrif á þróun heimsmálanna, og lögðu þar sérstaklega áherslu á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000 um konur, frið og öryggi, „sem mér finnst að við utanríkisráðherrarnir ættum að taka sérstaklega upp á arma okkar og reyna að koma frekar áfram,“ að því er Ingibjörg Sólrún sagði.

Einnig ræddu þær Ingibjörg og Rice um Afganistan, málefni Mið-Austurlanda og friðarferlið þar, varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, og skiptust stuttlega á skoðunum um hvalveiðar.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri tók á móti Rice þegar hún kom til fundar við Ingibjörgu í Höfða, en að loknum fundi ráðherranna hélt Rice til fundar við Geir Haarde forsætisráðherra í forsætisráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, þar sem þau snæddu saman hádegisverð.

gudsteinn@frettabladid.is

FRÁBÆRT HELGARTILBOÐ

FIMMTUDAG - SUNNUDAGS



SUMARJAKKAR 20 – 40% AFSLÁTTUR

stærðir 68 - 146

Margir litir

POLARN O. PYRET

Kringlunni • sími 568 1822

www.polarnopyret.is

HREIN GÆÐI





**JÓMFRÚARFERÐ** Stoltur svanasteggur fylgir unga sínum áleiðis út í hinn stóra heim í Lincoln Park dýragarðinum í Chicago. NORDICPHOTOS/AFP

Stríðsátök hafa enn gríðarleg áhrif á almenna borgara víða um heim:

# Hálf milljón hrakist á flótta

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Meira en hálf milljón manna hefur flosnað upp frá heimilum sínum vegna stríðsátaka á fyrstu fimm mánuðum þessa árs. Flestir eru þeir í Afríku. Auk þess hafa þúsundir óbreyttra borgara farist í stríðsátökum í Darfúr, Gaza, Írak, Afganistan og víðar.

John Holmes, yfirmaður mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, skýrði Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna frá þessu í vikunni.

Hann sagði að þótt friður sé að festast í sessi á Fílabeinsströndinni, í Nepal og á Austur-Tímor, og þrátt fyrir jákvæða þróun víðar í heiminum, þá eru „milljónir af venjulegu fólki enn fastar í hryllingi stríðs og átaka“.

Öryggisráðið varði einum degi í að ræða um vernd almennra borgara í stríðsátökum. Ráðið hefur samþykkt fjórar ályktanir um þessi mál án þess að lausn sé í sjónmáli.

Holmes var kallaður á fundinn til að greina frá stöðu mála, en fundinum lauk með því að samþykkt var yfirlýsing þar sem ráðið segist ætla áfram að láta sig „áhrif vopnaðra átaka á óbreytta borgara“ miklu varða.

Í yfirlýsingunni eru öll brot á alþjóðalögum fordæmd og sú krafa gerð að „allir viðkomandi láti án tafar af slíkri iðju“. **- gb**



**FLÓTTAFÓLK FRÁ DARFÚR** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna skorar á ríki heims að hætta að brjóta alþjóðalög. NORDICPHOTOS/AFP

Flokksþing Vinstriflokks:

# Lafontaine áfram formaður

**ÞÝSKALAND, AP** Vinstriflokkurinn, yngsti flokkur Þýskalands, lauk fyrsta landsþingi sínu með því að sverja að nýta þann meðbyr sem flokkurinn hefur notið í kosningum til héraðsþinga og sveitarstjórna að undanförnu til að koma sterkur til leiks í kosningum til Sambandsþingsins eftir rúmt ár.

Hinir 550 landsþingsfulltrúar sem komu saman í austurþýsku borginni Cottbus staðfestu Oskar Lafontaine í embætti flokksformanns. Vinstriflokkurinn varð til árið 2005 úr arftakaflokki austurþýska kommúnistaflokksins og hópi vesturþýskra vinstrimanna. **- aa**

Samgöngur í London:

# Hætt við Venesúela-samning

**LONDON, AP Nýi borgarstjórinn í London, Boris Johnson, kveðst ætla að binda enda á umdeildan samning við Venesúela um ódýrt eldsneyti fyrir almenningsvagna borgarinnar.**



**BORIS JOHNSON**

**Samkvæmt samningnum, sem gerður var í borgarstjóratíð vinstrimannsins Ken Livingstone, fékkst afsláttur af eldsneyti á vagnana gegn því að veita ráðgjöf um skipulagsmál í höfuðborg Venesúela, Caracas.**

**Gagnrýnisraddir hafa sagt samninginn leyfa einni ríkustu borg heims að arðræna þróunarland. Samningurinn rennur út í ágúst og verður ekki endurnýjaður.** **- rat**

Fiskar og bátar á þurru í Hvannasundi í Færeyjum:

# Undarleg sjávarflóð

**FÆREYJAR** Um þriggja metra há flóðbylgja gekk á land í Hvannasundi á Viðey í Færeyjum síðdegis á miðvikudag. Skömmu síðar sogaðist sjórinn út og stóðu bátar á þurru og fiskur lá spriklandi í fjörunni, eins og segir í færeyskum fjölmiðlum. Engar skýringar hafa fengist á þessum atburði.



**HVANNASUND Á VIÐEY** Atburðirnir eru óútskýrðir en ljóst að þeir tengjast ekki jarðskjálftunum hér á Íslandi.

„Það kom alda inn í sundið sunnan frá og þeir halda að flóðbylgjan hafi verið fimm til sex mílur á lengd. Menn giska á að mikið grjóthrun hafi orðið á hafsbotni,“ segir Eiður Guðnason, aðalræðismaður Íslands í Færeyjum. Eiður segir að um staðbundið fyrirbæri hafi verið að ræða. „Þetta kom hvergi fram nema á þessum eina stað. Athyglisvert er að þetta gerðist í blíðuveðri.“ Engan sakaði og ekki er vitað um tjón.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segir að þessi óvenjulegi atburður í Færeyjum tengist ekki jarðskjálftum á Íslandi á nokkurn hátt. Mjög líklegt sé að um neðansjávarskriðuföll sé að ræða eins og rætt er um í Færeyjum. **- shá**



**HERJÓLFUR** Eyjamenn leggja þunga áherslu á að ný ferja rúmi 400 farþega og 68 bíla að lágmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Ríkið smíðar nýjan Herjólf

**Ríkisstjórnin hefur slegið tilboð Eyjamanna í smíði og rekstur ferju út af borðinu. Ríkið annast verkið. Eyjamenn segja það eitt skipta máli að siglingar hefjist 2010 og ferjan uppfylli allar þeirra kröfur.**

**SAMGÖNGUMÁL** Ríkisstjórnin hefur að tillögu Kristjáns L. Möller samgönguráðherra ákveðið að falla frá hugmyndum um smíði Vestmannaeyjaferju í einkaframkvæmd. Í stað þess verður smíði ferjunnar boðin út með hefðbundnum hætti og rekstur hennar boðinn út sérstaklega. Eyjamenn leggja þunga áherslu á að skipið sem smíðað verður uppfylli þær kröfur sem þeir höfðu að leiðarljósi í útboði sínu. Það eitt skiptir máli að þeirra mati að siglingar hefjist 1. júlí árið 2010 eins og ráð er fyrir gert.

Gunnlaugur Grettisson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, fagnar því að halda á áfram með samgöngubætur eins og ráð var fyrir gert. „Áfram brýnum við fyrir samgönguyfirvöldum að slá ekkert af með stærð skipsins eða flutningsgetu.“ Talið er að smíði nýrrar ferju taki um tvö ár. Gunnlaugur telur að ferjan geti því farið að ganga á milli lands og Eyja á tilsettum tíma. „En tíminn vinnur vissulega á móti okkur en engu að síður er þetta vel gerlegt.“

Árni Johnsen alþingismaður tekur undir með Gunnlaugi. „Mín skoðun er sú að skynsamlegra hefði verið að semja við Eyjamenn. Það er mikilvægt að allt það rými sem mögulegt er verði nýtt varðandi þetta nýja skip og það verði ekki minna en það skip sem bærinn og Vinnslustöðin ætluðu að láta smíða. Minnumst þess að allir Herjólfar hafa orðið of litlir á fyrsta ári.“ Spurður hvort tilboð Eyjamanna muni ekki hafa verið raunsætt og það eigi eftir að koma í ljós í nýju útboði segir Árni að það megi vel vera. „Aðalatriðið er þó að ákvörðun liggur fyrir.“

> „Áfram brýnum við fyrir samgönguyfirvöldum að slá ekkert af með stærð skipsins eða flutningsgetu.“
>
> **GUNNLAUGUR GRETTISSON**
> FORSETI BÆJARSTJÓRNAR VESTMANNAEYJA

Endurskoðað tilboð Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar var 45 prósentum yfir kostnaðaráætlun en vinnuregla Siglingastofnunar er að taka ekki tilboðum sem fara tíu prósent yfir kostnaðaráætlun. Á þeim forsendum er tilboðinu hafnað nú og að telja má að aðstæður á lánamörkuðum séu óhagfelldar fyrir einkaframkvæmd. Siglingastofnun Íslands verður falið að bjóða út smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju með hefðbundnum hætti í eiginframkvæmd ríkisins. Síðar verði rekstur ferjunnar boðinn út á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár.

Gunnlaugur útilokar ekki að Vestmannaeyjabær bjóði í rekstur ferjunnar þegar þar að kemur en tekur fram að ekkert slíkt hafi verið rætt hingað til.

svavar@frettabladid.is





Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur

Sterkari dalur og lægri olía:

# Hrávöruverð lækkar á ný

**VIÐSKIPTI** Verð á ýmsum hrávörum hefur lækkað í þessari viku eftir mikla hækkun undanfarna mánuði.

Ástæða lækkunarinnar er fyrst og fremst rakin til styrkingar Bandaríkjadals og lækkunar olíuverðs, að því er fram kemur í Morgunkorni Greiningar Glitnis. Olíuverð hefur lækkað úr tæpum 132 dollurum á tunnu í upphafi vikunnar í tæpa 126 dollara um miðjan dag í gær. Verð á gulli lækkaði um rúm fimm prósent, sem er fyrsta vikulækkun í rúmar fjórar vikur. Einnig hefur verð á silfri, áli, tini og kopar lækkað undanfarna viku. **- bþa**

Strandríki Norður-Íshafs undirrita sameiginlega yfirlýsingu á fundi á Grænlandi:

# Segja ekkert kapphlaup í gangi

**GRÆNLAND, AP** Ráðherrar frá ríkjunum fimm sem eiga strendur að Norður-Íshafi undirrituðu á fundi sínum í Ilulissat á Grænlandi sameiginlega yfirlýsingu, sem að sögn Pers Stigs Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, „skapar góðan pólitískan ramma um friðsamlega þróun í N-Íshafi í framtíðinni“.

Møller var ásamt Hans Enoksen, formanni grænlensku landstjórnarinnar, gestgjafi fundarins sem ráðherrar úr ríkisstjórnum Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Noregs, auk gestgjafanna, sóttu. Engum var boðið frá þremur aðildarríkjum Norðurskautsráðsins – Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi.

Með hinni sameiginlegu yfirlýsingu staðfestu Norður-Íshafsstrandríkin skuldbindingu sína til að leysa allan ágreining um lögsögumörk og yfirráð yfir auðlindum sem finnast kunna á svæðinu samkvæmt leikreglum alþjóðasáttmála.

„Ríkin fimm hafa nú lýst yfir að þau munu fylgja reglunum,“ sagði Møller. „Við höfum vonandi kæft allar sögusagnir um meint kapphlaup um Norðurpólinn í eitt skipti fyrir öll.“ **- aa**



**SAMLYNDI** Ráðherrarnir í útsýnissiglingu á hafísfylltum firðinum við Ilulissat. NORDICPHOTOS/AFP



**ÞURFA SEX** Skólastjóri segir þörf á bát fyrir sex til átta nemendur í einu.

Tækniskólinn skoðar sómabát:

# Vill kaupa skip

**MENNTUN Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, hefur áhuga á að festa kaup á litlum plastbát fyrir skipstjórnarnámið sem fram fer í skólanum sem tekur til starfa í sumar, kannski sómabát fyrir 10-20 milljónir króna.**

**Baldur Gíslason, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, segir að sómabátur dugi vel enda verði um tækjakennslu að ræða og aðeins farið út með sex til átta nemendur í einu. „Við þurfum bát sem hefur nauðsynleg siglingatæki um borð þannig að menn fái æfingu um borð á siglingu,“ segir Baldur. - ghs**

kammakarlo copenhagen



Kammakarlo – verslun fyrir börn á aldrinum 0-10 ára
Föt, skór og fylgihlutir frá Kammakarlo, Fuzzies, Cocomma/Bisgaard, Joha og Karla
20% kynningarafsláttur af öllum vörum!
Kíkið á okkur í Bæjarlindina!
Kammakarlo Copenhagen
Bæjarlind 12 Kópavogi
s.554-5410
www.kammakarlo.is

WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar



Vandaðar vélar og öflugir mótorar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070




ENNEMM / SIA / NM33361



**SKÓLINN BÚINN** Úkraínskur unglingur fagnar því að sumarleyfið er hafið með því að kæla sig í gosbrunni í Kænugarði. NORDICPHOTOS/AFP

DNA-kammersveitin vann til verðlauna í alþjóðlegri tónlistarkeppni í Póllandi:

# Íslensk ungmenni í konungshöll

**MENNING** Íslenska kammersveitin DNA nýtur þess heiðurs að spila á tónleikum í konungshöllinni í Varsjá í dag því hún vann til verðlauna í alþjóðlegri tónlistarkeppni í Póllandi nú í vikunni. Einungis bestu hljóðfæraleikarar keppninnar koma fram í höllinni og þar mun DNA leika nýja útsetningu Atla Heimis Sveinssonar á Sofðu unga ástin mín.

Nafnið DNA hefur ekkert með erfðaefni að gera heldur er það sótt í upphafsstafi þeirra sem sveitina skipa, Daníels Hannesar Pálssonar, fjórtán ára, sem leikur á píanó, Nínu Leu Jónsdóttur, þrettán ára, sem leikur á fiðlu, og sellóleikarans Antons Björns Sigmarssonar sem er á þrettánda ári. Öll hafa þau lært við Suzukiskólann frá því í bernsku, Daníel og Nína frá þriggja ára aldri og Anton frá fimm ára. DNA-sveitina stofnuðu þau fyrir fjórum árum og hafa spilað í henni undir leiðsögn tónlistarkennarans Evu Tosik sem er pólsk.



**DNA-KAMMERSVEITIN** Sveitina skipa þau Nína Lea Jónsdóttir, Anton Björn Sigmarsson og Daníel Hannes Pálsson. Kennari þeirra er hin pólska Eva Tosik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í gær voru ungmennin í heimsókn á fæðingarstað pólska tónskáldsins Chopin með tilheyrandi fræðslu. **- gun**

Jafnréttisfræðsla í skólum:

# Fræðast um jafnréttismál

**MENNTUN** Samstarfssamningur um þróunarverkefnið Jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum var undirritaður á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði fyrir skemmstu. Tilgangur verkefnisins er að foreldrar, kennarar og ráðgjafar, sem eiga að ráðleggja ungmennum varðandi menntun og störf, séu færir um að aðstoða ungt fólk við að öðlast framtíð undir merkjum jafnréttis.

Aðilar að verkefninu eru Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær og Akureyrarbær. **- kg**

Sjómannadagsblað í 14. sinn:

# Fjölbreytt efni um líf sjómanna

**FÓLK** Fjórtandi árgangur Sjómannadagsblaðs Austurlands er kominn út og er blaðið tæpar 90 síður að stærð, prýtt vel á annað hundrað ljósmynda.



Meðal efnis í blaðinu er ítarleg frásögn frá því er Hafrún NK fórst í aftakaveðri á miðjum Norðfirði. Um borð voru tveir menn; annar fórst en hinn náði með þrautseigju að bjarga sér með því að hanga á bauju.

Guðni Ágústsson alþingismaður segir frá kynnum sínum af Austfirðingum og Kristinn V. Jóhannsson rifjar upp þegar norðfirskir sjómenn tóku þátt í átökum við Breta í fyrsta þorskastríðinu fyrir hálfri öld.

Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur ritar ítarlega grein um áhrif hlýnunar sjávar á nytjastofna við Ísland. Ritstjóri sjómannablaðsins er Kristján J. Kristjánsson frá Norðfirði. **- shá**

**KÓPAVOGUR**

### Margra ára bið lokið

Félagsmálaráðuneytið hefur sent fjármálaráðuneytinu bréf og óskað eftir heimild til að bjóða út byggingu hjúkrunarheimilis við Boðaþing í Kópavogi. Bæjarráð Kópavogs segist fagna þessu bréfi sem beðið hafi verið eftir í mörg ár.

**LEIÐRÉTT**

Í viðtali við bandaríska lögfræðinginn og mannréttindafrömuðinn William (Bill) J. Butler, sem birtist í blaðinu í gær, var rangt farið með eftirnafn hans. Hann var sagður heita Burton, og leiðréttist það hér með.

# Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins verði tryggð

**Hafnarstjórnir skilgreindra neyðarhafna vilja að tryggt sé í lögum að ríkið beri allan kostnað vegna móttöku skipa. Tillögur Siglingastofnunar gera ráð fyrir því að Umhverfisstofnun ábyrgist greiðslu og ríkissjóður kaupi og reki búnað.**

**ÖRYGGISMÁL** Hafnarstjórnir skilgreindra neyðarhafna telja eðlilegt að stóru hafnirnar á landinu takist á hendur þá ábyrgð að þjóna sem neyðarhöfn. Sá fyrirvari er þó settur að enginn vafi leiki á því að ríkið beri allan kostnað vegna aðgerða vegna skipa í neyð. Í tillögum starfshóps Siglingastofnunar um neyðarhafnir er mælt með að Umhverfisstofnun ábyrgist greiðslu slíks kostnaðar. Hafnaryfirvöld telja mikilvægt að hafa aðkomu að ákvörðunartöku um hvort skip í neyð verði fært til þeirra hafna sem skilgreindar hafa verið.

Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðahafna, segir að ef tillögur Siglingastofnunar um neyðarhafnir verði að veruleika þá verði það að vera tryggt að ríkið beri allan kostnað sem fylgir kaupum á búnaði og vegna móttöku skipa í neyð. „Það hefur viljað brenna við að menn lendi í þrasi um fjárhagslega ábyrgð og þetta er það sem við viljum að sé alveg á hreinu. Að ljóst sé að hafnirnar séu ekki að taka á sig kostnað sem er annarra að bera og er ríkisins í þessu tilfelli.“

Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, tekur undir þetta sjónarmið. „Við viljum að það sé tryggt að höfnunum sé tryggt skaðleysi af því að taka við og afgreiða skip í neyð.“ Már segir að mjög erfitt sé í alþjóðlegu lagaumhverfi að sækja bætur til tryggingafélaga. „Þeir hafa her lögfræðinga í kringum sig og eru snillingar í að koma sér undan því að greiða bætur og því verður ríkið að taka þessar skuldbindingar á sig gagnvart öðrum í alþjóðasamfélaginu.“

Þekkt er að skipum hafi verið vísað frá ströndum Evrópuríkja þegar hætta er á mengunarslysi. Eftir því sem næst verður komist væru hvergi hafa komið til tals hérlendis að hafna því að viðkomandi höfn tækist þá ábyrgð á hendur að þjóna sem neyðarhöfn.

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, segir að ef slys verður eða vá ber að höndum þá geti enginn skorast undan því að veita sína hjálp. „Það hljóta allir að leggja sitt að mörkum þar sem staðarkostir eru bestir. Það er óhugsandi að fara í vörn fyrir sjálfan sig en það var rætt að ákveðin hætta fylgir því að takast á við þetta hlutverk.“

Stjórn Hafnarsambands Íslands mun fjalla um greinargerð og tillögur starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdrep í byrjun júní.

**svavar@frettabladid.is**



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Ein af sex skilgreindum neyðarhöfnum. Engin önnur höfn getur veitt nauðstöðdu skipi fyrir Suðurlandi viðtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

**NEYÐARHAFNIR OG SKIPAAFDREP**

**Neyðarhafnir verði:** Helguvíkurhöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn.

**Skipaafdrep verði:** Í Hvalfirði, í Dýrafirði, í Ísafjarðardjúpi, í Eyjafirði, Reyðarfirði og við Vestmannaeyjar.



**10-11 Í AUSTURSTRÆTI** Öryggisverðinum var vart hugað líf dagana eftir árásina. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Sló öryggisvörð með flösku:

# Ákærður fyrir árás við 10-11

**DÓMSMÁL Tuttugu og þriggja ára karlmaður hefur játað fyrir dómi að hafa slegið öryggisvörð í höfuðið með glerflösku fyrir utan 10-11 í Austurstræti í apríl. Ákæra fyrir stórfellda líkamsárás var þingfest í héraðsdómi.**

**Öryggisvörðurinn hlaut lífshættulega áverka af árásinni og lá á gjörgæsludeild dögum saman. Hann höfuðkúpubrotnaði við höggið auk þess sem stór slagæð í heilahimnu fór í sundur sem olli því að það blæddi lífshættulega inn á heila hans. Nokkuð hefur verið um ryskingar manna við öryggisverði í verslunínni upp á síðkastið.** **- sh**

Slys í álveri Alcoa-Fjarðaáls:

# Rifbeinsbrot og samfallið lunga

**REYÐARFJÖRÐUR** Starfsmaður í álveri Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði brotnaði á þremur rifjum auk þess sem lunga mannsins féll saman í vinnuslysi í álverinu skömmu fyrir miðnætti á föstudagskvöldið.

Starfsmaðurinn var að vinna við deglulok uppi á vagni sem tengdur var lyftara. Svo virðist sem vagninn hafi verið hreyfður til með þeim afleiðingum að lokið slóst í manninn sem féll við. Var hann fluttur til aðhlynningar á fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupsstað. Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Eskifirði. **- ovd**






Tengslanet kvenna haldið í fjórða sinn á Bifröst:

# Yfir 400 konur ræddu réttlæti

**SAMFÉLAGSMÁL** Á fimmta hundrað kvenna komu saman á Bifröst á fimmtudag og í gær á ráðstefnunni Tengslanet IV - völd til kvenna. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Konur og réttlæti“ og flutt voru erindi meðal annars um kvenorkuna í atvinnulífinu, réttþugsun, nýjar leikreglur í þágu réttlætis og lífsbaráttu fjölskyldnanna.

Judith Resnik, prófessor við Yale Law School í Bandaríkjunum, var aðalfyrirlesari Tengslanetsins. Hún hefur sem fræðimaður stefnt að því að hafa áhrif á hugmyndir um réttarríkið og réttarframkvæmdina. Resnik sagði að margt hefði breyst og miklu hefði verið áorkað varðandi jafnrétti kynjanna, konur ættu nú miklu stærri hlut í réttarkerfinu en áður. Konur hefðu náð frábærum árangri og væru nú á öllum sviðum dómskerfisins, þær væru dómarar, saksóknarar, verjendur og vitni. Ræða þyrfti hvaða lausnir gæfu mestan árangur fyrir konur.

Resnik telur að opnir dómstólar skipti miklu máli fyrir þróunina. Miklu skipti hvernig kerfið virki fyrir konur og karla á hverju svæði fyrir sig með réttlæti í huga. „Konan getur ekki breytt kerfinu ein því að það er bæði ósanngjarnt og óhagsýnt og of mikil byrði fyrir nokkra konu að bera ábyrgð á ein. Konur verða að vinna í hópum að því að bæta ástandið.“ **- ghs**



**TENGSLANET Á BIFRÖST** Á fimmta hundrað konur komu saman á Bifröst í gær og á fimmtudag á ráðstefnunni Tengslanet IV. naráðstefna.

Sænskur ráðherra um Ísland:

# Engin merki um fjárþurrð

**VIÐSKIPTI** Engin merki eru um að íslensku bankarnir glími við lausafjárþurrð eftir gjaldeyrisskiptasamninga Seðlabankans við þrjá norræna seðlabanka. Þetta sagði Mats Odell, ráðherra fjármálamarkaða í Svíþjóð, á fjármálaráðstefnu þar í gær.

Gjaldeyrisskiptasamningurinn gerir Seðlabanka Íslands kleift að sækja sér 1,5 milljarða evra að láni til styrktar gjaldeyrisforða landsins ef þurfa þykir. Odell segir samninginn nægja til að efla traust og trúverðugleika banka hér og muni þeir standa af sér lausafjárkreppuna sem yfir stendur. - jab

Hollendingar fagna nýjum Icesave-reikningum Landsbanka Íslands:

# Fyrsta skrefið í aukinni útrás

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hóf á fimmtudag að bjóða Hollendingum upp á Icesave-innlánsreikninga. Landsbankinn stefnir að því að bjóða Icesave í fjórum til fimm evrulöndum fyrir lok árs. Innkoman á hollenska markaðinn er fyrsta skrefið í þá átt.

Sigurjón segist mjög ánægður með fyrstu viðbrögð Hollendinga. Strax á fyrsta degi voru viðskiptavinir orðnir 3.800 talsins.

Frá stofnun Icesave í Bretlandi í október 2006 hefur starfsemin farið fram úr björtustu vonum og segir Sigurjón að fjöldi viðskiptavina hafi náð 100 þúsund fyrsta árið. Nú séu viðskiptavinirnir hins vegar orðnir nálægt 240 þúsundum.



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON** Bankastjóri Landsbankans fagnar góðum viðtökum Hollendinga við Icesave-reikningum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Sigurjóns er ástæðan fyrir því að Icesave hefur náð svona góðum árangri er að bankinn geti boðið upp á góða innlánsvexti þar sem rekstrarkostnaður við að bjóða innlánsreikninga á netinu sé miklu minni en margra annarra í Bretlandi. Heildarinnlán bankans í útlöndum nema um 1.600 milljörðum króna, en þar af eru 600 til 700 milljarðar króna í Icesave-reikningum.

Erlend innlán vega hlutfallslega þungt hjá Landsbankanum miðað við hina íslensku bankana. 58 prósent af starfsemi bankans fara fram erlendis en innlánshlutfall bankans í útlöndum nemur að 75 prósentum þaðan. - as


Þægindi um land allt

Verið velkomin í **Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9** alla daga. Við sýnum ykkur fellihýsin, hjólhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008 ásamt ferðavöru.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum uppáhaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur **- en útsýnið er aldrei eins.**




**Ríkulegur staðalbúnaður Rockwood**

- Galvaníseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13"-15" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Fjöðrun f. ísl. aðstæður · Evrópskar þrýstibremsur · Sérstyrkt f. hálendisvegi · CD spilari/útvarp · Upphitaðar lúxusdýnur (12 cm)

Rockwood fellihýsi

Verð frá 1.398.000 kr.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar

Allt til ferðalagsins

Útilegumaðurinn

Fosshálsi 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is



AGA GASOL HEIM

800 5555

Alla daga frá 10 til 22




Linde Gas AGA


OPIÐ KL.
11-18
Í DAG



ENNEMM / SIA / NM33992

# SUMARGLEÐI

## Í SMÁRALIND

Í Smáralind er sólskin í allt sumar. Þar er hitinn alltaf um 23 gráður, opið lengur og yfir 90 verslanir og fyrirtæki til þjónustu reiðubúin fyrir þig.

**Komdu við og gerðu þér glaðan dag um helgina!**

UPPÁHALD KRAKKANNA Á MEÐAN FORELDRARNIR VERSLA

VERÖLDIN OKKAR

## HJÓLANDI GLEÐI

**Ráðgjöf um val á BELL hjálmum frá kl. 13 - 17 í dag!**

Frábær tilboð á hjólum og hjólavörum í Hagkaupum Smáralind um helgina!

**20%** afsláttur af Bell hjálmum og hjólahlutum af Cross og Raleigh hjólum

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



## LÍNUSKAUTA KENNSLA

**Í dag fyrir 5-12 ára krakka milli kl. 14-16 fyrir framan Útilíf**

Kennarar:
Gauti Þormóðsson, landsliðmaður í íshokkí
Tómas Tjörvi Ómarsson, unglingalandsliðsmaður í íshokkí

Að lokinni kennslu verður tímataka í brautinni og þrír bestu tímarnir í flokkunum 5-6 ára, 7-8 ára, 9-10 ára og 11-12 ára fá glæsileg verðlaun.

**1. sæti: Rollerblade línuskautar**
**2. sæti: Hjálmur**
**3. sæti: Línuskautahlífar**

Allir krakkar sem taka þátt fá Útilífshöfuðklúta.

ÚTILÍF



Myndir verða teknar og birtar á netinu með úrslitunum.
**www.smaralind.is**

## HOPPU KASTALAR

Frítt í hoppukastala í Vetrargarðinum fyrir hressa og káta krakka!

**Laugardag kl. 12-18**
**Sunnudag kl. 13-18**



Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000





TÓNLISTARVIÐBURÐUR

Píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson heldur tónleika
í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð, þriðjudagskvöldið 3. júní.

Víkingur Heiðar vann frækinn sigur í einleikarakeppni Juilliard-tónlistarskólans í New York fyrr á þessu ári og hefur vakið mikla aðdáun í tónlistarheiminum á síðustu misserum. Á efnisskránni eru verk eftir Beethoven, Brahms, Chopin og Ólaf Axelsson. *Tónleikarnir eru til minningar um Birgi Einarsson.*

Tónleikarnir hefjast kl. 20.
Miðaverð: 2.000 kr. / 1.500 kr.
Forsala í Landsbankanum Fjarðabyggð og Egilsstöðum.
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

*Kirkju- og menningarmiðstöðin Fjarðabyggð*

Alcoa Fjarðaál ALCOA er styrktaraðili Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar





NÝTT - SÍMENNT HR
DIPLÓMANÁM Í ALÞJÓÐAVIÐSKIPTUM

Símennt Háskólans í Reykjavík býður í fyrsta sinn diplómanám í alþjóðaviðskiptum samhliða vinnu á haustönn 2008.

Diplómanámið í alþjóðaviðskiptum kynnir fræðilegar og hagnýtar aðferðir sem notaðar eru í alþjóðaviðskiptum. Námið hentar þeim sem vilja dýpka sína þekkingu á alþjóðaviðskiptum og vilja stunda nám samhliða vinnu.

Markmið námsins er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu í alþjóðaviðskiptum og geti nýtt sér námið í starfi og lífi á markvissan og árangursríkan hátt.

Skráning er hafin fyrir haustið 2008 á www.simennthr.is.

Námið hefst 15. september nk. og því lýkur um miðjan júní 2009. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Nánari upplýsingar veitir:
Tinna Ösp Ragnarsdóttir
Sími: 599 6386
tinnao@ru.is
www.simennthr.is

Skráðu þig núna
Kynntu þér námið á www.simennthr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.747 **-0,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 300
**Velta:** 3.439 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | 2,86% | **BAKKAVÖR** | -2,83% |
| **365** | 1,59% | **GLITNIR** | -1,43% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 1,46% | **STRAUMUR-BURÐARÁS** | -1,23% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,92 -0,86% ... Bakkavör 32,65 -2,83% ... Eimskipafélagið 20,80 +1,46% ... Exista 10,11 -0,10% ... Glitnir 17,30 -1,43% ... Icelandair Group 20,60 +0,24% ... Kaupþing 772,00 -1,15% ... Landsbankinn 25,20 -1,18% ... Marel 95,20 +0,11% ... SPRON 4,65 +0,87% ... Straumur-Burðarás 11,26 -1,23% ... Teymi 3,29 -0,60% ... Össur 98,70 +0,61%



# Bankarnir borga ekki í láni ríkisins

**Bankarnir vilja ekki taka þátt í kostnaði við erlendar lántökur ríkissjóðs. Ríkið hefur ekki beðið þá um það. Bankarnir verði að bjóðast til þess. Viðskiptaráðherra segir ráðast af kostnaði við lántöku hvort bankarnir taki þátt í honum.**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Árni M. Mathiesen mælti fyrir frumvarpi um heimild til lántöku ríkissjóðs. Hann segir engar áætlanir um aðkomu bankanna að kostnaði við lán ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Um þetta eru engar fyrirætlanir,“ segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra um hvort bankarnir taki þátt í kostnaði við lán ríkissjóðs til að styrkja gjaldeyrisforðann. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir málið verða skoðað þegar lántakan liggur fyrir.

Alþingi samþykkti í fyrrakvöld frumvarp fjármálaráðherra um heimild til allt að 500 milljarða lántöku á þessu ári. Fram kemur í athugasemdum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að miðað við markaðsaðstæður verði vaxtagjöld hærri en tekjurnar. Ríkið muni með öðrum orðum bera kostnað af láninu. Fjárlagaskrifstofan metur það svo að yrði lánsheimildin fullnýtt, myndi afkoma ríkisskjóðs versna um hálfan milljarð króna á ári, fyrir hverja tíu punkta í vaxtamun.

Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, segir eðlilegt að bankarnir taki einhvern þátt í kostnaðinum. „Þetta tengist hagsmunum bankanna að verulegu leyti og þeir hafa kallað eftir þessu.“

„Við förum yfir sjónarmið Friðriks Más og förum yfir málið þegar rétti tíminn kemur,“ segir viðskiptaráðherra.

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segir að hvorki formlega né óformlega hafi komið til tals í samskiptum ríkisins og bankanna að þeir taki þátt í kostnaði við lántökuna. Heimildir Markaðarins innan fjármálaráðuneytisins eru á sömu lund. Þar segjast menn ekki sjá augljós rök fyrir því að einhver tiltekinn aðili greiði fyrir lántökuna.

Tveir viðmælendur Markaðarins orða það svo að bankarnir taki ekki þátt í kostnaði við lántökuna nema þeir bjóðist til þess sjálfir. Þá segja menn að erfitt yrði að grafa upp hversu mikið bankarnir ættu að borga.

Bankamenn vilja ekkert láta hafa eftir sér um málið. Hins vegar herma heimildir Markaðarins að þeir telji ekki ástæðu til þess að taka þátt í lántökukostnaðinum. Meðal annars er vísað til þess að enn sé alls óvíst hvort ríkið beri nokkurn kostnað af lántökunni, það kynni jafnvel að hagnast á henni. **ingimar@markadurinn.is**

# Nýsir selur Konditori

**Breyttar áherslur á starfseminni, segir forstjórinn.**

„Við erum að endurskipuleggja fyrirtækið og ætlum að einblína á kjarnastarfsemi sem snýr að rekstri og umsjón fasteigna. Veitingahúsarekstur var ekki hluti af kjarnastarfsemi,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri fasteigna- og fjárfestingarfélagsins Nýsis.



**HÖSKULDUR ÁSGEIRSSON**

Félagið seldi í byrjun mánaðar rekstrarfélagið Artes en það rekur kaffihús Café Konditori. Kaupverð er ekki gefið upp.

Höskuldur segir líklegt að félagið selji frá sér fleiri félög sem ekki samræmast breyttum áherslum á næstunni.

Óskar Óskarsson, annar tveggja kaupenda Artes, ásamt Arnari Snæ Rafnssyni, einum af bakarameisturum kaffihússins, segir þá hafa lengi skoðað kaup á kaffihúsi áður en þeim bauðst að kaupa Café Konditori.

Artes rekur tvö kaffihús í Reykjavík undir merkjum Café Konditori. Annað er á Suðurlandsbraut en hitt í Kringlunni. Því verður lokað nú um mánaðamótin og verður áherslan lögð á kaffihúsið á Suðurlandsbraut, að sögn Óskars. **- jab**

# Kvótinn hefur skipt um hendur

Í könnun Landssambands íslenskra útvegsmanna kemur fram að 87,5 prósent aflaheimilda hafa skipt um hendur frá því að kvótakerfinu var komið á árið 1984. Einungis 12,5 prósent eru því enn í upprunalegri eigu. Sameining fyrirtækja eða erfðir hafa ekki áhrif í þessu tilliti. Könnunin nær til fisktegunda sem kvótasettar voru árið 1984, og hafa verið það óslitið síðan, en þær eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, grálúða, síld og loðna. **-bþa**

# Viðarvörn nr. 1 á Íslandi

Tryggðu viðnum b … r allra veðra von.
bestu fáanlegu vö … n.Tryggðu viðnum
vörn. Á Íslandi er … um bestu fáanlegu
allra veðra von. Tr … Íslandi er allra
Tryggðu viðnum b … er allra veðra von.
bestu fáanlegu vö … n.Tryggðu viðnum
vörn. Á Íslandi er … um bestu fáanlegu




# Notaðu sumarið til að verja viðinn!

## Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

málning
*- það segir sig sjálft -*

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO BYKO BYKO BYKO

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mannréttindi og markaðslögmál:

## Í nefnd

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sjávarútvegur lýtur sömu lögmálum og aðrar atvinnugreinar. Hann verður að skila arði og standast samkeppni á mörkuðum, í tækni og um laun. Margar þjóðir hafa á hinn bóginn leyft sér að reka sjávarútveg á félagslegum grundvelli fyrir þá sök að skattborgararnir hafa verið fúsir til meðgjafar.

Sú staða er ekki á Íslandi. Þó að stoðir þjóðarbúskaparins séu fjölbreyttari nú en áður eru lífskjör fólksins í landinu enn háð arðsemi í sjávarútvegi. Meirihluti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna taldi í áliti frá því í október á liðnu ári að brotið hefði verið á tveimur einstaklingum þegar markaðslögmál voru innleidd í fiskveiðistjórnunina.

Ýmsir túlka álitið á þann veg að með því hafi Íslandi verið gert að hverfa frá markaðsbúskap í sjávarútvegi. Engri annarri aðildarþjóð Sameinuðu þjóðanna hafa verið sett slík skilyrði. Öllum öðrum aðildarþjóðum er heimilt að reka höfuðatvinnugreinar sínar á grundvelli markaðslögmála. Það er hvergi talið brot á mannréttindum. Hömlur af því tagi hafa heldur ekki verið lagðar á aðrar fiskveiðiþjóðir. Hvers vegna ættu þær einungis að gilda um Ísland?

Fiskveiðistjórnunin hefur vissulega verið umdeild. Hún hefur leitt til mikillar hagræðingar og aukinnar arðsemi. Öllum má vera ljóst að fráhvarf frá markaðslausnum við stjórn fiskveiða þýðir minni arðsemi og þar af leiðandi lakari lífskjör. Ísland hefur ekki undirgengist neinar skuldbindingar sem knýja stjórnvöld til slíkra ráðstafana. Það er vissulega hægt að veiða jafn marga fiska á mun fleiri fiskiskipum eftir pólitískum réttlætismælikvörðum. Það kostar einfaldlega meira. Hver á að borga brúsann?

Í þessu ljósi vekur það upp spurningar þegar sjávarútvegsráðherra boðar skipun nefndar til að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið í þeim tilgangi að svara áliti mannréttindanefndarinnar. Henni verður vitaskuld að svara. En íslensk stjórnvöld verða með skýrum hætti þegar í upphafi að standa fast á þeim grundvallarrétti að mega stýra höfuðatvinnugreininni á grundvelli markaðslögmála eins og aðrar þjóðir.

Mikilvægi þess að það sé gert má ráða af þeim hugmyndum sem fram hafa komið á Alþingi um að Íslandi sé skylt að hverfa frá markaðsbúskap í atvinnugreininni. Enginn stjórnmálaflokkur hefur sett fram skýrar heildstæðar og útfærðar tillögur um annan kost við fiskveiðistjórnun. Fyrr í þessari viku kynnti Vinstri hreyfingin grænt framboð hins vegar hugmyndir sem boða fráhvarf frá markaðsreglum við fiskveiðistjórnun.

Hugmyndir flokksins ganga út á að svipta allar útgerðir og alla smábátasjómenn öllum veiðirétti á tilteknum tíma. Krafan er að fyrstu sviptingar veiðiréttar verði gerðar þegar á komandi hausti. Í þessu efni er stefnumörkunin skýr. Hitt er óljósara hvað á að koma í staðinn. Þó má ráða að stefnt er að félagslegri stjórnun með víðtækri ríkismiðstýringu.

Ekkert er við því að segja að kerfi af þessu tagi sé innleitt ef fyrir því er vilji meirihlutans á Alþingi. En slík lífskjarafórn er ekki kvöð samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Í því sambandi má ekki gleymast að mannréttindi eru líka fólgin í því að atvinnugreinar njóti jafnrar samkeppnisstöðu á markaði til að bjóða samkeppnishæf laun. Engin efni standa til að gefa þau mannréttindi eftir. Þá grundvallarspurningu ætti að vera óþarft að setja í nefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871





Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com**

COME 2 SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rólegheita-ríkisstjórn

„Sá kann margt sem bíða kann,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í viðtali á Stöð tvö á eins árs afmælisdegi ríkisstjórnarinnar. Hafði hún þá verið spurð um aðgerðaleysi sem stjórnin er oft sökuð um þessa dagana. Nú eru rétt rúmar tvær vikur eftir af frestinum sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gaf stjórnvöldum til að bregðast við áliti þess um að kvótakerfið bryti í bága við sáttmála SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði hins vegar á Alþingi í gær að ekkert yrði aðhafst. Það er greinilega rólegheitalíf að vera í stjórn með svona sterkan meirihluta.

### Föngunum sleppt

Í jarðskjálftunum á fimmtudaginn voru byggingar á Suðurlandi rýmdar enda ekki þorandi að taka neina áhættu ef aðrir jafnstórir eða stærri skjálftar myndu fylgja í kjölfar þeirra fyrstu. Meðal bygginga sem rýmdar voru var fangelsið á Litla-Hrauni þar sem föngum var hleypt út, þó bara út í garðinn við fangelsið enda þar farið að þeim tilmælum sem út höfðu verið látin ganga að fólk ætti að halda sig utandyra.



### Í strangri gæslu

Vefmiðillinn Vísir greindi svo frá því að fangar í einangrunarvist og gæsluvarðhaldi hefðu verið ósáttir við að vera ekki fluttir undir bert loft og kvörtuðu þeir undan mismunun af hálfu stjórnenda fangelsisins. Einn hinna ósáttu fanga hafði samband við vefmiðilinn til að segja frá óánægju fanganna með hina meintu mismunun. Það sem vekur hins vegar athygli er að fanginn sagði fanga í einangrunarvist og gæsluvarðhaldi enn vera í fangelsinu og sagðist hann vera þeirra á meðal. Það er gott að vita til þess að föngum í einangrun sé ekki mismunað þannig að þeir fái ekki afnot af síma.

jse@frettabladid.is

olav@frettabladid.is

# Eitt prósent maðurinn



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Borgarmál

Á dögunum fagnaði embætti borgarstjórans í Reykjavík hundrað ára afmæli. Ráðhúsið fylltist af fyrrverandi borgarstjórum (sem allt í einu eru orðnir svo margir á meðal vor að þeir gætu fyllt heila borgarstjórn) og vinum þeirra. Þau heilsuðu upp á Ólaf F. Magnússon sem brosti sínu breiðasta þrátt fyrir að ganga inn í veislusalinn með ólánsfréttir í eyra.

Það hittist svo illa á að einmitt á 100 ára afmælinu hafði borgarstjóraembættið orðið fyrir mestu niðurlægingu í sinni merku sögu. Afmælisgjöf Ólafs F. Magnússonar til embættis síns var met í fylgisleysi. Skoðanakönnun sýndi 1,8% fylgi við flokk borgarstjóra. Fyrra metið átti Markús Örn Antonsson sem fór með fylgi Sjálfstæðisflokksins niður í 30% og þótti þá tilefni til afsagnar. Því er ólíklegt að met Ólafs verði slegið í náinni framtíð.

Ekki er þó allt sem sýnist. Samkvæmt könnuninni voru það „Frjálslyndir og óháðir“ sem fengu hið magnaða 1,8% fylgi. Samkvæmt borgarstjóra situr hann hins vegar í umboði „F-listans“. Ekki var mælt fylgi við þann lista í umræddri könnun. Eða kannski mældist það ekki? Því væri nokkuð langsótt að eigna Ólafi öll þessi tæpu tvö prósent. Við skulum hins vegar vera sanngjörn og gefa honum rúman helming fylgisins sem merkt var Frjálsyndum og óháðum. Þá getum við sagt að eitt prósent borgarbúa styðji borgarstjórann sinn, myndi kjósa hann ef gengið yrði til kosninga.

Nú kemur gamli góði frasinn: Einhvers staðar hefðu þetta talist tíðindi. Einhvers staðar í hinum vestræna heimi hefði þetta orðið tilefni til pólitískrar krísu. En ekki hér. Hér heldur borgarstjóri upp á hundrað ára afmæli embættis síns með eitt prósent fylgi í vasanum eins og ekkert sé og heldur svo áfram að tala um að verkin muni tala.

Nú má enn segja að skoðanakannanir séu ekki allt og örlög manna ráðist í kosningum. Þó hlýtur það að kallast nokkur bíræfni af borgarstjóra og samstarfsafli hans að láta eins og ekkert sé og sitja áfram. Geta skilaboðin orðið öllu skýrari? Hversu langt niður þarf fylgið að fara til þess að borgarstjóri taki að efast um réttmæti stöðu sinnar? Og hversu fylgislaus þarf hann að verða til þess að umboðsmenn hans sjái að sér?

Það er mikið ábyrgðarverk af hálfu Sjálfstæðisflokksins að bjóða Reykvíkingum upp á 1% mann á stóli borgarstjóra. „Stóri flokkurinn“ smækkar sig illilega með þessu kostaboði. Hann er ríki gaurinn sem mætir á barinn og ætlar að vera flottur á því: Bjóða öllum gestum staðarins upp á glas af bjór. Með eitt prósent alkóhólmagni. Og skilur svo ekkert í því að allir séu ekki þakklátir og himinglaðir. „Umræðan hefur verið okkur erfið.“ Já. Umræðan á barnum verður flottræflinum erfið, þegar fólk hefur skálað og finnur að glösin eru full af bjórlíki.

Ólafi F. Magnússyni er ekki alls varnað. Þótt nýverið hafi komið í ljós að hann hefur skrópað í allar utanlandsferðir á vegum borgarstjórnar verður hann seint vændur um leti. Hann hefur og sínar hugsjónir. Gömul hús og gamla flugvelli. Skoðanir sem eiga jafnvel stuðning meðal meirihluta borgarbúa. En hann á við vandamál að stríða. Hann er maðurinn sem seildist of langt. Sem fórnaði öllu fyrir völdin. Og það fyrsta sem fór var virðing samborgaranna. Líklega mun Ólafi F. Magnússyni aldrei takast að endurheimta hana. Líklega mun hann aldrei ná að hrista af sér púið af pöllunum sem dundi á honum við embættistökuna. Allra nýjasta könnunin sýnir að aðeins 14% borgarbúa bera traust til borgarstjórans. Jafnvel meira en helmingur hans eigin flokksmanna ber ekki traust til hans. (Hugtakið „hans eigin flokksmenn“ mun reyndar vera teygjanlegt þar sem Ólafur mun hafa sagt sig úr Frjálslynda flokknum fyrir ári síðan.)

Það kostulegasta við þessa furðusögu er þó sú staðreynd að hún er rituð af sjálfum Sjálfstæðisflokknum. Þessi merki flokkur sem eitt sinn var allsherjarfaðmur og ábyrgðarafl í höfuðborginni lýtur nú svo lágt að sitja í skjóli manns sem nýtur stuðnings innan við þúsund reykvískra kjósenda. Eitt prósent maðurinn valdar stöðu flokksins sem eitt sinn átti hér meirihlutafylgi. Olíuskip íslenskra stjórnmála eltir aflvana trillu.

Ekki þarf að undrast að nýjasta könnunin á hug borgarbúa sýnir 27,7% stuðning við sitjandi borgarstjórnarmeirihluta. Það er nokkuð undir hinu fræga Markúsarlágmarki. Samt er hvorki rætt um afsagnir né endurmat. Á meðan forystan sefur liggja fulltrúarnir andvana.

# Enn segir Guðni ósatt

UMRÆÐAN

Eldhúsdagsumræður



HRANNAR BJÖRN ARNARSSON

Í eldhúsdagsumræðunum fór Guðni Ágústsson mikinn að vanda. Ýmislegt í ræðunni var greinilega aðeins hugsað til skemmtunar en í ljósi raðfullyrðinga formannsins um að ríkisstjórnin hafi svikið aldraða í lífeyrismálum er óhjákvæmilegt að líta svo á að þar hafi Guðni verið að tala í fullri alvöru. Framsóknarmenn á þingi hafa líka hver af öðrum apað vitleysuna upp eftir formanninum. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafa þeir hins vegar látið hjá líða að rökstyðja mál sitt enda mun það reynast þeim örðugt.

Í tilefni af þessum síendurteknu ósönnu fullyrðingum er óhjákvæmilegt að undirstrika að aðgerðir þessarar ríkisstjórnar í lífeyrismálum hafa að sjálfsögðu verið í fullu samræmi við lög, fullu samræmi við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið og staðreyndin er sú að aðgerðirnar ganga mun lengra en yfirlýsingar fyrri ríkisstjórna gáfu tilefni til. Milljarðar króna renna nú til lífeyrisþega umfram þær skuldbindingar sem ríkisstjórnir Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kváðu á um. Fullyrðingar um annað eru beinlínis rangar.

Hvergi í umræddum yfirlýsingum ríkisstjórna frá 2002 eða 2006 er kveðið á um að lægstu bætur almannatrygginga eigi að fylgja hækkun dagvinnutrygginga.

Ég skora á Guðna Ágústsson, eins og ég hef áður skorað á Bjarna Harðarson, að benda á staðreyndir svikabrigslum sínum til stuðnings eða biðjast afsökunar á stóryrðunum ella.

Rangfærslur framsóknarmanna hagga ekki þeirri staðreynd að sjaldan eða aldrei hefur eins mikið verið gert í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja og á þeim skamma tíma sem Samfylkingin hefur farið með málefni lífeyrisþega. Heildarfjárhæð aukinna lífeyrisgreiðslna mun nema um 9 milljörðum króna á heilu ári og jafngildir það um það bil 17% hækkun lífeyris, miðað við síðasta ár. Á tólf ára valdatíma framsóknarmanna komust þeir ekki með tærnar þar sem Samfylkingin hefur hælana í þessum efnum.

*Höfundur er aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra.*


Góa
Stofnað 1968
40 ára
Safnaðu 40 stigum og þú færð hlaupahjól frá Góu
* á meðan birgðir endast
Afmælisleikur
1 stig
2 stig
Safnaðu saman strikamerkjum varanna og komdu með þau til Góu, Garðahrauni 2, og þú færð nýtt Góu hlaupahjól.
Gefum 4000 hlaupahjól
PIPAR • SÍA • 81137

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Ég er ekki hress en hef gert hressandi hluti

- Barði Jóhannsson ræðir nýja plötu, óvinsæla sjónvarpsþætti og leiðinlega blaðamenn í viðtali við Fréttablaðið.

## Háseta vantar á bát

Lífið um borð og lífið í landi hjá sjómönnum og aðstandendum þeirra.

ferðalög

## Ferðalög fylgja Fréttablaðinu á sunnudag

Bestu strendurnar
- hvert á að fara í sumar.

Ekki Hróarskelda aftur
- skemmtilegar og minna þekktar tónlistarhátíðir í Evrópu.

Frelsið bak við lás og slá
- Vilhjálmur Guðjónsson og Guðmundur Þorvarðarson reka hótel í lögreglustöð í Suður-Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Rökfastur og fróður

Kjartan Ólafsson, fyrrum alþingismaður og ritstjóri Þjóðviljans, birti grein um símhleranir á íslenskum heimilum í Morgunblaðinu í vikunni. Þar mæltist hann til þess að dómsmálaráðherra biðjist afsökunar á hlerununum sem stjórnvöld stóðu að á árunum 1949 til 1968. Með greininni fylgdi listi yfir þau 32 heimili sem voru hleruð einhvern tímann á þessu tímabili.

„Mér dettur fyrst í hug að nefna að hann er nítjándu aldar maður í hugsun og anda. Hann hefur til að mynda aldrei lært á bíl eða tölvu,“ segir einn viðmælenda Fréttablaðsins um Kjartan Ólafsson. „Hann kunni á ritvél á sínum tíma en notaði alltaf bara tvo putta. Jarðabókin stóra sem hann skrifaði um Vestfirði er til dæmis öll skrifuð á einfaldar gormastílabækur, og allt sem frá honum kemur er handskrifað.“

Það fyrsta sem flestir viðmælendur Fréttablaðsins nefndu um Kjartan var hversu fróður hann sé. „Hann er ákaflega skemmtilegur og fróður. Það er alveg sama um hvað maður spyr hann. Það stendur aldrei á svörum. Ef það kemur fyrir að hann mætir spurningu sem hann á ekki svar við þá segir hann það þó. En þá líða í hæsta lagi tveir dagar þangað til hann er kominn með svar. Það sýnir líka elju hans, hann leitar hluta og smáatriða.“

„Það er gott að leita til hans um mörg málefni. Hann er mjög fróður, bæði um sögu og landafræði, þá sérstaklega landafræði Íslands.“ Þá þykir Kjartan með afburðum minnugur maður á fólk, staðhætti og ættir. „Hann er ástríðufullur í áhuga sínum á náttúrunni, landinu og sögunni. Hann þekkir hverja þúfu á landinu og er hafsjór fróðleiks.“ Að sögn vina kemur fróðleikur hans ekki síst að notum við ferðalög. „Hann er eftirsóknarverður ferðafélagi, bæði um landið og líka erlendis. Hann getur útskýrt allt fyrir manni.“

Viðmælendur Fréttablaðsins eru allir sammála um að Kjartan sé rökfastur og fylginn sér með eindæmum. „Hann er með bjargfasta sannfæringu, það sem hann trúir á því verður ekki haggað. Hann er íhaldssamur þjóðernissinni og á auðvelt með að setja hugsjónir sínar ofar eigin hagsmunum. Hann hefur líka ríka réttlætiskennd og tekur ávallt málstað þeirra sem minna mega sín.“ „Hann er vissulega fastur í skoðunum sínum en lætur menn ekki gjalda ólíkra skoðana, hann er alltaf hlutlægur og sanngjarn. Ég hef heyrt harða pólitíska andstæðinga hans tala mjög vel um hann, og með einhverjum þeirra hefur tekist mikil vinátta.“

„Kjartan hefur auðvitað löngum verið pólitískur, enda starfandi í því árum saman. Hann er þó þannig að hann þarf ekki endilega að tala um pólitíkina við fólk heldur getur hann talað um hvað sem er annað. Þegar hann var frambjóðandi á Vestfjörðum til dæmis, þá þurfti hann ekki endilega að vera að koma sinni pólitík að heldur gat hann bara talað um daginn og veginn við fólk. Svo hann hefur aldrei verið fastur í pólitíkinni.“

Kjartan hefur unnið mikið að söguskráningu ýmiss konar og eru viðmælendur sammála um að það sem hann taki sér fyrir hendur kynni hann sér og geri vel. Enda er honum lýst sem ofurnákvæmum manni, svo nákvæmum að hann sé nánast alger fullkomnunarsinni. Einnig nefna vinir hans að hann sé mjög hlýr maður og tryggur vinur vina sinna.

Einn viðmælenda Fréttablaðsins lýsir Kjartani sem miklum meinlætamanni í eðli sínu. „Hann gæti vel lifað á harðfiski, rúgbrauði og eplum. Svo er hann ákaflega mikill reglu- og rútínumaður. Hlutirnir verða að vera í föstum skorðum, hann fer til dæmis alltaf í sund á sama tíma og fer í göngutúr á hverjum degi. Hann verður að halda rútínunni og sú þörf hefur bara aukist með árunum.“

### KJARTAN ÓLAFSSON



### ÆVIÁGRIP

Kjartan Ólafsson fæddist á Laugum í Súgandafirði 2. júní árið 1933. Hann er sonur Ólafs Jóns Ólafssonar og Sigríðar Pétursdóttur. Hann giftist Gíslrúnu Sigurbjörnsdóttur árið 1957. Þau eiga fimm dætur, Eddu, Höllu, Signýju, Ingu og Kötlu.

Kjartan tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1953 og nam íslensk fræði í Háskóla Íslands á árunum 1954 til 1956. Þaðan fór hann til Vínar þar sem hann lærði germönsk fræði í tvö ár. Frá Vín kom hann aftur til Íslands og lærði í heimspekideild Háskóla Íslands í tvö ár og útskrifaðist svo með BA-próf í þýsku og mannkynssögu frá HÍ árið 1961. Kjartan var framkvæmdastjóri Samtaka hernámsandstæðinga frá 1960 til 1962 og síðan framkvæmdastjóri Sósíalistaflokksins 1962 til 1968. Hann starfaði fyrir Alþýðubandalagið og Þjóðviljann fram til ársins 1972, þegar hann varð ritstjóri Þjóðviljans. Hann starfaði sem ritstjóri Þjóðviljans fram til ársins 1978, þegar hann var kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið. Hann tók svo aftur við ritstjórastól Þjóðviljans árið 1980 og stýrði blaðinu til ársins 1983. Hann var þó varaþingmaður með hléum frá árinu 1974 til ársins 1985. Kjartan hefur einnig starfað í ýmsum stjórnum, meðal annars á vegum Sósíalistaflokksins og síðar Alþýðubandalagsins, einnig hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Hann var formaður stjórnar Stofnunar Sigurðar Nordals frá 1990 til 1993. Þá hefur Kjartan unnið mikið að sögurannsóknum og ritstörfum ýmiss konar. Meðal annars ritaði hann verslunarsögu Vestur-Skaftfellinga í þremur bindum og sögu Iðnaðarbankans. Þá ritaði hann bókina Vestfjarðarit I - Firðir og fólk 900-1900.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Kjartan heldur nákvæmar skýrslur um hæð allra afkomenda sinna og þykir það gott dæmi um það hvað hann vilji hafa alla hluti á hreinu. Um hver áramót eru allir mældir og þannig hægt að fylgjast með sentimetrum og millimetrum sem skilja að.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Með hinum víðtæku pólitísku símahlerunum var ráðist að heiðvirðu og vammlausu fólki með aðferðum sem almennt þykir aðeins við hæfi að beita gegn stórhættulegum glæpamönnum svo sem eiturlyfjasölum, meintum morðingjum eða landráðamönnum. Þessar pólitísku símahleranir á árunum 1949-1968 eru svartur blettur í sögu íslenska lýðveldisins.“


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður, Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur, Neskaupstaður, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður, Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli **eiga fleira sameiginlegt** en **fallega náttúru** og **fagurt mannlíf.**

DYNAMO REYKJAVÍK

# Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**




**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

# LINDIR




# OPNUNA

## ÓTRÚLEGUR FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA Í Ö

ELKO



GPS tæki
Innbyggt Evrópukort
**19.995**

GARMIN

GPS tæki, NUVI250W. Með innbyggðu Evrópukorti og 3,8" notendavænum snertiskjá. Lithium rafhlaða. 12 rása WAAS sirf III móttakari. Segir til vega með rödd. Hægt er að skoða stafrænar ljósmyndir í tækinu. Sogskálafesting, bílahleðsla.



Stafræn baðvog
**1.995**

Opera

Baðvog, BS030003. Stafræn baðvog með glerplötu sem viktar frá 0 og upp í 180 kg á 100 gramma bili. Slekkur sjálf á sér eftir notkun. Gengur fyrir tveimur lithium rafhlöðum.



Playstation 2 leikjatölva
**9.999**



MP3 spilari
Allt að 10 tíma rafhlaða
**2.995**

CREATIVE

MP3-spilari, 70PF213000YY5 - Svartur, 70PF213000115 - Gulur. Mjög flottur og nettur mp3 spilari með góðum hljómgæðum. Allt að 10 tíma ending á rafhlöðu. Heyrnatól og hugbúnaður fylgir.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18

KRÓNAN



50% afsláttur
1299 kr. kg
Danskar grísalundir



50% afslátt
1398 kr. kg
Móa kjúklingabringur



399 kr. pk.
Coke og Coke light kippa 4x2 lítrar



199 kr. pk
Cheerios

**OPIÐ**
ALLA DAGA 11-19

## SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI







# RHÁTÍÐ ALLA HELGINA

## LLUM VERSLUNUM



# INTERSPORT



**8.990**
(áður 11.490)
100 % VERÐVERND

**PUMA TP WOVEN JACKET**
Léttur sumarjakki á dömur: Litir: Hvítur, svartur. Stærðir: XS-XL.



**PUMA FT CL CAPRI**
Kvartbuxur úr bómull.
Litur: Svartar. Stærðir: XS-XL.

**3.990**
(áður 5.490)



**5.990**
(áður 8.490)
100 % VERÐVERND

**NIKE FIN´STAR BALLERINA**
Sumarskór úr leðri. Litir: Svartir, hvítir, gull, silfur. Stærðir: 37-42.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11-19
LAUGARDAGA 11-18
SUNNUDAGA 12-18

## DAGSKRÁ



## LAUGARDAGUR 31. MAÍ
## Opnunarhátíð

**Kl. 11:00**
**STÓRKOSTLEG OPNUNARTILBOÐ**
í KRÓNUNNI, INTERSPORT og ELKO

**Kl. 12:00-15:00**
**GRILL OG GLEÐI**
**HOPPKASTALAR**
**VÖRUKYNNINGAR**
**KRÓNUKARLINN**
kemur í heimsókn

**Kl. 13:00**
**LEIKARAR ÚR GALDRAKARLINUM OZ**
kíkja í heimsókn

**Kl. 14:00**
**INTERSPORT ÞRAUTALEIKAR.**
Líkamsræktarstöðvar
höfuðborgarsvæðisins
etja kappi í þrautakeppni.
Umsjón Andrés Guðmundsson.

## sunnudagur 1.júní

**Kl. 11:00**
**STÓRKOSTLEG OPNUNARTILBOÐ**
í KRÓNUNNI, INTERSPORT og ELKO

**Kl. 12:00-15:00**
**GRILL OG GLEÐI**
**HOPPKASTALAR**
**VÖRUKYNNINGAR**
**KRÓNUKARLINN**



**Kl. 14:00**
**INTERSPORT TÍSKUSÝNING**
Allt það nýjasta í sport- og
sundfatnaði sumarið 2008.



# Hverju reiddust goðin?

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um skólasystkin af tuttugu og einu þjóðerni, Eurovison í hesthúsi, skjáþokka Egils og stjórnmál sem vetraríþrótt. Einnig er rætt um Hreiðar heimska, dómsmálayfirvöld, jarðskjálfta og reiði goðanna.

## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 23. MAÍ.**

### Sameinuðu þjóðirnar í Njálsborg

Frú Sólveig og ungfrú Sólveig Kristín fóru í vísindaferð saman að Hraðastöðum í Mosó á vegum leikskólans Njálsborgar. Þar voru lömb og grísir og kanínur og kálfar og hvolpar og þar sem sauðburður stendur yfir fengu börnin að sjá einar þrjár „fæðingar“.

Hversu lengi skyldu menn muna að konur fæða, hryssur kasta, kýr og ær bera, tíkur og læður gjóta? Og skiptir það einhverju máli? Er ekki fæðing bara fæðing? Eða erum við að týna niður málinu okkar og þar með hluta af sjálfum okkur?

Njálsborg er merkilegur leikskóli. Þeir sem eru sjúklega hræddir við útlendinga hefðu gott af því að kynna sér starfsemina þar.

Sólveig Kristín sem er fjögurra ára gömul er nemandi í Njálsborg.

Kennarar hennar eru af fimm mismunandi þjóðernum og nemendurnir eru af tuttugu og einu þjóðerni.

Skólastarfið gengur ákaflega vel. Kennararnir eru góðir og þolinmóðir, og börnin mæta glöð og full tilhlökkunar á hverjum morgni.

Þegar litla Sól lýkur námi sínu í Njálsborg og heldur á vit næsta verkefnis sem veröldin ætlar henni verður hún allsendis óhrædd við útlendinga. Reynsla hennar af þeim er í stuttu máli sú að þeir séu alveg eins og Íslendingar sem eru stundum geðvondir á morgnana og vilja ekki borða grautinn sinn, en það kemur sjaldan fyrir.

Ef enginn stríðir neinum þá eru dagarnir skemmtilegir á Njálsborg, enda eru allir sem þar starfa og læra ósköp venjulegir Reykvíkingar á því herrans árið 2008.

Það hefur líka komið í ljós að blóðið í öllum er rautt og við þurfum öll plástur og helst koss á bágtið þegar við meiðum okkur.





Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



Ljósmynd: Agnes Geirdal

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir að takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar, nýtingu og stjórnun auðlinda.

Kennsla fer fram á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða en námsleiðin er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Nánari upplýsingar: www.hsvest.is

Umsóknarfrestur: 5. júní 2008






**LAUGARDAGUR, 24. MAÍ.**

### Hross og Eurovision

Útreiðartúr og grillveisla á vegum húsráðenda í hesthúsinu í Víðidal. Þetta er árlegur viðburður og bar að þessu sinni upp á Eurovisionkvöld.

Hrossin ráku upp stór augu þegar sjónvarp var borið inn í hesthúsið, en þegar kveikt hafði verið á tækinu reyndist efnið ekki höfða til þeirra.

Ég reið lánshrossum í útreiðartúrnum, gæðahryssunni Rakel og svo leyfði Sólveig mér að fara á bak Vini sínum sem er stór og stæðilegur og öllum kostum búinn sem prýða mega einn hest. Hann er úr ræktuninni frá Siggu og Viðari á Kaldbak á Rangárvöllum og taminn af Eiði í Hrólfsstaðahelli.

Það var dáldið súrt í brotið fyrir mig að fá ekki að fara á bak gæðingnum sem ég var að eignast, en Þór sonur minn er að ljúka við að temja hann, og neitar að sleppa af honum hendinni fyrr en klárinn er fullnuma og undir það búinn að bera mig á bakinu inn í þá fullkomnu hamingju sem fylgir því að vera vel ríðandi.

**SUNNUDAGUR, 25. MAÍ.**

### Skjáþokki Egils

Í morgun skein sólin eins og henni væri borgað fyrir það, enda er komið sumar.

Í dag var síðasti þátturinn af Silfri Egils á þessu misseri. Egill hefur „screen presence“ eða skjáþokka í ríkum mæli. Mér finnst hann hafa unnið afreksverk við að reyna að bjóða upp á vitræna stjórnmálaumræðu. Stjórnmál eru því miður einungis vetraríþrótt á Íslandi og einhverra hluta vegna hafa Íslendingar alltaf verið vonlausir í vetraríþróttum.

Reisa þyrfti sumarþinghús á Þingvöllum og halda þar sumarþing, bæði til að virða hina fornu hefð þegar þjóðveldið stóð í blóma án konungs eða forseta, og svo til að staðfesta að Alþingi Íslendinga sé elsta starfandi löggjafarsamkunda í heiminum, þrátt fyrir nokkrar gloppur í þinghaldi á erfiðum nýlendutímum.

Kostnaðarauki vegna sumarþings mundi að nokkru leyti sparast með minni sumarleyfisferðum þingmanna.

**ÞRIÐJUDAGUR, 27. MAÍ.**

### Að liggja slefandi yfir pöntunarlistum

Stundum koma upp í hendurnar á manni bækur sem eru svo spennandi að maður getur ekki gert upp á milli þeirra og núna stend ég sjálfan mig að því að vera að lesa þrjár bækur í einu.

Ein heitir „Vorið 68“ og er eftir Einar Má Jónsson og fjallar um stúdentaóeirðirnar í París og á að vera skyldulesning fyrir öll ungmenni sem hafa áhuga á að bæta veröldina.

Önnur heitir „Blood River“, Blóðá, og er eftir Tim Butcher, Englending sem bítur það í sig að ferðast um einhver hættulegustu héruð heimsins með því að fylgja í fótspor Stanleys blaðamanns og landkönnuðar niður Kongófljótið.

Sú þriðja heitir „McMafia“ og er eftir Misha Glenny og fjallar um alþjóðlega glæpastarfsemi sem er bæði stærri í sniðum og öðruvísi en flesta grunar.

Það kemur sennilega mörgum á óvart að þrælahald hefur aldrei verið útbreiddara í heiminum en einmitt á okkar tímum. Þetta er svo hrollvekjandi staðreynd að margir þora ekki að horfast í augu við veruleikann og afneita honum í staðinn.

Hin takmarkalausa hræsni kringum „súludansmeyjar“ á Íslandi er dæmigerð fyrir þá afneitun sem gerir þrælahald að arðbærum atvinnuvegi.

Í stað þess að liggja slefandi yfir pöntunarlistum um pyntingatæki eins og taser-rafmagnsbyssur ættu dómsmálayfirvöld að taka á sig rögg svo að maður losni við að sjá gleiðgosaleg andlit á sílspikuðum þrælahöldurum og melludólgum í fjölmiðlum.

Það er í verkahring dómsmálayfirvalda að koma svoleiðis óþjóðalýð í tugthús en ekki að taka þátt í hræsninni sem hylmir yfir með þrælahaldi nútímans.

Þeir sem halda að stúlkur frá fátækum löndum komi hingað til Íslands sér til skemmtunar til að selja sveittum eldri mönnum aðgang að líkama sínum eru annaðhvort hlynntir þrælahaldi eða siðblindir nema hvort tveggja sé. Að ekki sé minnst á erlenda verkamenn sem eru ráðnir hingað upp á kjör og aðbúnað sem þrælar fornaldar hefðu aldrei látið bjóða sér.

**MIÐVIKUDAGUR, 28. MAÍ.**

### Eldhúsdagsumræður án hlustanda

Nú eru þingmenn að hamast við að komast í sumarfrí. Ég nennti ekki að horfa á eldhúsdagsumræður í sjónkanum – og skammast mín soldið fyrir það – en það eru ekki nema tveir skemmtilegir ræðumenn á Alþingi svo að manni er vorkunn að nenna ekki að leggja eyrun við öllu sem þar fer fram.

Verkkvíðið og úrræðalítið fólk reynir oft að koma sér undan vandamálum með því að þykjast ekki sjá þau. Það heitir afneitun. Þegar vandamálin eru öllum ljós getur afneitarinn ekki afneitað þeim lengur og grípur til næsta úrræðis sem er að fresta þeim. Þegar ég horfi yfir þingheim á ég bágt með að trúa því að þjóðin sé komin af skáldum og sæförum.

Ekki hefði Egill Skalla-Grímsson haft geð í sér til að láta húskarla sína liggja á hleri hjá nágrönnum sínum eða hlusta á símtöl þeirra og ljúga því svo að það hefði verið gert til að koma í veg fyrir njósnir og föðurlandssvik og heimsyfirráð kommúnista.

Meira að segja Hreiðari heimska hefði aldrei dottið svoleiðis ómerkilegheit í hug.

Enda hefði engum dottið í hug að trúa þeim.

Hvort sem síminn hjá mér er hleraður eða ekki ætla ég að reyna að halda gleði minni og hér var í dag mikill gleðskapur því að frú Sólveig hélt upp á afmælið sitt með tertum og tilbehör.

Afmælisdagurinn endaði svo á því að frú Sólveig og Þór, eldri sonurinn, fóru saman í reiðtúr en ég var eftir heima til að stunda svæfingar – og rétt náði að horfa á síðustu mínúturnar í hinum dapurlega landsleik við Walesbúa í sjónvarpinu.

**FIMMTUDAGUR, 29. MAÍ.**

### Jarðskjálfti og reiði goðanna

Í dag var sólardagur handa þeim lukkulegu manneskjum sem ekki þurfa að húka innandyra við vinnu sína.

Og svo kom jarðskjálfti.

Ef ég væri hjátrúarfullur mundi ég segja að náttúruöflin væru að senda ríkisstjórninni og Alþingi aðvörun um að bera meiri virðingu fyrir þjóðinni og sjálfum sér.

Eða eins og Snorri Þorgrímsson sagði forðum: „Hverju reiddust goðin, þá er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á?“

# Tilvalið á grillið

ATH! Mjög lágt verð




**899** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - Frosið

25% afsláttur




**254** kr/stk. áður 339 kr/stk.
Sacla bruschettin

30% afsláttur




**1.945** kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Goða roastbeef - kryddað

30% afsláttur




**965** kr/kg. áður 1.379 kr/kg.
Goða lambahryggur- Frosinn

30% afsláttur




**251** kr/pk. áður 359 kr/pk.
Weetos heilhveitihringir - 375 gr.

20% afsláttur




**479** kr/stk. áður 599 kr/stk.
Ben & Jerry´s ís

50% afsláttur




**89** kr/stk. áður 179 kr/stk.
Fanta - 2 ltr.

H:N markaðssamskipti / SÍA    Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 29. maí til 1. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

### UMMÆLI VIKUNNAR

*„Ég skorast ekki undan því að taka þátt í umræðum um þessi mál, síður en svo. Ég hef gert það í marga áratugi, kynnt mér gögnin betur, held ég, en flestir þingmenn hér inni og veit nákvæmlega um hvað ég er að tala þegar ég er að fjalla um þessi mál.“*

***Björn Bjarnason um hleranir og kalda stríðið.***

*„Þetta lið er með nærsýni eða ilsig og verður að fá frí.“*

***Ögmundur Jónasson um ríkisstjórnina.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Nákvæmur

Nákvæmninni var fyrir að fara í máli Guðbjarts Hannessonar, formanns félagsmálanefndar, þegar hann kynnti þinginu álit nefndarinnar á frumvarpi



um atvinnuréttindi útlendinga og frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

„Samkvæmt öðrum málslið, annarrar málsgreinar, c-liðar, tíundu greinar frumvarpsins,“ sagði Guðbjartur þegar hann sagði frá því að misræmis gætti í frumvarpinu. Af þessari liða- og greinaupptalningu má glögglega sjá að lög eru stundum leiðinleg lesning.

## Marghamur

Í Gunnari Svavarssyni, Samfylkingunni, búa margir menn. Við atkvæðagreiðslu í þinginu á miðvikudag sagðist hann styðja mál, ekki bara sem þingmaður,



heldur líka sem sveitarstjórnarmaður, stjórnarmaður í orkufyrirtæki, verkfræðingur, íbúi og orkunotandi.

Verið var að vísa frumvarpi um breytingar á lögum á orku- og auðlindasviði til þriðju umræðu. Þrátt fyrir að Gunnar hafi greitt atkvæði sem sex menn réði hann aðeins yfir einu atkvæði.

Málið var samþykkt og varð að lögum á fimmtudag.

## Sannfærður

Ögmundur Jónasson, VG, er svo handviss um að formenn stjórnmálaflokkanna reyni í sumar að halda sérréttindum sínum í lífeyrismálum



að hann er ákveðinn í að leggja fram breytingartillögu við væntanlegt frumvarp formannanna.

Ögmundur sagðist á fimmtudagskvöld vita að verið væri að blekkja þjóðina með því samstarfi flokksformannanna sem forsætisráðherra hafði boðað nokkrum andartökum áður og því gæti hann boðað breytingartillögur við frumvarpið sem enn hefur ekki verið samið.

### VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

## Stjórnmálamenn og við



Það er vinsæll samkvæmisleikur að tala illa um stjórnmálamenn. Reglurnar eru einfaldar og þátttökuskilyrðin líka. Það þarf bara að kunna slatta af fúkyrðum og sá sem notar ljótustu orðin vinnur. Að baki býr það viðkvæði að stjórnmálamennirnir geri ekkert „fyrir okkur“. Þeir hugsi bara um bankana og útgerðarmennina – og svo auðvitað sjálfa sig.

Öfugt við aðrar stéttir eru stjórnmálamenn kosnir af þjóðinni og starfa í umboði hennar. Það vill gleymast og sú gleymska getur náð til beggja; kjósendanna sem gera sér illmælgina að leik og stjórnmálamannanna sem láta stundum eins og okkur komi störf þeirra ekki við.

Stjórnmálamenn eru eins og annað fólk. Hvorki verri né betri. Og þeir breytast ekki við að vera kallaðir bjánar. Uppnefning er lélegt meðal.

Kjósendur geta ekki krafist annars af stjórnmálamönnum en að þeir séu sæmilega trúir sannfæringu sinni, berjist fyrir málunum sem þeir töluðu um í kosningabaráttunni og vandi sig í vinnunni.

Höfum líka hugfast að hver sem er getur reynt að komast í félagsskapinn. Það þarf bara að fara í framboð.

# 111 laga þingi lokið

**Þingið fór heim í fyrrinótt eftir að hafa samþykkt 111 frumvörp. Ráðherrar lögðu fram 107 en þingmenn fjögur.**

Uppskera ríkisstjórnarinnar á nýloknu þingi verður að teljast ágæt. Af 135 frumvörpum hennar voru 107 samþykkt. Af þeim 28 sem út af standa eru flest í nefndum en nokkur komust aldrei til umræðu.

Þingmenn lögðu fram 76 frumvörp og hlutu fjögur samþykki. Þau lúta að veitingu ríkisborgararéttar, breytingum á þingsköpum og innleiðingu aðstoðarmanna fyrir landsbyggðarþingmenn.

58 þingmannafrumvörp voru enn í nefndum við þingfrestun en fjórtán biðu fyrstu umræðu.



**NUDD** Það getur verið gott og nauðsynlegt að nudda á sér augun annað slagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Af 78 þingsályktunartillögum voru átta samþykktar. 45 eru í nefndum en 24 komust aldrei til umræðu.

Á þessu þingi tóku 27 varaþingmenn sæti, flestir fyrir Samfylkinguna en fæstir fyrir Frjálslynda flokkinn.


FERÐAST ÞÚ MEÐ GÖMUL DEKK Í EFTIRDRAGI?

N1

Nú eru ferðadagar hjá N1. Þú færð ný dekk fyrir hjólhýsið, fellihýsið eða tjaldvagninn hjá Hjólbarðaþjónustu N1.




Viðskiptakortshafar fá 25% afslátt af dekkjaskiptingunni á hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum þegar þeir kaupa umgang af nýjum dekkjum.

**N1 HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA, SÍMI 440 1000.**
Fellsmúla 24, Réttarhálsi 2, Ægisíðu 102, Langatanga 1a, Reykjavíkurvegi 56, Dalbraut 14 Akranesi, Vesturbraut 552 Keflavík.

WWW.N1.IS

N1 - Meira í leiðinni

# Við berjumst til þrautar með stelpunum!
# Ætlar þú að leggja þitt af mörkum?



## Undankeppni EM kvenna
## í handbolta

# ÍSLAND - RÚMENÍA

## Laugardalshöll
## Sunnudaginn 1.júní kl.15.00
## Ókeypis aðgangur

VR LYFJA PÓSTURINN HSÍ

# Margt til lista lagt

Flestir vita hver leikarinn **Viggo Mortensen** er, sem skaust endanlega á stjörnuhimininn í Lord of the Rings. Færri vita að hann er ljósmyndari, málari, skáld, og tónlistarmaður svo eitthvað sé nefnt. ***Hanna Björk Valsdóttir*** hitti Viggo í Ljósmyndasafni Reykjavíkur þar sem starfsmenn safnsins voru á fullu við að undirbúa ljósmyndasýningu hans sem opnar í dag.



**NÁTTÚRUVERND** Náttúran er Viggo mikið hjartans mál og þar sem þema ljósmyndasýningarinnar er tré og skógur mun ágóðinn renna til Náttúruverndarsamtaka Íslands. „Ég er heppinn að fá það vel borgað fyrir leiklistina að ég þarf ekki að reyna að lifa á listinni eða fá borgað fyrir myndirnar mínar, þess vegna finnst mér gott að sjóðurinn njóti góðs af. FRÉTTABLAÐIÐ/ ARNÞÓR

Flestar myndirnar eru komnar upp á vegg og Viggo labbar með mig um sýningarsalinn á sokkaleistunum og útskýrir lítillátur hvaðan myndirnar eru en þær eru teknar á síðustu þremur árum á mismunandi stöðum í heiminum. Spurður hvort hann ferðist til að taka myndir eða taki myndir þegar hann ferðast, svarar hann að hann taki myndir þegar hann ferðast. Hann tekur myndir hvar sem hann er og hefur alltaf gert.

Ljósmyndirnar á sýningunni eru flestar af trjám eða teknar úti í skógi. Ljós og skuggar spila stórt hlutverk en sumar myndanna eru einnig svarthvítar. Draumkenndar og ljóðrænar myndir sýna skynjun listamannsins á heiminn. Svo virðist sem engin listgrein sé honum óviðkomandi, auk ljósmyndanna málar hann, semur ljóð og tónlist og gefur út bækur eftir sig og aðra listamenn, og geisladiska með eigin ljóðaupplestri. Hann blandar oft ljóðlist við ljósmyndir og á sýningunni verða líka ljóð í bland við myndirnar, bæði hans eigin og ljóð sem hann hefur valið, þar á meðal íslensk ljóð. Allt tengist. Myndir, orð, sögur.

Eftir að hafa labbað um salinn sest hann upp við vegg út á svölum og reykir sígarettur sem hann vefur sjálfur meðan hann spjallar.

### Skógarbúinn

Sýningin í Ljósmyndasafni Reykjavíkur hefur verið fyrirhuguð í rúmt ár, „ég ákvað að taka myndir af trjám fyrir þessa sýningu af því að það eru ekki tré á Íslandi. Ég ákvað að koma með tré til Íslands,“ segir Viggo og brosir.

Samhliða sýningunni kemur einnig út, hjá bókaútgáfu hans Perceval Press, bókin Skovbo, eða sá sem býr í skóginum, skógarbúinn. „Mér líður vel í kringum tré. Þar sem ég bjó í Danmörku var skógur og það er eitthvað í skóginum sem lætur mig líða vel. Þau minna mig kannski líka á Argentínu þar sem ég bjó sem barn. Þetta er eins með sjóinn, mér líður mjög vel við sjó. Ég get lifað án þess að vera alltaf við sjó eða tré en mér líður best þar sem ég hef hvort tveggja. Ég get samt ferðast um sandeyðimörk eða um íslenska náttúru. Mér líður mjög vel á Íslandi,“ útskýrir Viggo og það er greinilegt að hann er mikið náttúrubarn sem sækir í að vera einn úti í náttúrunni.

Viggo hefur komið nokkrum sinnum áður til Íslands og líkar það vel. „Ég hef verið hér á öllum árstíðum. Ég er mjög hrifinn af því hvernig veðrið og birtan breytist snögglega hérna. Það er alveg magnað. Ég kom hingað fyrst með syni mínum. Það voru líklega Íslendingasögurnar sem drógu okkur hingað. Mér fannst alveg frábært að koma á staði þar sem staðarnöfnin voru enn þau sömu og í Íslendingasögunum.“

### Frægð og frami

Viggo hefur náð langt sem leikari, hann varð mjög vinsæll eftir hlutverk sitt í Lord of the Rings og var tilnefndur til Óskarsverðlauna á árinu fyrir Eastern Promises eftir David Cronenberg. Flestir stórleikarar eiga fullt í fangi með að halda utan um þess konar feril. En skyldi hann stefna á svipaðan frama sem ljósmyndari?

„Ég gerðist ekki leikari til að verða frægur en það hefur samt gefið mér ákveðin tækifæri sem ég hefði annars ekki fengið eins og að vinna með David Cronenberg eða leika í spænsku myndinni Alatriste. Allir geta orðið heppnir en það er það sem maður gerir við það sem skiptir máli. Ég reyni að gera eins vel og ég get í stöðunni. Ég hafði verið leikari í mjög langan tíma en það var ekki fyrr en í Lord of the Rings sem fólk virkilega vissi hver ég var. En ég hafði líka verið að taka myndir löngu áður en ég byrjaði að leika. Þetta eru mjög svipaðir hlutir. Mitt markmið er aðallega að taka eftir. Þetta snýst um að vera vakandi, vera lifandi og taka eftir því sem er að gerast í umhverfinu. Við tökum öll eftir mismunandi hlutum og upplifum mismunandi hluti. Hvað við svo gerum til að tjá það sem við upplifum kemur í ofanálag. Ljósmynd, málverk, ljóð eða tónlist sem við notum til að koma því til skila sem við höfum upplifað er ekki aðalatriðið, heldur það sem ég tjái. Það hvernig maður skynjar heiminn er list í sjálfu sér. Að staldra við eitt þögult augnablik og sjá hvað gerist. Ég hef lengi fengist við ljósmyndun og ég tek alltaf betur og betur eftir ákveðnum hlutum í ljósmyndun sem ég hef áhuga á og þannig verður maður betri í því sem maður gerir og lærir. Ég vil ná til fólks með þessum myndum og ég vil að fólk komi og sjái sýninguna, en þetta snýst um að tjá mig hreinskilnislega, ef ég fer að taka myndir eða setja upp sýningar sem ég held að fólk vilji sjá þá á mér eftir að mistakast, á sama hátt og leikstjórum, sem hugsa þannig, mistekst.“

### Leikari eða ljósmyndari

Það er ríkt í okkar samfélagi að flokka og skipta fólki niður í hólf, annaðhvort er fólk leikari eða ljósmyndari. Hvað finnst þér um það?

„Ég held að allt tengist. Ég tek myndir til að tengjast heiminum og komast að því hvernig ég tengist honum. Allt sem maður gerir tengist á einhvern hátt. Þetta snýst um að gera hluti sem maður er vanur að gera í daglega lífinu og úr því verður einhver listsköpun. Eitthvað vekur mann til umhugsunar. Maður fer á sýningu og sér kannski ekki góð sýning en maður staldrar við eina mynd, ein mynd er nóg til að fá mann til að stoppa og hugsa um ákveðna þætti í sínu lífi. Það þarf ekki að vera mynd, getur verið smásaga eða ljóð. Fólk staldrar við á mismunandi stöðum.“

### Er leiklistin annars eðlis en aðrar listgreinar sem þú fæst við?

„Nei, að setja saman þessa sýningu er nokkurn veginn eins og að leika. Við erum að hreyfa hluti til um svæðið. Finna út hvað passar hvar og velja. Segja fólki hvað það á að gera, svo fer ég kannski í göngutúr og kem til baka og starfsfólkið er búið að gera eitthvað. Allir leggja sitt af mörkum á sama hátt og leikstjóri, handritshöfundur, framleiðandi og leikarar leggja sitt af mörkum við að búa til bíómynd. Niðurstaðan er afleiðing samvinnu og starfsfólkið hér á safninu hefur verið ótrúlega gott verð ég að segja.“

### Einn í náttúrunni

Viggo viðurkennir að umstangið sem fylgir stórum bíómyndum heilli hann ekki, en fylgi óneitanlega með. Hann hefur lítinn áhuga á að taka þátt í kynningu á myndunum sem tekur jafnlangan tíma og að leika í myndinni, en það að vinna með áhugaverðu fólki og leikstjórum er það sem er raunverulega gefandi og hann mun halda því áfram.

„Það hefur verið of mikið að gera hjá mér síðustu ár og núna er fram undan mikil törn, ég hef því miklu minni tíma en ég vildi til að sinna listinni. Þess vegna reyni ég að nota tímann vel. Þetta er bara ég með myndavélina. Ég sest niður og horfi á himininn, stoppa, og syng kannski eða skrifa niður. Þegar ég hef tíma til að gera það og staldra við þá er ég ánægðastur. Líf mitt hefur verið mjög brjálað undanfarið og ég hef ekki mikinn tíma til að gera þessa hluti en ég er ánægðastur þegar ég hef tækifæri til þess. Mér líður best með sjálfum mér og þegar þessi opnun er búin á ég frí í tvo daga og ég ætla að keyra beint út í náttúruna og eyða tíma með sjálfum mér. Mér líður best í náttúrunni, fjarri mannabyggðum. Sumt fólk þarf alltaf að vera með einhverjum öðrum, ég er ekki þannig. Mér finnst frábært að vera einn og sérstaklega í fallegu landslagi og þegar það er mjög hljótt í kringum mig. Þá gleymi ég öllu öðru. Þess vegna líður mér vel á Íslandi. Ég kom hingað einu sinni í júlí og keyrði út á landi með myndavélina. Ég svaf eiginlega ekki neitt af því að sólin var enn þá á lofti á miðnætti og ég hélt bara áfram, eftir tvo daga var ég í góðu jafnvægi og algjörlega úthvíldur þó ég hefði varla sofið.“

## ➜ VIGGO Í HNOTSKURN

- Pabbi Viggo er danskur en mamma hans er bandarísk. Þegar hann var krakki fluttu þau til Argentínu þar sem faðir hans sá um sveitabýli.
- Þegar foreldrar hans skildu flutti Viggo með mömmu sinni til New York.
- Seinna flutti Viggo til Danmerkur og starfaði meðal annars sem vöruflutningabílstjóri.
- Talar ensku, dönsku og spænsku.
- Hann á langan feril í kvikmyndum og hafði leikið í myndum á borð við Portrait of a Lady eftir Jane Campion, G.I. Jane eftir Ridley Scott, Crimson Tide eftir Tony Scott, A Perfect Murder eftir Andrew Scott og Leatherface: Texas Chainsaw Massacre III.
- Eignaðist soninn Henry Mortensen með eiginkonunni Exene Cervenka en þau skildu.
- Hann tók að sér hlutverk Aragons í Lord of the Rings, aðallega vegna þess að sonur hans var mikill aðdáandi Tolkien-sagnanna.
- Síðan hefur hann leikið í tveimur myndum Davids Cronenberg, A History of Violence og Eastern Promises þar sem hann lék rússneskan mafíósa og var tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir.
- Við undirbúning á Eastern Promises fór hann til Rússlands og kynntist mönnum úr mafíunni.
- Lék í spænsku myndinni Alatriste eftir Agustín Díaz Yanes og hefur nýlokið við leik í The Road eftir John Hillcoat með Charlize Theron.
- Ljósmyndun hefur hann stundað frá blautu barnsbeini og hafði áhuga á ljósmyndun löngu áður en hann fór að leika.
- Stofnaði Perceval Press og gefur út bækur eftir sjálfan sig og aðra listamenn, meðal annars bók Georg Guðna, Strange Familiar.
- Gaf út geisladiskinn Time Waits for Everyone þar sem hann spilar á píanó.
- Það leiðinlegasta sem hann gerir er kynningarstarfið í kringum bíómyndirnar sem hann leikur í og að tala við blaðamenn.




Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu. Bragðbesta leiðin til að hætta! Hvað ert þú tilbúin að ganga langt? Fáðu ráðgjöf í apótekinu eða kynntu þér málið á www.nicorette.is

Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette

Nicorette® Fruitmint. 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.



**ÞORVALDUR DAVÍÐ OG ÁLFRÚN** Hér má sjá stærðarmuninn á þeim, en parið fór með aðalhlutverkin í sýningunni.

LJÓSMYND/BRYNJAR GAUTI



**MEÐ LEIKSTJÓRANUM** Þorvaldur Davíð og nokkrir krakkar úr sýningunni með leikstjóranum, Baltasar Kormáki.

LJÓSMYND/HARI

# Fyrstu skrefin stigin í Bugsy Malone

Það var fríður hópur ungmenna sem þreytti frumraun sína á leiksviði í söngleiknum Bugsy Malone fyrir réttum áratug. Ungur og upprennandi leikstjóri, Baltasar Kormákur, leiðbeindi þar krökkum á borð við **Álfrúnu Örnólfsdóttur** og **Þorvaldi Davíð Kristjánssyni**. *Alma Guðmundsdóttir* rifjaði upp þennan vinsæla söngleik.

Fjölmargir ungir og efnilegir leikarar, söngvarar og dansarar mættu í prufur í Loftkastalanum haustið 1997, í von um að fá hlutverk í söngleiknum Bugsy Malone í leikstjórn Baltasars Kormáks. Söngleikurinn var frumsýndur við góðar undirtektir í byrjun árs 1998 og vegna mikillar aðsóknar stóðu sýningar fram á haust sama ár, með hléi yfir sumartímann.

Þeir sem réðu í hlutverkin hafa heldur betur haft gott auga fyrir upprennandi hæfileikafólki því margir af krökkunum hafa haslað sér völl sem leikarar á síðustu árum. Myndirnar eru ýmist teknar úr Ljósmyndasafni Reykjavíkur eða úr leikskrá sýningarinnar, þar sem Grímur Bjarnason sá um myndatöku.

„Ég hafði leikið í nokkrum leikritum og sjónvarpsmyndum og var að leika í Fiðlaranum á þakinu á sama tíma og Bugsy var sýnt, svo ég hafði nokkuð góða reynslu. Ég var orðin 16 ára og var svona í eldri kantinum miðað við hina, en yngstu krakkarnir voru 10 eða 11 ára. Bugsy Malone var ein uppáhaldsmyndin mín, svo mér fannst þetta mjög spennandi og vissi alveg hvaða hlutverk mig langaði að leika þegar Baltasar hafði samband og bað mig um að koma í prufur,“ segir Álfrún Örnólfsóttir sem hafði leikið mun stelpulegri hlutverk í sýningum á borð við Söngvaseið og Emil í Kattholti fram að hlutverki sínu sem Tallulah í Bugsy Malone.

„Þetta var fyrsta „fullorðins“-hlutverkið mitt þar sem ég var að reyna að vera kvenleg, að leika dívu og táldraga Þorvald Davíð, sem var miklu minni en ég á þessum tíma,“ segir Álfrún og hlær.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson var fjórtán ára gamall þegar hann lék annað aðalhlutverkanna í sýningunni og segir miklar breytingar hafa átt sér stað á þessum tíma. „Ég man að búningurinn minn var orðinn of lítill undir lokin, en þá höfðum við tekið hlé yfir sumartímann. Maður stækkaði svo hratt á þessum tíma,“ segir Þorvaldur Davíð. „Þetta var mjög skemmtilegt og hópurinn alveg frábær. Ég datt eiginlega inn í þetta fyrir tilviljun, því mér var bara sagt frá prufunum og ég ákvað að skella mér. Þá var ég reyndar búinn að vera í Kardemommubænum í Þjóðleikhúsinu og tala inn á teiknimyndina Lion King, svo maður var kominn með ágætis ferilskrá eftir Bugsy Malone svona miðað við aldur,“ sagði Þorvaldur Davíð að lokum.



**GÓÐUR HÓPUR** Margir krakkar fóru í prufur fyrir hlutverk í Bugsy Malone og hér má sjá þau sem urðu fyrir valinu. LJÓSMYND/HILMAR ÞÓR

## Þorvaldur Davíð Kristjánsson





Sem barn fékk hann hvert hlutverkið á fætur öðru í hinum ýmsu uppfærslum og talsetti meðal annars hlutverk í teiknimyndinni Lion King og söng einnig á barnaplötunni Barnabros.

Árið 2007 hlaut Þorvaldur inngöngu í hinn virta Juilliard-listaháskóla í New York og er hann fyrsti Íslendingurinn til þess að hljóta inngöngu í leiklistardeild skólans.

## Álfrún Örnólfsdóttir





Á langan starfsferil að baki, hún lék aðeins tíu ára gömul aðalhlutverkið í kvikmyndinni Svo á jörðu sem á himni. Síðan hefur hún leikið fjölda hlutverka í sjónvarpi og kvikmyndum. Hún útskrifaðist úr Webber Douglas Academy of Dramatic Art árið 2003. Eftir að hún kom heim úr námi hefur hún tekið þátt í fjölda leiksýninga, meðal annarra Eldað með Elvis, Úlfhamssögu og Segðu mér allt.


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
Taktu tilboðsblaðið með þér í Bónus.
Sama verð um land allt !
20 TONN Í BOÐI
Á ÞESSU FRÁBÆRA VERÐI
2498
KS ferskt lambafillet
aðeins 2498 kr./kg.
489
KS frosinn lambabógur
489 kr./kg. MERKT VERÐ 699 KR./KG.
SÖLUHÆSTA
LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
40%
AFSLÁTTUR
KF einiberjakryddað lambalæri
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
KJARNAFÆÐI
30%
AFSLÁTTUR
KF villikryddaðar lambalærissneiðar
1398 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
KOFAREYKT
KJARNAFÆÐI
299
KF kofareyktu sveitabjúgun
299 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.
30 TONN Í BOÐI
Á ÞESSU FRÁBÆRA VERÐI
1198
KS frosnar lambalærissneiðar
aðeins 1198 kr./kg.
198
Íslenskir tómatar í lausu
aðeins 198 kr./kg.
498
Ali ferskur svínabógur
aðeins 498 kr./kg.
30%
AFSLÁTTUR
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
769 kr./kg.
MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
NF LAXABITAR
BEINLAUSIR
698 kr./kg.
MERKT VERÐ 998 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

# GERÐU ÞÍNA EFTI




Myllu hvítt samlokubrauð
770g **aðeins 79 kr.**




Bónus flatkökur
5 stk. **79 kr.**




Bónus rækjusalat
200g **98 kr.**

# FERSKUR KJÚKLINGUR
# 30-50% AFSLÁTTUR




Bónus ferskir kjúklingavængir
**150 kr./kg.** MERKT VERÐ 298 KR./KG.




Bónus ferskir kjúklingaleggir
**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




Bónus fersk kjúklingalæri
**349 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




Bónus ferskur kryddaður kjúklingur í álbakka **539 kr./kg.** MERKT VERÐ 899 KR./KG.




Bónus ferskar kjúklingabringur
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




Frosnar ungnautalundir
**2879 kr./kg.** MERKT VERÐ 3598 KR./KG.




Nautaveisla ferskt nautahakk
**698 kr./kg.**




Nautaveisla ferskir nautagrillborgarar
4 stk m/brauð **298 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00



## HÆ HÓ OG FLASKA AF ROMMI

Sjóræningjahúsið á Patreksfirði verður opnað nú um helgina en það er byggt á frásögnum af komu strandræningja á seinni hluta sextándu aldar.

FERÐIR 3

## ALLIR Í STRIGASKÓNA

Sumarið er komið og tími til að draga fram gömlu strigaskóna eða kaupa sér nýja. Gylltir og silfraðir strigaskór eru með því heitasta þetta árið.

TÍSKA 4












Þegar Bogi keypti kádiljákinn fylgdi honum sú saga að Kennedy-fjölskyldan hefði átt hann í upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auðvelt að fara virðulega inn í viðhafnarbílinn

***Bogi Jónsson, blikksmiður og vert á Álftanesi, er ekkert hissa þegar hann er beðinn um að koma í bíladelluviðtal. Hann á tvo fornbíla af bestu gerð. Annar þeirra er Cadillac.***

Bogi er þekktur fyrir að gera flest sjálfur, hvort sem það er að byggja hús eða gera upp bílana sína. Cadillacinn sem hann er með á hlaðinu á Hliði á Álftanesi kveðst hann hafa flutt inn sjálfur fyrir um fimm árum. „Ég var mikið í gömlubíladellunni þegar ég var um 17-18 ára aldurinn og hélt ég væri alveg læknaður af henni. En þegar ég lenti inn á netverslunina eBay þá gaus hún upp aftur af tvöföldum krafti. Þegar ég pantaði þennan kádilják sá ég fyrir mér að ég gæti skutlað fólki heim á honum á kvöldin þegar það væri búið að njóta veitinga hjá okkur hér á Álftanesinu því þetta er hálfgerð limúsína sem tekur átta manns. Ég hef reyndar ekki gert það enn þá en ég samþykkti þetta sem ástæðu til að kaupa bílinn eftir miklar samningaviðræður við sjálfan mig sem lengi voru á viðkvæmu stigi.“

Kádiljákinn er 58-módel. Hurðirnar opnast upp á þakið til að fólk þurfi ekki að beygja sig þegar það sest inn. Afturhurðirnar opnast líka í vinkil út þannig að auðvelt er að stíga virðulega inn og út úr bílnum. Stór og mikil rúða gengur upp úr bakinu á bílstjórasætinu svo fólk geti talað saman aftur í án þess að bílstjórinn heyri til og svo er hnúður í mælaborðinu sem skynjar ef bíll kemur á móti, þá lækka ljósin sjálfkrafa.

„Það voru ekki framleiddir nema tæplega 700 svona bílar,“ segir Bogi og bætir við að þessi muni hafa verið svartur í byrjun. „Sá sem ég keypti hann af var búinn að eiga bílinn í tuttugu ár og hann málaði hann gráan. Þegar hann keypti hann fylgdi honum sú saga að Kennedy-fjölskyldan hefði átt hann í upphafi. Það má líka alveg fljóta með að Elvis átti líka einn svona svartan og það veit enginn hvar hann er. En það voru engar samlokur eða pilluafgangar undir aftursætinu á mínum og það stórminnkar líkurnar á að um sé bíl kóngsins sé að ræða.“

*gun.@frettabladid.is*




**Gosflöskur** og jógúrtdósir er þægilegt að grípa í þegar maður er á ferðinni og vantar hressingu. Flöskuhaldarar í bílnum koma að góðum notum til að halda dósunum á sínum stað og koma í veg fyrir að úr þeim hellist.



















Jón Hjörleifsson hjá Triumph-umboðinu við eitt mótorhjólið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Mótorfákar í nýjum sal

***Triumph-umboðið á Íslandi var nýlega opnað í nýju húsnæði fyrirtækisins að Fiskislóð 26 í Reykjavík.***

„Ég hef hjólað lengi og prófað margt en þegar ég prófaði Triumph kolféll ég fyrir hjólunum. Ég fékk umboðið árið 2005 eftir að hafa reynt að fá það í eitt ár og það tókst,“ segir Jón Hjörleifsson hjá Triumph-umboðinu.

Í sýningarsal verða mörg glæsileg ný og notuð Triumph-mótorhjól auk fatnaðar og spennandi aukahluta. Fyrirtækið Krossgötur ehf., sem annast innflutning og sölu á Triumph-mótorhjólum, var stofnað árið 2005 af Jóni Hjörleifssyni. Fram til þessa hefur það eingöngu flutt inn fyrirfram seld hjól og þá gjarnan bara eitt í einu. Nú er kominn tími breytinga.

„Ég og félagi minn rekum þetta í fullri vinnu. Við erum bjartsýnir en fyrst og fremst er áhuginn nánast sjúkdómur. Það er lítið sem getur stoppað mann af. Við erum ekki bara að selja mótorhjól; við er með alls konar þjónustu fyrir hjólin. Við erum með varahluti og fatnað sem tengist mótorhjólaiðkun. Við verðum með verkstæði og það er allt í startholunum. Á verkstæðinu verðum við með fulla þjónustu og ættum að geta ráðist í öll þau vandamál sem koma upp hjá mótorhjólaeigendum,“ útskýrir Jón.

Jón hefur fengið til samstarfs við sig þá Hauk Hilmarsson og Magnús Axel Hansen og þeir hafa opnað glæsilega verslun, sýningarsal og verkstæði að Fiskislóð 26. Krossgötur ehf. munu leggja áherslu á hið sögufræga merki Triumph. Einnig verða í framtíðinni seld fjórhjól og önnur vélknúin ökutæki frá kínverska fyrirtækinu Chonqqing Newstar Group.

Fyrirtækið er líka með umboð fyrir HEL-bremsuslöngur og Pyramid-bremsuklossa, legur og pakkningar og ýmislegt annað sem fer í sölu fljótlega. „Á Íslandi eru um fimmtíu Triumph-mótorhjól skráð. Því má segja að það sé samfélag að myndast jafnt og þétt. Svo vitum við af mönnum sem eru að dunda við hjólin sín inni í skúr hér og þar og við viljum fá að vita af þeim líka,“ segir Jón. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 517 1077 og ítarleg vefsíða Triumph-umboðsins á Íslandi er www.triumph.is. Þar er allri þjónustunni gerð góð skil. *mikael@frettabladid.is*






**París** er kölluð borg ástarinnar. Hví ekki að drífa sig til Frakklands í sumar, annaðhvort með ástinni eða bara til að hressa upp á frönskukunnáttuna?

# Sjóræningjarnir koma

***Sjóræningjahúsið á Patreksfirði opnað um helgina.***



Stefnt er á að selja minjagripi og muni eftir handverksfólk úr sveitarfélaginu auk fjöldaframleiddra hluta. MYND/HAFDÍS ÓSK GÍSLADÓTTIR

Sjóræningjahúsið er byggt á frásögnum af komu strandræningja á svæðið á seinni hluta sextándu aldar. Í sumar verður sýningin í texta og myndaformi en Ólafur Engilbertsson, sagnfræðingur og sýningarhönnuður, hannaði sýninguna og Halldór Baldursson myndskreytti.

Í framhaldinu á að setja upp upplifunarsýningu með fígúrum í búningum sem hægt verður að ganga í gegnum. Einnig er hægt að kaupa sér kaffi og með því. Alda Davíðsdóttir, forstöðukona Sjóræningjahússins, hefur haft umsjón með undirbúningsvinnunni frá upphafi en Sjóræningjahúsið er hennar hugmynd.

„Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel og vinir og kunningjar óeigingjarnir á að eyða helgunum í að aðstoða okkur,“ segir Alda en lokið er við að gera upp hluta húsnæðisins sem hýsir sýninguna í sumar. Hún segir möguleikana óþrjótandi í sjóræningjaþemanu og er þegar komin í viðræður við leikfélagið á staðnum um skemmtilegar uppákomur í sumar. Einnig er hún í viðræðum við handverksfólk í sveitarfélaginu um gripi fyrir sýninguna.

„Mig langar til þess að íbúar á svæðinu hérna geti haft atvinnu í kringum Sjóræningjahúsið. Aðalatriðið er svo líka að þetta sé gaman og gestir geti tekið þátt.“



Forsprakkar Skjaldborgarhátíðarinnar fengu óuppgerða rýmið lánað um hvítasunnuhelgina og verða jafnvel haldnir tónleikar þar í sumar.

Enginn aðgangseyrir verður á sýninguna í sumar en nánar má lesa um Sjóræningjahúsið á vefsíðunni, www.sjoraeningjahusid.is *heida@frettabladid.is*



Alda Davíðsdóttir framkvæmdastýra fyrir utan sýningarhúsnæðið. MYND/HAFDÍS ÓSK GÍSLADÓTTIR

## Á hjóli öll þriðjudagskvöld

FÓLKI BÝÐST AÐ FARA Í HJÓLREIÐAFERÐIR MEÐ ÍSLENSKA FJALLAHJÓLAKLÚBBNUM ÖLL ÞRIÐJUDAGSKVÖLD KLUKKAN 20

Ef þú veist ekki hvað þú átt að gera næsta þriðjudagskvöld er upplagt að mæta á hjólakvöld hjá Íslenska fjallahjólaklúbbnum. Alla þriðjudaga klukkan 20 býðst fólki að mæta á stoppistöðina í Mjódd og fara í hjólreiðatúr með félaginu. Allir eru velkomnir í ferðirnar en þyngd ferðanna er höfð þannig að allir geti verið með og eru þátttakendur allt frá 7 ára krökkum upp í fullorðna einstaklinga. Yfirleitt er hjólað í einn og hálfan til tvo klukkutíma, 10 til 15 kílómetra að jafnaði.

Búið er að setja niður allar ferðir sumarsins en meðal annars verður farið að Úlfarsfelli, Gróttu, Elliðaárvatni og 1. júlí verður breytt aðeins út af vananum og mætt að Viðeyjarferju og síðan verður hjólað úti í Viðey. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu klúbbsins, www.fjallahjolaklubburinn.is. *- mþþ*




**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905


## Handhægur ferðafélagi og hollur matur

ICELAND EXPRESS ER FYRSTA LÁGGJALDAFLUGFÉLAGIÐ Í EVRÓPU SEM BÝÐUR UPP Á AFÞREYINGARKERFI UM BORÐ Í VÉLUM SÍNUM.

Iceland Express kynnti, á blaðamannafundi í Berlín í vikunni, nýtt afþreyingarkerfi og aukið framboð á mat í vélum sínum. Afþreyingarkerfið kallar félagið ferðafélagann og í honum má finna úrval kvikmynda, sjónvarpsþátta, barnaefnis og tölvuleikja. Iceland Express er fyrsta lággjaldaflugfélagið í Evrópu sem býður slíka þjónustu um borð.

Matthías Imsland, forstjóri félagsins, sagði á blaðamannafundinum, sem íslenskum fréttamönnum var boðið á, að búnaðurinn væri hluti af þeirri ímyndarherferð sem félagið fór af stað með í fyrra. „Rekstur félagsins hefur gengið mjög vel og með þessu viljum við skerpa á áherslum okkar.“

Innan nokkurra vikna verður hægt að panta ferðafélagann um leið og flugmiða en hann er nú fáanlegur um borð. Rík áhersla er lögð á að bjóða upp á íslenskt efni eins og Stelpurnar, Svínasúpuna og Strákana. Þá verða dönsku sjónvarpsþættirnir Klovn í spilaranum, Hollywoodmyndir og ýmislegt fleira.

Auk ferðafélagans eru barnabox og matur frá Ávaxtabílnum og meðal nýjunga um borð. „Við gerðum ítarlega könnun á óskum viðskiptavina og kom í ljós að flestir vildu hollan og heilsusamlegan mat án viðbætts sykurs og aukaefna,“ sagði Matthías. *- ve*








Veiðikortið veitir aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr.–*Og þú velur hvar og hvenær þú veiðir!*

Frí heimsending þegar verslað er beint á www.veidikortid.is

**BÍLALEIGUBÍLAR**
**SUMARHÚS Í DANMÖRKU**

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
( Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
**Sumarhús**
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia

**LALANDIA - Rødby**
Lágmarksleiga 2 dagar.

**LALANDIA - Billund**
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

# Tenerife

**10. eða 24. júní**

**frá kr. 49.990**

**- í 2 vikur**

***Frábært sértilboð***
*Cristian Sur & Tenerife Sur*
*2 vikur - góð gisting*



***Síðustu sætin!***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Tenerife í júní. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Í boði er gisting á góðum íbúðahótelum, Cristian Sur eða Tenerife Sur, sem eru mjög vel staðsett í Los Cristianos. Stutt frá ströndinni og hringiðunni í hinum skemmtilega Los Cristianos bæ. Gríptu tækifærið og skelltu þér í frí á frábærum kjörum.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í íbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Verð kr. **59.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í stúdíóíbúð í 14 nætur, 10. eða 24. júní.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**Hárskraut** má nota sem skartgripi og þannig lífga upp á klæðnaðinn. Fallegar blómaspennur, íburðarmiklar hárklemmur eða hárspangir gera mikið fyrir útlitið.


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA



Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is


# Innreið strigaskónna

***Sama hvað tátiljum, ballerínuskóm og stígvélum líður þá klikka strigaskórnir seint.***

Litlar tátiljur, hælaskór og stígvél hafa átt vinsældum að fagna hjá kvenpeningnum að undanförnu en strigaskór eru þó og verða með fyrstu sumarboðunum og þeir klikka seint.

Um þessar mundir eru gull- og silfurskór áberandi í bland við litrík pör.

*vera@frettabladid.is*



Silfurlitaðir Diesel-skór með gulu fóðri. Focus skór 14.990 kr.



Fjólubláir Reebok-skór. Fást í Maraþon. Verð 11.990 kr.



Skrautlegir Sneaky Steve-skór. Maraþon 8.490 kr.



Klassískir Converse-skór. Þeir fást í fjölmörgum litum í Focus skóm. Verð 10.990 kr.



Silfurlitaðir Butterfly Dream-skór úr Focus skóm í Kringlunni. Fást einnig gulllitaðir og svartir. Verð 7.990 kr.



Hvítir og gylltir Puma-skór. Maraþon 11.990 kr.


allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Ný sending
af svörtum buxum frá Michele
Maítilboð
29., 30., og 31. maí
allt með 20% afslætti
Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077




MC PLANET
Austurhrauni 3 - 210 Garðabær - 533 3805

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 31. MAÍ 2008



**HEIMILIÐ**

## Hafið heim

**INNLIT**

## Heimshornaflakkarinn í litla húsinu

**HÖNNUN**

## Svíar fjalla um íslenska hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ

ÓSKUM SJÓMÖNNUM
OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

N1



HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

# Skipulag og yfirsýn

Galdurinn við snyrtilegt heimili er skipulag og yfirsýn. Að hver hlutur eigi sinn stað þannig að aldrei liggi neitt eins og hráviði um allt. Frágangurinn kemur af sjálfu sér ef skipulagið er gott.

Ég hef alltaf séð fyrir mér að heimili mitt geti verið eins og þau sem maður sér í blöðum. Öllu snyrtilega raðað og fersk blóm í vasa á borði. Ég hef staðið í þeirri trú að ég hafi þessa náðargáfu sem þarf til að komast á síður lífstílsblaðanna fyrir snyrtilegt heimili. Segi í hverju einasta atvinnuviðtali að ég sé mjög skipulögð, hafi góða yfirsýn. Enda hef ég mjög gaman af því að raða. Ég raða í litaröð, stærðarröð eða hvaða röð sem er. Eins geri ég lista. Skrifa niður það sem þarf að kaupa í búðinni og það sem þarf að pakka niður í töskur fyrir ferðalög. Skrifa niður þau verkefni sem liggja fyrir og strika svo vandlega yfir þegar verki er lokið. Planlegg bókstaflega allt sem þarf að gera. Þannig hef ég haldið að ég hafi fullkomin tök á aðstæðum á heimili mínu.

„Ég fann kippi fara yfir andlitið og skjálfhent reyndi ég að raða listunum upp til að fá yfirsýn yfir stöðuna. Á hverju væri best að byrja, þvottinum, pappírsfjallinu, leikföngunum, yfirhöfnunum? “

„Úff, hér er allt í drasli!“ sagði svo litla skottan einn morguninn þegar við komum fram. Og það var rétt. Þótt hún státi aðeins af tveimur árum þá blöskraði henni ástandið. Eldhúsborðið hlaðið blöðum og dóti, dót og drasl í gluggakistum, leikföng úti um allt gólf og ófrágenginn þvottur í sófanum. Yfirhafnir sem ekki rötuðu á snagana lágu yfir stólbak í stofunni og kassar sem átti eftir að taka upp úr eftir flutningana í haust, stóðu enn uppi við vegg. Ég varð alveg hissa. Vissi ekki betur en ég hefði skrifað þessi atriði á lista fyrir löngu.

Ég gróf mig niður gegnum hrúguna á skrifborðinu mínu og fann hvern listann á fætur öðrum. Þeir voru allir þétt skrifaðir en ekki búið að strika yfir nema örfá atriði. Hvernig gat þetta gerst? Ég fann kippi fara yfir andlitið og skjálfhent reyndi ég að raða listunum upp til að fá yfirsýn yfir stöðuna. Á hverju væri best að byrja, þvottinum, pappírsfjallinu, leikföngunum, yfirhöfnunum? Ég vissi ekki mitt rjúkandi ráð. Eftir nokkur andartök og niðurtalningu frá tíu í huganum náði ég tökum á sjálfri mér. Ég settist einbeitt við skrifborðið og ruddi draslinu til hliðar. Safnaði listunum eldsnöggt saman og hóf að skrifa einn allsherjarlista.

Ég fann öryggið koma yfir mig við hvert atriði sem ég kom niður á blað og brosti að vitleysunni í sjálfri mér. Auðvitað hef ég fulla stjórn á ástandinu heima hjá mér, þetta snýst bara um skipulag. Inni í eldhúsi heyrði ég svo í litlu skottunni fá sér kornflex og sturta úr öllum pakkanum yfir borðið. Ég bætti því á listann án þess að blikna.



● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók mynd á heimili Telmu Halldórsdóttur. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● **HÖNNUN** Paul Loebach rekur hönnunarstúdíó í New York og sérhæfir sig í viðarhúsgögnum. Hann blandar saman aldagömlum hefðum í handverki og hátækniframleiðslu.

Við hönnun grænu innskotsborðanna sótti hann innblástur til bandaríska sértrúarsafnaðarins „Shakers“ og hefðar þeirra: að nýta hvern hlut til hins ýtrasta og að hver hlutur og húsgagn hafi fleiri en einn notkunarmöguleika. Borðin nýtast sem borð, tröppur og skemlar.





**„Þetta er smáskot sem ég skelli hljóðfærunum mínum í og er voða gott að sækja í af og til,“ segir Pálmi Gunnarsson um tónlistarhornið sitt.** HEIÐA/FRÉTTABLAÐIÐ

# Reiða í óreiðunni

● Pálmi Gunnarsson er með tónlistarhorn inni í stofu og fer þangað oft til að spila á bassann. Einnig eyðir hann löngum stundum í skúmaskotinu sínu niðri í kjallara.

„Ef einhver myndi taka til í herberginu þá held ég að mér myndu bara fallast hendur. Ég trúi á reiðuna í óreiðunni,“ segir Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður um herbergi niðri í kjallara sem hann heldur talsvert upp á. „Ég kalla það skúmaskotið. Hér er ég með tölvuna mína og vinn alla mína vinnu, bæði í tónlist og skrifum. Ég leyfi mér þó ekki að kalla þetta skrifstofu, þetta er bara svona hola þar sem ég skrifa og dunda mér,“ segir Pálmi sem kveðst ekki gera mikið fyrir herbergið þrátt fyrir að eyða löngum stundum þar inni. „Ég passa mig bara á því að hafa opinn glugga af og til, þannig að maður líði ekki út af. Síðan er nánast eina skrautið mitt uppi á töflu en einhvern tímann þegar ég kom heim eftir langa útiveru hafði litla dóttir mín skrifað voða fallega til pabba síns, ég þurrka það ekki út.“

Annar eftirlætisstaður Pálma er tónlistarhornið inni í stofu. „Þar er ég með bassana mína við hliðina á píanói sem er mikið notað af dætrum mínum. Inn í það horn skríð ég oft til að pikka upp bassann og spila pínulítið,“ segir Pálmi sem kveðst vera afskaplega nægjusamur þegar kemur að innanstokksmunum. „Mér finnst gott að hafa eitthvað gott að sitja í og síðan er ég sjónvarps- og kvikmyndafíkill þannig að ég vil hafa góðar græjur. Svo þarf ég að hafa góða eldavél því ég er mikill matkokkur. Ef þessir hlutir eru í lagi þá er mér eiginlega alveg sama um annað,“ segir Pálmi sem hefur í nógu að snúast þessa dagana. „Ég ásamt nokkrum vel völdum tónlistarmönnum erum að fara að halda tónleika á íslenskri helgi á Grænlandi núna um helgina. Einnig spilum við á Alþjóðlegu tónlistarhátíðinni á Akureyri sem hefst 12. júní en þar verða hljómsveitir alls staðar að úr heiminum. Síðan er ég að vinna að upptökum með Hrund Ósk Árnadóttur en við stefnum að útgáfu disks á næstunni,“ segir Pálmi að lokum. *mþþ*




Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss
Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slysahættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss
www.danfoss.is

STILLUM HITANN HÓFLEGA
www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins


OPNUNARTILBOÐ
10-30%
AFSLÁTTUR!
Á SVEFNSÓFUM!
EITT MESTA ÚRVAL
LANDSINS AF SVEFNSÓFUM
Höfum opnað einn stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.
Opnunartilboð á svefnsófum af öllum stærðum og gerðum.
TILBOÐ!
SOPHIA
Svefnsófi
Áður 65.800 kr.
NÚ 49.900 kr.
TILBOÐ!
T160
Svefnsófi
Áður 159.000 kr.
NÚ 135.200 kr.
TILBOÐ!
CLOVE
Svefnsófi
Áður 75.900 kr.
NÚ 59.000 kr.
TILBOÐ!
T160
Svefnsófi - leður
Áður 263.800 kr.
NÚ 184.900 kr.
ÁVALLT
FYRIRLIGGJANDI
Í MÖRGUM LITUM
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is
HEILSURÚM

# Sænskt tímarit fjallar um íslenska hönnun

● Sænska hönnunartímaritið Forum Aid verður nú selt í bókabúðum hér á landi. Fjallað er um íslenska hönnun í nýjasta tölublaðinu.

Forum Aid var stofnað árið 1976 sem málgagn sænskra innanhússhönnuða. Árið 1999 varð tímaritið óháð fagtímarit og spanna efnistökin arkitektúr og hönnun almennt á Norðurlöndunum.

Ritstjóri Forum Aid, Daniel Colling, segir lesendahóp blaðsins mestmegnis vera fagfólk í geiranum en öllum sem áhuga hafa á skandinavískri hönnun og arkitektúr, ætti að þykja tímaritið áhugavert.

„Efnistökin hjá okkur eru einstök að því tilliti að óháðir blaðamenn fjalla um hönnun og arkitektúr,“ útskýrir Daniel. „Við fáum ekki hönnuðina sjálfa til að fjalla um sín verk en Forum Aid er eina tímaritið sem ég þekki til sem nálgast hönnun eins og önnur tímarit nálgast dægurmenningu. Greinarnar okkar fjalla oftar en ekki jafn mikið um persónuna bak við hönnunarverkefnið eins og verkefnið sjálft.“

Daniel segir blaðið hafa það að markmiði að fjalla um það nýjasta sem er að gerast og kortleggja framtíðina í arkitektúr og hönnun. Í nýjasta tölublaði Forum Aid er fjallað um íslenska hönnun og er það að detta inn í verslanir Eymundsson þessa dagana. „Það er ekkert fagtímarit sem fjallar um íslenska hönnun á markaðinum og eðlilegt að við gerum það, þar sem við fjöllum um öll Norðurlöndin,“ segir Daniel. „Það er mikil gróska í íslenskri hönnun í dag og við munum sannarlega fjalla oftar um íslenska hönnun en hún sker sig úr á Norðurlöndunum að því er okkur finnst. Samfélagið er lítið og hér er enginn stór húsgagnaiðnaður. Það gerir íslenska hönnuði fjölhæfari en kollega þeirra annars staðar á Norðurlöndum.“



Framtíð Íslands er yfirskrift greinarinnar þar sem íslenskir hönnuðir koma við sögu. Aftar í blaðinu er fjallað um Arkibúlluna og segir ritstjóri blaðsins að reglulega verði fjallað um íslenska hönnun.

Í grein sem ber yfirskriftina „Iceland´s future“, eða framtíð Íslands, er meðal annars fjallað um grafík Signýjar Kolbeinsdóttur og Hönnunarfyrirtækið Borðið. Aftar í blaðinu er fjallað um arkitektastofuna Arkibúlluna.

*- rat*






## Skógarmunstraðir lampar

Norski hönnuðurinn Cathrine Kullberg setti á stofn sitt eigið lampaframleiðslufyrirtæki árið 2006 og sýndi fyrsta lampann sinn ári síðar. Hún byggir á aldagamalli skandinavískri hefð við lampagerð og notar þunna birkirenninga í skerma í lampalínu sína Norwegian Forest. Í viðinn er skorið út munstur, norskur greniskógur og má sjá skógardýr á sveimi milli trjánna. Þegar kveikt er á lampanum lýsir gullinni birtu gegnum birkiviðinn og munstrið lifnar við þegar ljósið skín í gegnum það.

Birkirenningarnir eru skornir niður af flugvélamódelsmiði og stálgrindin er smíðuð á málmverkstæði í nágrenni vinnustofu hönnuðarins en allir lamparnir eru settir saman í höndunum á vinnustofunni. Cathrine Kullberg lærði hönnun og arkitektúr ásamt listasögu og útskrifaðist árið 2000 með mastersgráðu í hönnun. Nánar má lesa um hönnun hennar á vefsíðunni, www.cathrinekullberg.com




## hönnun

**● SAMEINAÐIR KRAFTAR Í HÖNNUN** Tveir þungavigtarmenn í hönnun, hinn franski Pierre Charpin og Ítalinn Alessandro Mendini, leggja saman krafta sína á hönnunarsýningu í Kreo-galleríinu í París. Þeir sýna sameiginlega hönnun á mósaíkhúsgögnum og list. Með sýningunni vilja þeir sýna fram á fegurð og notagildi mósaíklistarinnar. Einn af munum sýningarinnar er endurgerður hægindastóll eftir Mendini sjálfan, þar sem hönnuðirnir gerðu mósaíkhlaðna útgáfu af stólnum fræga.

Sýningin opnaði 24. maí síðastliðinn og stendur fram til 25. júní næstkomandi.













# Plastás ehf framleiðir einangrunarplast í veggi, gólfplötu, sökkla, gluggabretti, þök ofl.










**Gerum verðtilboð um allt land.**
**Opið kl. 8.00-17.00 virka daga.**






**Plastás ehf**
*Einangrunarplast*

EPS

**Sími: 4627799 og fax 4627709 netfang er plastas@simnet.is.**

# Heimshornaflakkarinn í litla húsinu

Telma Halldórsdóttir, lögmaður á lögfræðistofunni Fulltingi, hefur ferðast mikið og búið víða um ævina. Litla húsið hennar við Bragagötu ber þess glöggt merki.

Fyrir utan að hafa ferðast út um allan heim hefur Telma búið í Danmörku, Kosta Ríka og í Brussel. Heimili hennar ber keim af öllu þessu og Telma á marga fallega og spennandi muni frá mörgum löndum. „Ég væri eflaust með meira af stærri hlutum frá ferðalögum mínum, en oft er erfitt að flytja muni á milli landa,“ útskýrir Telma.

Telma býr í pínulitlu einbýlishúsi frá árinu 1926 í miðbæ Reykjavíkur. Á meðan hún bjó erlendis leigði hún húsið því hún gat ekki hugsað sér að selja litla húsið sitt.

Á efri hæðinni er Telma með silkiteppi frá Tyrklandi sem henni fannst passa vel við gluggann á ganginum. „Þetta voru fyrstu stærstu kaupin mín og einnig þau skemmtilegustu sem ég hef gert um ævina. Ég var ekki að leita mér að teppi en kaupmennirnir voru afskaplega ágengir en þó alveg ótrúlega kurteisir. Eftir langa mæðu tókst mér að ná verðinu niður um helming og sló til,“ segir Telma.

„Styttan mín er frá Suður-Afríku og gerð af myndhöggvara frá Simbabve. Styttuna keypti ég þegar ég ferðaðist um Suður-Afríku í fyrra. Ég féll alveg fyrir henni,“ segir Telma sem bjó í Brussel á þessum tíma og var lengi að velta því fyrir sér hvernig hún ætti að koma styttunni heim því hún var of stór og of þung til að taka með sér í farangur. Það var því ákveðið að senda hana með DHL-hraðflutningi, „eins og svo marga af þeim munum sem ég hef keypt mér erlendis“, segir Telma.

Málverkið sem prýðir stofuvegginn hjá Telmu er frá Jórdaníu. Það keypti hún þegar hún var að flytja erindi þar í landi. „Ég féll fyrir myndinni en listagalleríið tók ekki kreditkort. Þetta þýddi að ég þurfti að ganga á milli hraðbanka og reyna að safna saman peningum fyrir myndinni. Það má segja að ég hafi sýnt mjög einbeittan eyðsluvilja því ég hafði mikið fyrir því að safna peningunum saman,“ segir Telma og hlær.

„Önnur mynd sem er í uppáhaldi hjá mér er kisumyndin mín. Hana keypti ég í Mont Martre í París af alsírskum listamanni. Þegar við fórum að spjalla kom í ljós að hann hafði lengi búið í Danmörku líkt og ég. Þarna stóðum við, Íslendingurinn og Alsírbúinn, og ræddum myndlist á dönsku í miðri Parísarborg. Það var mjög sérstök stund,“ segir Telma.

*- kka*



Telma Halldórsdóttir lögmaður hefur séð mikið af heiminum.



Telmu þótti gaman að prútta niður verðið á teppinu sem hún keypti í Tyrklandi.



Þessi stytta frá Suður-Afríku vegur tuttugu kíló og því var erfitt að koma henni heim.



Kisumyndina keypti hún í París.



Telma lagði mikið á sig til að eignast þessa mynd.



Litla húsið hennar Telmu er áttatíu og tveggja ára gamalt.


STÓRA GOSPELHÁTÍÐIN
HAFNARFIRÐI
20.-29. JÚNÍ
1908
2008
Hafnarfjörður hundrað ára
SARAH KELLY
MODULAR SOUL
FANTASTIC
IMMANU EL
DAVID HOLNESS
JOYBELLS
CHRISTIAN-CHARLELS DE PLICQUE
ONE TREE
JESUS REVOLUTION CONCERT TEAM
CHRISTAFARI
THE LISTENING
AVION BLACKMAN
SOLOMON JABBY
MARTIN I GRUND
LEIGH NASH
CONSTELLA
AKUSIA
HEINE LUTZEN
ÁSAMT ALLRI LITAFLÓRU ÍSLANDS Í GOSPELTÓNLIST
VELKOMIN Í HAFNARFJÖRÐ
29. MAÍ TIL 1. JÚNÍ ER AFMÆLISHELGI HAFNARFJARÐAR - STÓRA GOSPELHÁTÍÐIN HEFST SVO 20. JÚNÍ OG STENDUR Í 10 DAGA
VÍÐISTAÐATÚN - VÍÐISTAÐASKÓLI - VÍÐISTAÐAKIRKJA - THORSPLAN
abc
BARNAHJÁLP
20 ÁRA AFMÆLI ABC

**Hafnarfjörður 100 ára**
Hátíðin er haldin á 100 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar og er hluti af afmælishátíð bæjarins. Von okkar er að sem flestir landsmenn heimsæki eða taki þátt í þessari fjölskylduhátíð og kynnist fjölbreytileikanum í Gospeltónlist ásamt almennu kirkjulegu starfi.

**Dagskrá**
Fjölbreytt dagskrá verður fyrir allan aldur en dagskráin verður þéttust um helgarnar en léttari á virkum dögum. Mikið er lagt í að hafa Festivalið sem fjölbreyttast og að hátíðin höfði til allrar fjölskyldunnar. Nú þegar hafa hundruð listamanna skráð sig til þátttöku, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Á hátíðinni munu koma fram allir helstu Gospel tónlistarmenn Íslands og fjöldi erlendra listamanna. Létt tónlist verður oftast inni í Víðistaðakirkju en popp, rokk, dans og drama ásamt alls kyns sýningum verður á sviði á mótssvæðinu. Um helgar verður boðið upp á gott krakka- og unglingastarf.

**ABC hjálparstarf 20 ára**
Afmælistónleikar ABC verða þann 21. júní í tilefni af 20 ára afmæli hjálparstarfsins. Margt af okkar þekktasta tónlistarfólki mun koma fram. Þau nöfn sem nefnd hafa verið eru Gospelkór Reykjavíkur, Björgvin Halldórsson, Páll Rósinkrans, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur, Ragnar Bjarnason, Hera og Regína Ósk.

Í tilefni af afmæli ABC mun starfsmönnum hjálparstarfsins í 10 löndum verða boðið til landsins og til að taka þátt í hátíðinni. Hvert land verður daglega með styrktartónleika í Víðistaðakirkju og starfsemi hvers lands kynnt, eitt land á dag í 10 daga.

**Líf og fjör fyrir allan aldur!**
Á svæðinu verða settar upp hjólabretta-sýningar með lifandi tónlist undir. Við Hafnarfjarðarhöfn verður boðið upp á sjóbrettaferðir og fleira. Skátarnir verða með gestaþrautir og leiki fyrir yngstu kynslóðina um helgar. Risa sölutjald, hundasýningar, andlitsmálun, listatjald, blöðrur og grill verða á svæðinu.

**Fjölskylduhátíð fyrir alla landsmenn.**
Gospel er fyrir alla fjölskylduna, ekkert ofbeldi er í textunum heldur einungis það sem er jákvætt og til uppbyggingar. Þeir sem kynnast Gospeltónlist eru sammála um það að oftast er eitthvað sérstakt sem gerist bæði hjá áheyrendum og tónlistarfólki við flutninginn. Við vonum að svo megi einnig verða á Víðistaðatúni, að gestir kynnist einhverju nýju og eignist nýja sýn á boðskapinn í kristinni trú sem er grunnurinn í Gospeltónlist. Hægt er að tjalda á svæðinu gegn vægu gjaldi á vegum Skátanna. Góð gæsla verður á svæðinu.

**Frítt inn**
Þessi hátíð sem hefur einnig verið kynnt sem „Gospel festival" er sú eina sinnar tegundar á Íslandi en Gospelhátíðir eru vel þekktar erlendis. Ekki mun kosta inn á hátíðina nema á svokölluð „workshop" erlendra tónlistamanna.

**Fyrirlestrar og námskeið**
Fjölmargir fyrirlestrar og námskeið verða í boði um mismunandi efni á hátíðinni. Námskeiðin og fyrirlestrarnir verða um helgarnar í Víðistaðaskóla og í Víðistaðakirkju frá kl. 10:00 til 12:00.



# SARAH KELLY
## TÓNLEIKAR 28. JÚNÍ

Sara Kelly er afar hæfileikarík söngkona sem kemur frá Los Angeles. Sara fæddist í Svíþjóð en hefur búið lengst af í Bandaríkjunum. Sarah byrjaði að spila á pianó þegar hún var 3ja ára en hún segist ekki hafa orðið góð fyrr en hún varð 7 ára. Í dag rekur hún píanóskóla og er með 300 nemendur á sínum snærum. Sarah er hress í framkomu og tekur lífið ekki mjög hátíðlega eftir að hafa verið gift manni í mörg ár sem misnotaði hana og braut hana niður andlega og líkamlega. Sarah tjáir sig í gegnum sönginn og segir hún að lofgjörðin og trúin hafi borið hana í gegnum erfiðleikana. Sarah kennir ekki Guði um ófarir sínar sem því miður margir vilja gera heldur notar reynslu sína í dag til að hjálpa öðrum. Sarah er rísandi stjarna í USA og spilaði nú í febrúar í eftirpartýi óskarsverðlaunahafa við mikinn fögnuð viðstaddra. Meðal þeirra sem hafa spilað og aðstoðað Söru á plötum hennar eru Slash í Guns N´ Roses, Meatloaf, Toby framleiðandi Mike Clink (Guns N' Roses), Lincoln Brewster og Nick Lashley (Alanis Morisette) og Marti Fredrickson. Í Gospelgeiranum í USA hefur hún spilað og sungið með Jars of Clay og Toby Mac o.fl. góðum listamönnum. Sarah verður með tónleika sína á Víðistaðatúni þann. 28. júní nk. Ókeypis aðgangur!

Café KONDITORI Copenhagen

Hönnun Betri Stofan
Prentun ísafoldarprentsmiðja,365
Ljósmyndir hag og fleiri

Útgefandi: Gospeldagar
e-mail: info@biggospel.com
www.biggospelfestival.com



Christafari er heimsfræg Reggae hljómsveit frá Los Angeles sem mun heimsækja Hafnarfjörð í sumar og spila á Stóru Gospelhátíðinni. Christafari hefur spilað á tvennum Ólympíuleikum og einnig fyrir forseta Bandaríkjanna á þeim 20 árum sem hljómsveitin hefur verið starfrækt. Hljómsveitin hefur gefið út 25 diska og nýr diskur er áætlaður á þessu ári. Diskurinn Valley of Decision er söluhæsti Reggae diskur sem gefinn hefur verið út í Reggae bransanum í USA. Söngvari Christafari rekur einnig hljómplötuútgáfuna "Lion of Zion Entertainment" en það fyrirtæki er einnig umboðsskrifstofa fyrir tónlistarfólk í Reggae geiranum.

# CHRISTAFARI

**Hljómsveitin Christafari hefur fjórum sinnum hlotið útnefningu til Marlin verlaunanna, fimm sinnum til Urban Gospel Industry og þeir hlutu verðlaunin "Best Reggae Album" frá En Sound Music Awards. Þeir hafa fengið þrenn (UGI) verðlaun "Best Artist/Group", og besti framleiðandinn, verðlaun 2004. Í Svíþjóð voru þeir tilnefndir til verðlaunanna "Concert of the Year" frá Connection Awards. Einnig voru þeir útnefndir til "Dove Award" árið 2006. Þegar maður les um þessar tilnefningar, hlustar á þá og skoðar hvað þeir hafa verið að bralla síðastliðin ár, er nokkur ljóst að það hlýtur að vera frábært að vera á tónleikum með þeim. Þeir sem hafa séð Christafari á sviði gefa hljómsveitinni 10 í einkunn. Frábær upplifun sem við eigum eftir að njóta á Víðistaðatúni. Ókeypis er á tónleikana.**



# AVION BLACKMAN



Avion Blackman er söngkona sem syngur við ljúfa Reggae Jamoo tónlist. Avion ætlar að heimsækja okkur og taka lagið og mun hljómsveitin Christafari sjá um undirleik. Fólk líkir oft tónlist Avion við "Sade og Nora Jones" en tónlist hennar er með rólegt yfirbragð, hugljúf og falleg. Avion ólst upp hjá Indjánum (frumbyggjum) rétt hjá borg sem kallast Pivaro og húsakostirnir voru strákofar án glugga og hurða. Hjá þessum ættbálk var mikið af tónlist og öll systkini hennar 24 að tölu tóku þátt í tónlistarsköpun. Það er óhætt að segja það að þegar maður hlustar á Avion, heyrir maður að hér er á ferð mjög svo sérstök kona og mjög svo sérstök tónlist, í senn hugljúf og falleg og Reggae Jamoo stíll í bakgrunn.

# CONSTELLA



Constella samanstendur af þremur hressum strákum frá Florida sem spila Electronic popp. Strákarnir eru einstaklega hressir á sviði og verður skemmtilegt að hafa þá með okkur í sumar. Þessir strákar munu spila á 17. júní í Reykjavík og verða þeir einnig með á NMD tónleikunum sem haldnir verða á Thorsplani þann 21. júní nk.
Um þessar mundir eru þeir í USA að taka upp sinn annan CD disk. Constella var í 5 vikur á tónleikaferðalagi síðasta sumar og hafa strákarnir ferðast víða og mun Ísland vera fyrsta landið sem þeir ætla að heimsækja þetta sumarið.






# MODULAR SOUL

## Að eiga sér drauma er fyrir alla!

**Modular Soul er nýtt technoband frá Þýskalandi samansett af þeim Dekay og Klaus Frauenholz.** Dekay er Gyðingur frá Jerusalem og Frauenholz er kristinn Þjóðverji. Techno er mjög vinsælt í Þýskalandi og heilu samfélögin, klúbbar og samtök eru í kringum herlegheitin. Þessir strákar nota Dj-sett og Modula og ýmis hljóðfæri til að búa til tónlist. Lögin eru að mestu instrumental, oft dreymandi tónlist með smá íhugunartexta eða bara létt danstónlist. Frauenholz hefur m.a. spilað á Cornerstone í USA og verður á SLOT Art Festival í Póllandi í júlí í sumar.
Sjá meira um bandið á : www.myspace.com/modularsoul

PERLAN
SMYRIL LINE
VLF HLÍF
Verkalýðsfélagið Hlíf






# GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS

Gospelkór Jóns Vídalíns var stofnaður fyrir tveimur árum fyrir styrk frá Pokasjóði. Verkefnastjóri er Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og kórstjóri er Þóra Gísladóttir. Þær stöllur settu verkefnið af stað í upphafi. Kórinn er fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Margir úr fjölbrautaskólanum í Garðabæ hafa sótt kórastarfið og því tókst gott samstarf við skólann sem í dag borgar stærsta hluta kostnaðarins við starfið, einnig fá allir þátttekendur einingar sem valfag við skólann. Gospelkórinn syngur reglulega við guðsþjónustur í Vídalínskirkju og Bessastaðakirkju. Einnig heldur kórinn tvenna tónleika á ári í FG og er allur ágóði látinn renna til góðra málefna. Í vor fór allur aðgangseyrir í verkefnið Blátt áfram og að leysa þrælabörn á Indlandi úr ánauð. Þóra Gísladóttir kórstjóri hefur mikla þekkingu á Gospeltónlist og syngur í Gospelkór Reykjavíkur. Hún er jafnframt einleikari á þverflautu og menntaður tónlistarkennari. Hún er afkastamikill lagahöfundur og er núna þessa dagana að gefa út tvo geisladiska. Kórinn syngur blöndu af Gospel, Popprokk og Funktónlist með ljúfum ballöðum inn á milli. Kórinn er kraftmikill og góður þrátt fyrir ungan aldur og innan hans eru margir frábærir einsöngvarar. Gospelkór Jóns Vídalíns mun syngja á Stóru Gospelhátíðinni þann 20. júní. Ekki missa af þessum einstaka viðburði á Víðistaðatúni. Aðgangur er ókeypis.



*Þóra Gísladóttir*




# DAVID HOLNESS

David Holness er frá Englandi og vinnur þar sem Dj á ýmsum klúbbum og kaffihúsum. David byrjaði 15 ára að spila sem plötusnúður en á ákveðnum tímapunkti í lífi sínu upplifði hann snertingu við Guðdóminn og sneri sér þá að því að spila danstónlist með góðum boðskap fyrir hlustendur. David segir að Guð noti tónlist sína til að snerta við fólki sem er opið fyrir slíku en aðrir njóta bara tónlistarinnar og skemmta sér ríkulega með danstaktinum.





# JESUS REVOLUTION CONCERT TEAM

BIGGOSPELFESTIVAL.COM



Jesus Rovolution er söng- og danshópur frá Noregi sem ferðast um heiminn og hafa krakkarnir heimsótt um 1500 kirkjur víða um heim og sýnt atriði sín. Jesus Revolution er vinsæl hjá ungu fólki á öllum aldri. Boðskapurinn er skýr í söngatriðum þeirra og svo er drama og dans með taktfastri tónlist. 2 söngvarar og 6 dansarar eru í Concert team. Þetta unga fólk mun koma fram á hátíðinni í sumar og einnig í verslunarmiðstöðvum og kaffihúsum borgarinnar.

SALT
KRISTIÐ SAMFÉLAG
saltks.is



# VÍÐISTAÐAKIRKJA 20 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI 1998 2008

## Afmæli ABC í Víðistaðakirkju á Stóru Gospelhátíðinni

Í tilefni af afmæli ABC mun starfsmönnum hjálparstarfsins í 10 löndum verða boðið til landsins og til að taka þátt í hátíðinni. Hvert land verður með styrktartónleika í Víðistaðakirkju og starfsemi hvers lands kynnt, eitt land á dag í 10 daga. Sendiherrar ABC munu aðstoða við kynningar á styrktartónleikunum, myndasýning og kynning frá hverju landi og skráning styrktaraðila verður á hverju kvöldi. Sendiherrar ABC eru: Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, Guðfinna Bjarnadóttir alþingismaður og fyrrverandi rektor HR, Logi Bergmann Eiðsson fréttamaður, Nína Dögg Filippusardóttir leikkona, Ólafur Stefánsson handboltakappi, Ragnar Bjarnason tónlistarmaður, Selma Björns-dóttir leik- og söngkona, Unnur Birna Vilhjálms-dóttir lögfræðinemi og alheimsfegurðardrottning, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og fyrrverandi utanríkisráðherra og Þorsteinn Sigfússon vísindamaður og prófessor við HÍ.
Þeir tónlistarmenn sem koma munu fram á þessum 10 dögum verða kynntir í næsta blaði Gospelhátíðarinnar.



# AFMÆLISHÁTÍÐ
# ÞAÐ ERU TÍMAMÓT

Á sama ári og Hafnarfjarðarbær heldur upp á 100 ára afmæli sitt, fagna sóknarbörn Víðistaðasóknar á 20 ára vígsluafmæli kirkjunnar sinnar. Víðistaðakirkja var vígð þann 28. febrúar 1988 og var vegleg afmælishátíð haldin af því tilefni helgina 1. og 2. mars sl.

Þegar slíkra tímamóta er minnst er gjarnan horft til baka, en snýst þó fyrst og fremst um að fagna á líðandi stundu og byggja upp til framtíðar. Afmælishaldið í Víðistaðakirkju miðar að því að efla, bæta og byggja upp á þeim trausta grunni sem lagður hefur verið á undanförnum árum.
Nú framundan er Stóra Gospelhátíðin sem haldin er í tilefni hundrað ára afmælis bæjarins. Víðistaðakirkja tekur þátt í framkvæmd hátíðarinnar og má segja að það sé jafnframt liður í afmælishaldi kirkjunnar, sem miðar einmitt að því að efla kristilegt starf í söfnuðinum. Hátíðin verður haldin í hjarta sóknarinnar, á hinu fallega svæði framan við kirkjuna, á Víðistaðatúni.

Einnig mun hluti dagskrárinnar fara fram í kirkjunni, fyrirlestrar, námskeið og tónleikar og má þar sérstaklega nefna styrktartónleika ABC starfsins, sem fagnar einmitt líka um þessar mundir 20 ára starfsafmæli sínu.

Þar mun fjöldi þekktra tónlistarmanna leggja hjálparstarfi ABC lið. Víðistaðakirkja mun einnig eiga fulltrúa á meðal flytjenda á hátíðinni því Stúlknakór Víðistaðakirkju mun syngja undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur.

Kórinn kemur tvisvar fram, sunnudagana 22. og 29. júní í tengslum við risa sunudagaskóla sem verður haldinn á túninu þessa daga.

Vonir standa til að Gospelhátíðin muni verða vel sótt af fólki sem kemur saman í kristilegum anda til að njóta fjölbreytilegrar tónlistar sem á það sameiginlegt að boða fagnaðarerindið á trúarlegum nótum. Er ekki vafi á því að slík hátíð muni jafnframt efla starf kirkjunnar þegar til lengri tíma er litið.

Starfsfólk Víðistaðakirkju hefur lagt sig fram um það á undanförnum árum að byggja upp öflugt safnaðarstarf og ekki síst á meðal barna og unglinga – og ætti Gospelhátíðin einmitt að höfða vel til þeirra aldurshópa og raunar allra aldurshópa. Þetta ætti að verða sannkölluð fjölskylduhátíð.

Bragi J. Ingibergsson, sóknarprestur









*Frá vígsluhátíðinni í Víðistaðakirkju*



## Stúlknakór Víðistaðakirkju

Stúlknakórinn varð til árið 2004 þegar ákveðið var að skipta Barna- og unglingakórnum upp í tvo kóra. Áslaug Bergsteinsdóttir stjórnar kórnum, sem syngur við fjölskylduhátíðir í kirkjunni og fleiri tækifæri. Stúlknakórinn mun taka virkan þátt í hátíðinni í sumar og vonum við að sem flestir komi og hlusti á þessar skemmtilegu ungu stúlkur sem eru að byrja tónlistarferil sinn.



*Mark Mohr*

## REGGAE NÁMSKEIÐ

CHRISTAFARI

Þann 29. júní verður Reggae námskeið í Víðistaðakirkju. Hljómsveitin Christafari verður með vinnuhóp sem byggist þannig upp að fyrst mun Mark Mohr söngvari Christafari og framkvæmdastjóri Lion of Zion segja sögu sína og fara létt yfir það sem er að gerast í Reggae tónlist. Allir sem koma á námskeiðið geta skrifað niður spurningar sínar og mun þeim verða svarað á fyrirlestrinum. Síðan verður gert stutt hlé og kaffi og svo munu þátttakendur geta valið sér hljóðfæraleikara í Christafari til að læra hjá. Liðsmenn Christafari munu fara yfir Reggae taktinn og kenna þeim sem koma á námskeiðið Reggae greinina. Námskeiðið hentar öllum þeim sem starfa í tónlist og vilja auka þekkingu sína á Gospelreggaetónlist.




# ABC barnahjálp - 20 ára
## Takk Ísland!

*Heimavist yngri drengjanna á Heimili litlu ljósanna á Indlandi*

BARNAHJÁLP

## Upphaf ABC barnahjálpar

**Fyrir rúmum 20 árum sátu átta einstaklingar og lögðu á ráðin um stofnun ABC hjálparstarfs. Enginn þeirra var þekktur í þjóðfélaginu en það var hugsjón, vilji og trú sem einkenndi þennan fámenna hóp. Frá því að þessir fundir voru haldnir í heimahúsi hefur margt gerst. ABC barnahjálp starfar nú í mörgum löndum og sér fyrir æ fleiri börnum. Hugsjónin er stór og starfið vex hröðum skrefum.**

## Hjartans þakkir fyrir að gefa þúsundum barna nýtt tækifæri

**ABC barnahjálp fagnar nú tímamótum og vill þakka landsmönnum ómetanlegan stuðning við þúsundir bágstaddra síðast liðin 20 ár. Fjöldi ABC heimila og skóla hefur verið byggður og mikill fjöldi barna hefur útskrifast frá þeim með ýmsar gráður og von um betra líf á þessum 20 árum. Í dag eru um 11 þúsund börn í skólum á vegum ABC barnahjálpar, þar af dvelja um fjögur þúsund börn á heimilum og heimavistum ABC. Hjartans þakkir kæru stuðningsaðilar fyrir að gefa öllum þessum börnum bjartari framtíð. Stefnan er að gefa sem flestum fátækum börnum kost á að ganga í skóla og götubörnunum heimili .**

**Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um menntun barna og að sjá til þess að grunnþörfum barna sé mætt.**

**Skólaganga barna**
Grunnurinn í starfi ABC er menntun barna eins og nafnið ABC barnahjálp ber vott um. Yfirleitt stunda styrktarbörnin nám í skólum sem ABC hefur haft forgöngu um að setja á fót en í stöku tilfellum í öðrum tiltækum skólum.
Innifalið í stuðningi við skólagöngu barna er greiðsla skólagjalda eða beinn kostnaður við kennsluna, skólabækur og ritföng, skólamáltíðir, læknishjálp og skólabúningar. Í sumum tilfellum þarf einnig að sjá börnunum fyrir aðstoð við að komast í skólann.

Leitast er við að veita góða menntun með því að hafa hæfilegan fjölda nemenda í bekk og þjálfa kennara eins og kostur er.



**Heimavistir og barnaheimili fyrir heimilislaus börn**
Áhersla er lögð á að mæta þörfum munaðarlausra og heimilislausra barna með barnaheimilum og heimavist. Götubörnum er boðið heimili og þeim hjálpað til að hefja eðlilegt líf. Einnig er leitast við að sjá börnum sem koma langt að til að sækja skóla og börnum sem búa við óviðunandi heimilisaðstæður aðstöðu til að búa á heimavistum ABC á meðan þau stunda nám í ABC skólunum.
Hjálpin sem veitt er á heimavistum og barnaheimilum ABC er húsnæði, umönnun, fæði, klæði, læknishjálp og ýmis konar uppbyggileg iðja. Má nefna sem dæmi skátastarf, fótbolti og aðrar íþróttir og ýmis konar fræðsla, söngur og leikir. Einnig er leitast við að aðstoða aðstandendur þessara barna ef þörf krefur og mögulegt er.

ABC starfar í Pakistan, Indlandi, Filippseyjum, Úganda, Kenýa, Líberíu og Senegal, en verið er að undirbúa starf ABC í Burkina Faso og nokkrum öðrum Afríkuríkjum.

Alls styrkti ABC í kringum 10.000 börn í ársbyrjun 2008, en markið er sett á að tvöfalda þann fjölda á 20 ára afmælisárinu og vera með 20.000 börn í árslok 2008. Af þeim 11.000 börnum sem ganga í skóla fyrir tilstilli ABC í dag eru yfir 4000 börn í heimavistum eða barnaheimilum ABC.

## Pakistan

ABC var stofnað í Pakistan árið 2005. Búið er að setja á fót 12 ABC skóla í Pakistan, þar af 4 skóla í húsnæði sem ABC hefur byggt.



*ABC skólinn í Farooqabad – verið er að byggja tvær kennslustofur ofan á hægri vænginn.*



*Við vígslu ABC skólans í Chack 96 R/B í desember 2006*



*ABC skólinn í Peshawar vígður í desember 2006*



*ABC skólinn í Jaranwala – vígður um páskana 2007*



*Skólabíll ABC í Pakistan*



*Við vígslu skólans í Farooqabad í desember 2006*

Verið er að byggja nýjan ABC skóla í Gujranwala, en hinir ABC skólarnir eru reknir í leiguhúsnæði. Samtals eru um 2813 nemendur í ABC skólunum í Pakistan, þar af eru 510 börn í heimavistum ABC. Nú er að hefjast uppbygging á landskika sem utanríkisráðuneyti Íslands lagði fé til að kaupa á árinu 2007. Þar stendur til að byggja grunnskóla og framhaldsskóla auk heimavista.





## Indland

ABC hóf að styrkja börn á Indlandi árið 1991 í samstarfi við Mission of Mercy. Voru byggð barnaheimili á Indlandi og í Kambódíu í því samstarfi.
Heimili litlu ljósanna í Andhra Pradesh hefur verið megin viðfangsefni ABC barnahjálpar á Indlandi frá árinu 1994. Á heimilinu búa nú um 2500 börn og unglingar og hafa verið byggð fjölmörg íbúðarhús og skólabyggingar fyrir börnin á heimilinu auk annarrar nauðsynlegrar aðstöðu. Skóli er frá 1. til 10. bekk, ýmis konar verknám, iðnskóli, menntaskóli og háskóli.



*Nýjasta heimavistin fyrir stúlkur í byggingu á Heimili litlu ljósanna – mars 2008*



*Svefnvist á Heimili litlu ljósanna*



*Kornabarnahúsið við El Shaddai barnaheimilið í Tamil Nadu*

El Shaddai barnaheimilið í Tamil Nadu hefur verið byggt upp og rekið af ABC barnahjálp frá árinu 1995. Þar búa um 180 börn.

Athvarf fyrir 50 götubörn í Chennai var sett á fót í ágúst 2007.

Kvöldskólar eða skólamiðstöðvar hafa verið settar á fót í 70 Dalítaþorpum í Andhra Pradesh þar sem börn fá ýmis konar aðhlynningu, síðdegishressingu og aðstoð kennara við heimanám.

Miklar byggingaframkvæmdir standa fyrir dyrum á Heimili litlu ljósanna og El Shaddai barnaheimilinu þegar fjármagn leyfir. Brýnustu verkefnin er ný heimavist fyrir yngri stúlkur, nýr barnaskóli og unglingaskóli fyrir Heimili litlu ljósanna og verkmenntaskóli fyrir El Shaddai barnaheimilið.



## Filippseyjar

ABC hefur styrkt börn til náms á Filippseyjum í samstarfi við Norrænu barnahjálpina frá árinu 1990. Í dag styrkir ABC á sjöunda hundrað börn gegnum það starf, en hefur nú einnig stofnað ABC á Filippseyjum og munu nokkrir ABC skólar taka til starfa á Luzon og Mindanao eyjum á Filippseyjum þegar nýtt skólaár hefst í júní, þar af er einn með sérdeild fyrir fötluð börn.

FRÉTTABLAÐIÐ

*Þessi opna er afmælisgjöf Fréttablaðsins til ABC*





## Úganda

ABC hefur starfað í Úganda frá árinu 1993. Til að byrja með var aðal starfið í Gulu héraði en vegna ófriðarástands fluttist aðal uppbygging starfsins til Kitetika í Suður-Úganda. Þar hefur verið heilmikil uppbygging og sömuleiðis í Rackoko í Pader héraði þar sem eru flóttamannabúðir fyrir 17.000 manns. Uganda Australia Foundation hefur verið samstarfsaðili ABC barnahjálpar í Úganda, en sú stofnun er nú orðin ABC barnahjálp í Úganda.
Á fimmta þúsund börn stunda nú nám í skólum ABC í Úganda, en þar af eru um 3000 börn styrkt til náms héðan frá Íslandi, í Gulu héraði, Kitetika og Rackoko. ABC í Úganda rekur forskóla, barnaskóla, unglingaskóla og verkmenntaskóla.
Á annað þúsund barna dvelja á heimavistum skólanna. Auk skólastarfs rekur ABC heilsugæslu, samfélagsútvarp og fullorðinsfræðslu í Rackoko.



*Nýja ABC barnaskólabyggingin í Kitetika í bakgrunni*



*Unglingaskólinn í Kitetika*



*Ein nýju heimavistanna í Rackoko*

Nýjasta verkefni ABC í Úganda er mjög brýnt, en það er neyðarástand ófrískra stúlkna sem eru reknar úr grunnskólum vegna ástands síns. ABC hefur lagt áherslu á að byggja heimavistir fyrir stúlkur í Pader héraði þar sem kynferðislegt ofbeldi er mjög algengt og þungun unglingsstúlkna er alvarlegt vandamál. Verkefnið "Mother child alive" eða Móðir barn á lífi er átak til að hjálpa stúlkum sem hafa orðið fórnarlömb slíkt ofbeldis. Hundruð stúlkna hafa leitað til ABC vegna ástands síns, sumar ófrískar, en aðrar með ung börn sín. Verkefnið felst í að veita þeim athvarf þar sem þær geta haldið áfram námi og jafnframt lært að hugsa um börnin sín. Byggð verður aðstaða fyrir stúlkurnar þar sem þær geta dvalið með börnum sínum, dagheimili fyrir börnin þar sem séð er um þau á meðan stúlkurnar stunda námið og matsalur sem verður einnig nýttur sem aðstaða til að kenna þeim að sjá um börnin sín.



*Fyrrverandi náttstaður sumra barna hjá ABC, fáæktin er gífurleg.*

## Kenýa

ABC barnahjálp var stofnuð í Kenýa haustið 2006. Starfið hefur verið tvíþætt:

Hjálp fyrir götubörn í Nairóbí. Opnað var heimili fyrir götubörn í desember 2006 og dvelja þar nú um 200 börn í fjórum húsum og stunda nám.



Hjálp fyrir börn úr fátækustu fjölskyldum fátækrahverfa Nairóbí, en Mathare fátækrahverfið hefur verið aðal vettvangur þess hjálparstarfs. Um 300 börn þiggja nú hjálp við að komast í skóla, skólagjöld eru greidd og börnunum útvegaðir skólabúningar, bækur og læknishjálp auk þess sem reynt er að aðstoða fjölskyldur barnanna við að koma undir sig fótunum þar sem þess er kostur.

Nýjasta verkefni ABC í Kenýa er að koma á fót skólamiðstöðvum inni í fátækrahverfum Naíróbí. Auk þess að bláfátækum börnum sé hjálpað til að komast í skóla geta þau komið í skólamiðstöðina eftir skóla, fengið síðdegis hressingu og aðstoð kennara við heimanámið auk almennrar aðhlynningar og aðstoðar. Þetta verkefni er svar við gífurlegri neyð heimilislauss fólks í fátækrahverfunum eftir að átök brutust út í kjölfar forsetakosninganna í desember. Fólk er enn heimilislaust eftir að heilu hverfin voru brennd og stoðum kippt undan lífi fátæklinganna.

ABC barnahjálp er nú að ganga frá kaupum á stóru landi fyrir utan höfuðborgina þar sem byggð verða heimili og skólar fyrir umkomulaus börn.



## Líbería

ABC barnahjálp var stofnuð í Líberíu um áramótin 2006-2007 til að mæta gríðarlegri neyð eftir langvarandi borgarastyrjöld. Keypt var stórt land undir starfsemina með hjálp frá utanríkisráðuneyti Íslands og er nú uppbygging í fullum gangi. Byggingu heimavistar fyrir stúlkur er nánast lokið, skólabygging er vel á veg komin og sömuleiðis heilsugæsla.

Bygging heimavistar fyrir drengi er ráðgerð á þessu ári, sömuleiðis matsalur, eldhús, starfsmannahús og gestahús. Gert er ráð fyrir að hægt sé að byggja aðra hæð ofan á byggingarnar og þegar það er búið verður aðstaða til að hýsa og mennta yfir 1000 börn á landinu. Gert er ráð fyrir að byggingar verði tilbúnar og starfsemi hefjist þegar nýtt skólaár hefst í byrjun september.



*Heimavist fyrir stúlkur er langt komin í Líberíu – lengst til hægri er heilsugæslan með bláu þaki. Myndin er tekin af þaki skólabyggingarinnar.*

## Burkina Faso

Verið er að ganga frá skráningu á ABC barnahjálp í Burkina Faso.
Gríðarleg þörf er á að byggja skóla og hjálpa börnum til mennta en yfir helmingur barna í Burkina Faso er án skólagöngu. Búið er að fá land undir skólabyggingar og gert er ráð fyrir að starfið verði komið í fullan gang áður en nýtt skólaár hefst í haust.



## Senegal

Verið er að ganga frá skráningu á ABC barnahjálp í Senegal. Aðal áherslan er á að aðstoða götubörn frá Guinea Bissau sem eru í þrælavinnu á götum Dakar í Senegal og hjálpa þeim til að komast heim til sín aftur. Einnig er fátækum senegölskum börnum hjálpað til að komast í skóla, en lítill ABC forskóli tekur til starfa í haust.

## Guinea Bissau

Til stendur að hefja starf í Guinea Bissau sem fyrst og er undirbúningur hafinn vegna skráningar ABC í landinu. Til stendur að byggja skóla til að hjálpa þeim börnum sem hafa verið tekin sem þrælar yfir til Senegal og tekist hefur að senda til baka.
ABC hefur þegar verið gefið land undir skóla í Guinea Bissau og munu framkvæmdir hefjast um leið og fjármagn leyfir, en hópur barna bíður eftir skólanum.

## Rúanda

ABC hefur verið gefið land í Kigali höfuðborg Rúanda þar sem stendur til að hefja starf í haust.

**Yfir 200 milljónir króna voru sendar frá Íslandi á síðasta ári í gegnum ABC barnahjálp til menntunar og framfærslu þurfandi barna og uppbyggingar aðstöðu fyrir þau.**

## Kærar þakkir

Við hjá ABC barnahjálp viljum koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem stutt hafa ABC á einhvern hátt á þeim 20 árum sem liðin eru frá stofnun starfsins. Þetta stóra og ört vaxandi starf er sameiginlegt átak okkar Íslendinga sem við bjóðum nú öðrum þjóðum að taka þátt í með okkur. Við sem höfum farið fyrir þessu starfi finnum glöggt að þetta starf er fætt í hjarta Guðs og hann á allan heiður af því. Guð er faðir föðurlausra og hann hefur blásið sinni hugsjón inn í starfið. Við höfum haldið áfram í trú, tekið skref inn í ný lönd án þess að hafa nokkurt fjármagn, tekið inn fleiri börn en við höfum séð fram á að geta fætt, lofað skólabyggingum með tóma sjóði en alltaf hefur Guð mætt þeirri þörf sem við höfum staðið frammi fyrir. Þakka ykkur kæru landsmenn sem hafið staðið með okkur og verið bænasvar inn í aðstæður umkomulausra barna. Án Guðs og ykkar hefði þetta aldrei verið hægt. Guð blessi ykkur fyrir hjálpina.

**ENN BÍÐA MÖRG BÖRN EFTIR HJÁLP**

**abc.is**

**414 0990**

***Hringdu til okkar eða farðu inn á vefsíðu okkar og taktu að þér barn. Mikinn fjölda barna vantar stuðningsaðila. Einnig er hægt að leggja inn framlög á reikning ABC. nr. 1155-15-41411 kt. 690688-1589***

B A R N A H J Á L P

Síðumúla 29 - 108 Reykjavík - S: 4140990 - www.abc.is - abc@abc.is

# [veldu góðan jarðveg fyrir barnið þitt]

Suðurhlíðarskóli er kristinn EINKASKÓLI í Reykjavík sem býður upp á 1. til 10. bekk grunnskóla. Í Suðurhlíðarskóla fær hver nemandi ATHYGLI og kennsla og verkefni eru sniðin að þörfum hvers og eins. Suðurhlíðarskóli er staðsettur við Fossvoginn og er því stutt að fara á SKEMMTILEG útivistarsvæði eins og fjöruna, Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Í Suðurhlíðarskóla er lögð áhersla á það að mennta börn til þess að verða HEILSTEYPTIR og SKAPANDI einstaklingar. Þú færð allar UPPLÝSINGAR um Suðurhlíðarskóla á upplýsingavef skólans á www.sudurhlidarskoli.is

**-veldu Suðurhlíðarskóla!**

**[upplýsingasími skólans er 568.3725]**



Vegurinn hefur alltaf verið þekktur fyrir skemmtilegar samkomur fullar af lífi og kröftugri lofgjörð og hefur kirkjan gefið út mikið af lofgjörðar- og Gospeltónlist í gegnum árin. Áheyrendur geta tekið þátt í söngnum og enginn í salnum þarf að vera mikill söngsnillingur til þess að syngja með.

Á samkomum er söngtextum varpað á skjá fremst í salnum til þess að fólk geti tekið þátt og sungið með og upplifað áhrif lofgjörðartónlistar. Að tjá sig í söng til Guðs er mikil, uppbyggjandi lífsreynsla segja allir þeir sem hafa komist á bragðið.

# LOFGJÖRÐARSVEIT VEGARINS

## ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LOFGJÖRÐARSÖNG



Biblían talar um góðan Guð og sannarlega er hann bara góður. Í Rómverjabréfinu 12:2 stendur "Lærið að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna." Margir hafa ranga mynd af Guði og halda að hann sé reiður Guð eða grimmur, sem lemur okkur og leiðir okkur inn í allskonar erfiðleika til að við lærum af þeim, en þannig er Guð ekki. Guð þráir að við skiljum að hann vill gefa okkur líf fullt af hinu góða, hinu fagra og hinu fullkomna. Guð gaf okkur það besta sem hann átti, son sinn Jesú, tökum við þessari gjöf og lærum að lifa í vilja Guðs.

Högni Valsson & Lilja Ástvaldsd.





## Af hverju Alfa?

Það var fyrir rúmum þremur árum sem ég fór á Alfa námskeið í Veginum. Ég hafði verið að fara með strákinn minn í barnastarfið veturinn á undan og þegar ég sá Alfa auglýst ákvað ég að skella mér. Ég komst ekki á kynningarkvöldið en eftir fyrstu kennsluna ákvað ég að halda áfram og klára námskeiðið. Þegar farið var yfir sögulegan bakgrunn Biblíunnar og ég sá allar heimildirnar um hana og þá sem hún fjallar um gerði ég mér ljóst að þekkingu minni var meira ábótavant en mig grunaði. Margt af því sem við teljum vera staðreyndir er í raun byggt á miklu veikari grunni en frásagnir Biblíunnar. Samt drögum við hana í efa en gleypum við öðru sem er varla meira en hugleiðingar einhverra manna. Vísindi dagsins í dag eru í óða önn að afsanna uppgötvanir vísinda gærdagsins.

Þegar námskeiðið var rúmlega hálfnað kom að Alfa helginni. Hún var haldin í Hlíðardalsskóla og þar var stjanað við mannskapinn. Leiðbeinendurnir gerðu sitt ítrasta til að fólkinu liði vel og hefði gaman af. Þeir útbjuggu morgunmatinn fyrir okkur og síðan kom fólk úr kirkjunni og eldaði matinn og lagði á borð fyrir okkur. Þvílík þjónusta!
Á laugardagskvöldinu var haldin samkoma og þá mætti fólk með hljóðfæri og spilaði yndislega lofgjörðartónlist fyrir okkur. Síðan var okkur boðið fram til fyrirbænar og þá ákvað ég að fara fram og bað frelsisbænina ásamt hópleiðtogum mínum. Síðan þá hef ég tilheyrt Jesú og sótt samkomur í Veginum.

Ég hvet alla til að fara á Alfa sem hafa áhuga á að dýpka skilning sinn á Biblíunni og Guði. Því við erum ekki tilviljun, við höfum hlutverk. Námskeiðið er bæði mjög fræðandi og skemmtilegt og byggir upp góðan anda í hópnum.

Kveðja,
Jóhannes Sigmarsson



## Ókeypis fræðsla á miðvikudögum fyrir alla sem komast að degi til

Undanfarna mánuði hafa verið fræðslustundir í Veginum á hverjum miðvikudegi kl. tvö e.h. Oftast hefur Eiður Einarsson fyrrverandi forstöðumaður Vegarins verið með ýmis biblíuleg efni og frásögur af miklum vakningum og trúarhetjum fyrri tíma. Eftir fræðsluna gæðir fólk sér á kaffi og vöfflum og nýtur þess að ræða saman. Það er hlé á þessu í sumar frá 1. júní og lestrarnir byrja svo aftur í haust.

## DÚNDUR DAGSKRÁ

Allir dagar eru **DÚNDUR DAGAR** í Veginum því það er alltaf eitthvað að gerast og nefnum við hér það helsta:
Á föstudagskvöldum er eldheitt unglingastarf sem byrjar kl. 20. Foreldrar gefa þessum stundum góð meðmæli því hér er um algjörlega heilbrigða skemmtun að ræða án vímuefna í góðu og öruggu umhverfi. Oft teygist stundin langt fram á kvöld því fjörið er svo mikið hjá krökkunum. Fjöldi foreldra óska þess að unglingarnir þeirra komist í heilbrigðan félagsskap um helgar í stað þess að sjá á eftir þeim í miðbæ Reykjavíkur. Allir unglingar eru meira en velkomnir á þessar stundir.

Á sunnudagsmorgnum kl: 11 mæta foreldrar og börn saman. Starfið er aldursskipt og er skiptingin þannig; ungbarnastarf 1-3 ára, barnastarf 3-9 ára og krakkastarf 9-12 ára. Það eru ekki bara foreldrar sem tilheyra Veginum sem mæta, heldur líka fólk sem velur og vill að börnin sín fái að taka þátt í fjörugu kristilegu starfi. Til uppfræðslu í sunnudagsstarfinu er notast við tónlist, brúðuleikhús og að sjálfsögðu kærleika. Einnig er séð til þess að foreldrarnir þurfi ekki að láta sér leiðast á meðan því flesta sunnudagsmorgna er boðið upp á fyrirlestra. Morgunsamkomurnar eru þó ekki yfir sumartímann.
Á sunnudagskvöldum kl: 19 eru samkomur fyrir allan aldur. Vegurinn hefur alltaf verið þekktur fyrir skemmtilegar samkomur fullar af lífi og kröftugri lofgjörð enda hefur kirkjan gefið út mikið af lofgjörðar og Gospeltónlist.
Á þessum sunnudagskvöldum kemur fólk hvaðanæva að enda eru allir velkomnir. Margir nýta sér í leiðinni að koma við í bókabúðinni sem er landsþekkt fyrir frábært úrval en hún er opin eftir allar samkomur og einnig á virkum dögum.

## Námskeið

### Að sættast við fortíðina

Þetta námskeið byggist á biblíulegum grunni og veitir hagkvæma hjálp til að sigrast á tilfinningalegum og andlegum hindrunum í samfélagi við Guð



og menn og leiðbeinir fólki inn á braut fyrirgefningar, lækningar og vonar.
Unnið er í stuðningshópum, 5-6 manns í hóp ásamt leiðbeinanda. Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur og er mjög vel af því látið.

### Sálgæsla & fyrirbæn

Kirkjan býður upp á sálgæsluviðtöl fyrir þá sem þurfa að fá aðstoð. Þá er gott að koma á hlutlausan stað og fá fyrirbæn og ráðgjöf út frá orði Guðs. Sálgæsluráðgjafar hafa hlotið menntun frá ýmsum biblíuskólum, m.a. frá Arken í Svíþjóð þar sem slíkt er kennt.
*Jes. 9:6 - Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðahetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.*

Alla virka daga er hægt að hringja í kirkjuna og fá fyrirbæn eða leggja inn bænarefni í síma 564-2355.

Vegurinn
Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogur, Sími 564 2355, www.vegurinn.is




*Allt frá árinu 1987 hafa Krossgötur rekið áfangaheimili fyrir áfengis og fíkniefnaneytendur í bata.*
*Á þriðja þúsund einstaklinga hafa hlotið hjálp við að fóta sig í lífinu eftir meðferð við slíkum vanda.*

Þú getur lagt góðu málefni lið: reikningur: 1135-26-9311 kt. 450193-2249




Þú ert velkomin/nn á samkomu í Krossinum. Samkomur eru: sunnudaga kl. 16:30, þriðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 20:30. ***KROSSINN*** Hlíðasmára 5, 201 Kópavogi s. 554-3377 ***www.krossinn.is***

**FYRIR ALLA SEM ELSKA AÐ FERÐAST**




*Atlas of the World, verð áður 12.900,- 600 blaðsíður af fróðleik*

**Ótrúlegt tilboð, aðeins kr. 5.900**

Ef þú kemst ekki til okkar, hafðu þá samband í síma 511-1180 eða glaetan@glaetan.is Við sendum með pósti.

Glætan Bókakaffi

Glætan Bókakaffi, Aðalstræti 9, 101 Reykjavík

*Ekta veitingastaður!*

Indian mango er ekki dýr staður, ekki ódýr en bara góður. Ekkert úr krukku, ekkert úr dós, notum eingöngu ferksar afurðir.



INDIAN MANGO

Indian Mango · Á horni Frakkastígs og Grettisgötu
Sími 551 7722 · www.indianmango.is · info@indianmango.is



# FRÍKIRKJAN KEFAS



Fyrsta skóflustungan



Grunnurinn kominn



Burðarbitar reistir



Glæsilegt útsýni



Mynd að komast á húsið



Húsið fullbúið

Fríkirkjan Kefas var stofnuð árið 1992 og hefur vaxið og dafnað síðan. Orðið Kefas þýðir klettur og varð því fyrir valinu sem nafn kirkjunnar. Kirkjan boðar fagnaðarerindið um Jesú Krist og að hann sé sá eilífi klettur sem hægt er að byggja líf sitt á.

Í honum er að finna fyrirgefningu synda, von og líf. „Jesús sagði þeim: „Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir." Jóh. 6:35

Árið 2000 hófst mikið átak hjá kirkjunni og hafist var handa við að byggja eigið húsnæði undir alla starfsemi kirkjunnar að Vatnsenda eða þar sem nú er Fagraþing. Húsnæðið er nú fullklárað og þar er góð aðstaða fyrir samkomur, barnastaf, unglingastarf og margt fleira. Einnig er þar fallegur veislusalur sem vinsælt er að leigja fyrir ýmiskonar veislur.

Kirkjan stendur á einum fegursta stað Kópavogsbæjar þar sem náttúran birtist í allri sinni dýrð. Það er einkar hrífandi að horfa frá kirkjunni út yfir Elliðavatnið og að Heiðmörk ásamt því að sjá fjallahringinn frá Bláfjöllum til Esjunnar nema við himin.



## Tónlistin

Tónlistin skipar stóran sess í starfi kirkjunnar. Árið 2001 voru gefnir út tveir geisladiskar sem heita *"Til Konungsins"* og *"Í þinni nærveru"*. Hægt er að hlusta á lög af diskunum á heimasíðu kirkjunnar: www.kefas.is. Tónlistarhópur Kefas tekur þátt í Gospelhátíðinni í sumar.

## Starfsemi Fríkirkjunnar Kefas

- **Almennar samkomur**
  - kl. 20:00 á sunnudögum yfir sumartímann.
  - Á samkomum er tónlist, bæn, prédikun, fyrirbænir og fleira.



- **Barnastarf á samkomum yfir vetrartímann**
  - Góð aðstaða er fyrir barnastarfið á efri hæð kirkjunnar.
  - Börnin biðja fyrir sínum bænarefnum, fá fræðslu og uppbyggingu, syngja, fara í leiki, föndra o.fl.
- **Sunnudagaskóli**
  - er alla sunnudaga yfir skólaárið frá 11-12.
  - Lífleg kennsla, mikill söngur og brúðuleikur.
- **Unglingastarf**
  - Samkomur eru einu sinni í viku. Tónlist, prédikun og spjall.
- **Alfa námskeið**
  - Alfa námskeið hefur verið í Kefas undanfarin ár og hefst nýtt námskeið nú í haust.
- **Fræðslur**
  - eru reglulega í kirkjunni um Biblíuna og margvísleg málefni.
- **Karlastarf**
  - Karlarnir hittast reglulega og eiga saman hressilegar stundir.
- **Mót**
  - Af og til heldur kirkjan fjölskyldumót rétt fyrir utan bæinn sem fela í sér fræðslustundir, samkomur og skemmtun
- **Minningarsjóður**
  - Kirkjan starfrækir minningjarsjóð sem ætlaður er til að aðstoða þá sem þess þurfa, t.d. með úthlutun á matargjöfum fyrir hver jól.

    Árið 2006 var sjóðurinn nefndur eftir Árna Kr. Hanssyni sem lést það ár, 99 ára að aldri. Sjóðurinn starfar nú í minningu hans.

## www.kefas.is

Heimasíða kirkjunnar, www.kefas.is, býður upp á ýmsar fréttir og fróðleik. Á síðunni er einnig spjallborð þar sem hægt er að ræða um heima og geima. Líttu við!

## Sunnudagaskóli

Sunnudagaskólinn tók til starfa í janúar 2007 og er alla sunnudaga yfir skólaárið frá 11-12. Þar er mikið sungið, hlustað á Biblíusögur, litað, brúðuleikur koma í heimsókn og svo er boðið upp á snarl. Kennslan er lífleg og oft með leikrænum tilburðum, einu sinni kom t.d. Móse sjálfur í heimsókn. Skólinn er sérstaklega hugsaður fyrir börn af Vatnsenda-svæðinu en að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

## Hugleiðingar sunnudagaskólastráka



Lúkas Páll, 3ja ára



Er gaman í sunnudagaskólanum? **Já**
Hvað er skemmtilegast að gera í sunnudagaskólanum? **Leika mér í körfubolta, leika með Jakob Dag, líka leika með Geir Jón. Gaman að því.**
Hvað er uppáhaldslagið þitt í sunnudagaskólanum? **Jesús er besti vinur. Það er flott.**
Hvar á Jesús heima? **Í loftinu. Og Guð. Hann er pabbi Jesú.**
Hvað gerir Jesús allan daginn? **Skoða tunglið og sólina og skýin.**
Hvað borðar Jesús? **Grjónagraut.**



Jakob Dagur, 4ra ára



Kanntu Faðirvorið? **Já, Faðir vor þú sem ert svo cool.**
Hvar er Jesús? **Í hjartanu. Viltu finna, hann er að banka.**
Hver er Jesús? **Guð & hann er besti vinur barnanna.**
Hvað gerið þið í sunnudagaskólanum? **Leika, dansa, lita, veiða fiska & skemmtilegast er að fara í tölvuna.**
Hvað gerirðu þegar þú ert hræddur? **Spyrja bara Jesú.**
Hvað spyrðu hann um? **Ég er hræddur Jesú, viltu hjálpa mér & svo fer ég upp í pabba rúm.**



Geir Jón, 4ra ára

Er gaman í sunnudagaskólanum? **Já!**
Hvað gerir þú í sunnudagaskólanum? **Leika og syngja**
Hvaða lag er skemmtilegast? **Sól, sól skín á mig & Kalli litli kónguló**
Hvar á Jesús heima? **Í kirkjunni**
Hvað borðar Jesús? **Fisk, eitthvað kjöt & krumma & uglu**











**Kefas · Fagraþingi 2a við Vatnsendaveg**



# MARTIN I GRUND

Martin i Grund er Færeyingur búsettur í Englandi. Hann er á leið til íslands ásamt 5 manna hljómsveit til að taka þátt í Stóru Gospelhátíðinni. Martin er fyndinn náungi sem semur ótrúlega skondin lög um ýmislegt yrkisefni úr orði Guðs. Martin mætti líkja við Iggy Pop og Bob Dylan á yngri árum en hann fer ótroðnar slóðir í söng sínum og fær hlustendur sína til að skemmta sér og njóta tónlistarinnar. Martin verður með tónleika sína seinni helgina á hátíðinni eða þann 27. 28. og 29. júní.

20. - 29. JÚNÍ
HAFNARFJÖRÐUR 100 ÁRA - ABC 20 ÁRA
VÍÐISTAÐAKIRKJA 20 ÁRA



# HERBERT GUÐMUNDSSON SÝNIR Á SÉR NÝJA HLIÐ

Herbert Guðmundsson fyrrverndi Búddisti hefur snúið sér að kristilegri tónlist og er að vinna að útgáfu á nýjum Gospeldisk. Herbert hefur alltaf reynt að fylgja sinni sannfæringu og verið ófeiminn að segja fólki frá því sem hann er að upplifa hverju sinni. Herbert komst í kynni við Guðdóminn á samkomu hjá Kærleikanum síðastliðinn vetur og var svo snertur af krafti tilbeiðslunnar að hann fór að kynna sér fjölbreytileika Gospeltónlistar og út úr því varð að hann snéri sér að því að semja lög sem snúa að kristindóminum.
Það er óhætt að segja að Herbert sé að gera gjörólíka hluti en hann hefur gert áður. Tónlistin er orðin alvarlegri og áhrifameiri og fólk hrífst með trúnni og söngnum. Á styrktartónleikum sem voru haldnir fyrir nokkrum vikum sló hann hreinlega í gegn. Það eina sem vantaði að hans sögn þegar hann kynnti nýju lögin sín var Gospelkór við hlið hans til að auka áhrif söngsins. Herbert mun troða upp á Stóru Gospelhátíðinni og sýna landanum nýja hlið á sér, hlið sem mun ekki láta nokkurn mann ósnortinn. Aðgangur er ókeypis eins og á alla styrktartónleika sem haldnir verða á Víðistaðatúni þessa daga.

# GIG



Gospel Invasion Group eða „GIG" er tónlistarhópur sem starfað hefur síðan 2002. Hann spilar kröftuga og dínamíska tónlist. Hópurinn hefur á að skipa nokkra af bestu söngvurum innan Gospelgeirans og hafa margir þekktir tónlistarmenn á íslandi kallað hópinn „best geymda leyndarmál Íslands". Hópurinn hefur gefið út tvo geisladiska og er sá þriðji væntanlegur í sumar ásamt DVD disk. GIG hefur spilað víða hér heima og erlendis og sér um tónlistina í Krossinum. Framundan hjá GIG er ferð seinnipart sumars til USA þar sem þau mun halda tónleika víða um Bandaríkin. Hópurinn mun einnig ferðast um landið og kynna nýja diskinn í haust.

Hægt er að fræðast meira um Gospel Ivasion Group á slóðinni: www.myspace.com/gospelinvasiongroup







# AKUSIA

## REGGAE FRÁ SVÍÞJÓÐ

Emma og Martin Ahlbäck hafa sett saman skemmtilega Reggae grúppu. Emma starfaði um skeið í Ghana og eftir þá reynslu setti hún saman bandið Akusia sem þjónar í söng og oft fylgja skemmtilegar sögur á milli laga. Akusia verður með tónleika sína á Víðistaðatúni mánudagskvöldið 23. júní eftir Jónsmessuskemmtunina í Hellisgerði.




# SOLOMON JABBY




Solomon Jabby er skemmtilegur Reggae listamaður sem spilar á hátíðinni DUB Reggae tónlist. Margar tegundir eru til í Reggae tónlistinni svo sem Gospel Reggae eins og Christafari spilar, Reggae Roots, Reggae Dancehall music, Soca, Jungle, Raggae muffin, Reggae hip hop, Reggae Jamoo og svo Reggae Dub tónlist. Solomon spilar Dub tónlist og er hann einn af þeim sem verða með námskeið á hátíðinni um þessa tegund af tónlist. Nánari uppl. á www.biggospelfestival.com



# GLIT

Tónlistin sem Glit spilar er "létt-sveiflu-gospel" og kemur bandið fram á Gospel hátíðinni þann 24. júní. Tilgangur hljómsveitarinnar er að gleðjast, vera öðrum til gleði og nafni Jesú til sóma. Hljómsveitina skipa miklir músikantar eða þau: Sigurbjörg Níelsdóttir, Bjarnsteinn Þórsson, Björgvin Óskarsson, Hálfdán Gunnarsson, Magnús Nielsson og Stefán Birkisson.

# ONE TREE

John-Kyle Dickerson er 21 árs trúbator sem fer víða um og spilar og syngur um trú sína. John ferðast með hljómsveitinni Constella frá Florida og ætlar hann að spila á nokkrum kaffihúsum í bænum ásamt því að troða upp á Thorsplani og í nokkrum verslunarmiðstöðvum.





SS fremstir fyrir bragðið


HLAUPADAGURINN
Sérfræðingur frá ASICS veitir ókeypis Footscan greiningu með Footdisc og hjálpar þér að velja réttu ASICS skóna.
Í Útilíf Holtagörðum, laugardaginn 31. maí milli kl. 13.00 - 17.00
asics
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF



Sjómannadagurinn

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra okkar bestu kveðjur

HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101• www.hedinn.is




Límmiðinn er 70 cm á breidd og 185 á hæð.

# Lífgað upp á forstofuna

Þessi skemmtilegi límmiði frá danska hönnunarfyrirtækinu Ferm Living er tilvalinn til þess að lífga upp á forstofuna eða ganginn. Hefðbundnir fatastandar þvælast bara fyrir en þessi er alltaf á sínum stað. Um er að ræða svart límmiðatré sem þú skellir á vegginn og síðan þarf bara að finna fallega snaga til að festa á greinarnar.

Verslunin Sirka á Akureyri selur vörur frá Ferm Living og límmiðann góða má nálgast í vefverslun þeirra á slóðinni www.sirka.is.



Sólveigu finnst notalegt að hafa myndir af fólkinu sínu nálægt sér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HILLAN MÍN

# Með ástvinina hjá sér

„Þegar ég lít á allar þessar myndir hlaðast upp hlýlegar minningar sem hafa góð áhrif á sálina," segir Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, og sýnir eftirlætishilluna sína í eldhúsinu þar sem hún hefur stillt upp myndum af þeim sem henni eru kærastir. Hillan er rétt við eldhúsborðið þar sem fjölskyldan situr gjarnan, borðar saman og ræðir málin. „Þegar við fluttum á Fjólugötuna fyrir nokkrum árum fékk ég þetta eldhús með útskoti og gluggum og góða hillu við. Ég byrjaði að safna myndum á þessa hillu af þeim sem mér þykir vænt um og vil hafa nálægt mér, eins og eiginmanni, börnum og barnabörnum og fjölskyldunni almennt," segir Sólveig. „Meðal annars eru hér myndir af þeim sem farnir eru frá okkur en ég hugsa oft til með ástúð og söknuði eins og föður mínum og tengdaforeldrum." *-gun*




ASKJA | Mercedes-Benz

6x Mercedes-Benz C200 Kompressor

Sjómenn, til hamingju með daginn!

67 milljónir dregnar út í júní
Mercedes-Benz + 5,6 milljónir í skottið
Dregið 19. júní (á tvöfaldan miða)

Tvöfaldaðu verðgildið með tvöföldum miða

Kaupið miða fyrir 5. júní.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is

HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 42572 05.2008

# RISA STÓR

tónlistar & DVD markaður

Opið alla daga 12-18

Fellsmúla 28

(Við hliðina á Góða hirðinum)



**TARGUS TÖSKUR**

HÁLFVIRÐI – 10 GERÐIR

TAKMARKAÐ MAGN



**SJÓNVARPSSKÁPAR OG HILLUR, VEGG- OG LOFTFESTINGAR**

MARGAR GERÐIR

.... og margt margt fleira

**RYKSUGUPOKAR**

FYRIR MARGAR TEGUNDIR RYKSUGA

TAKMARKAÐ MAGN



Áður: 999 kr

Nú: 500 kr

# ALLT Á HÁLFVIRÐI

## AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN




## DVD - 3 Í PAKKA ÁÐUR: 1999 kr
## MEÐ AFSLÆTTI: 1000 kr

MÚSIK & MYNDIR

...og fjöldi annarra titla











# Færum hafið heim

● Já, sjómennskan er ekkert grín. Ekki eru allir sem treysta sér til að takast á við Ægi konung í allri sinni dýrð en unnendur hafsins geta þó tekist á við hafið með öðrum hætti. Sjómannadagurinn er á morgun og þá er tilvalið að færa heimilið í hátíðarbúning með því að skreyta það með hlutum er minna á hafið og sjómennsku.

**1. Olíulampi** til að lýsa upp á síðkvöldum. Fæst í Europris á 4.990 krónur.

**2. Þennan forláta sekstant** má finna í Fríðu frænku. Sjómenn fyrr á dögum nýttu sér hann til að rata um höfin blá en hann er líklega frá því snemma á nítjándu öld og kemur frá Bretlandi. Í dag er sextantinn verðmætur antíkmunur og kostar litlar 100.000 krónur.

**3. Oft þurfa sjómenn** að halda sér vakandi og þá er kaffisopinn gulli betri. Trillukarlarnir koma oft í Fríðu frænku og kaupa sér gamaldags kaffikönnu sem hita má á hellu. Þessi fallega kanna kostar 2.400 krónur.

**4. Glerkúlur í kaðlaneti** voru ekki óalgeng sjón á íslenskum heimilum fyrr á árum. Kúlurnar fást í Fríðu frænku á 1.500 krónur stykkið.

**5. Stolt siglir fleyið mitt** stórsjónum á. Þessi fallega tindós er kjörin undir kaffið eða tepokana. Hún fæst í Fríðu frænku á 1.200 krónur.

**6. Klassísk skipsklukka** úr viði og látúni. Fæst í Europris á 8.990 krónur. Kjörin tækifærisgjöf fyrir sjómanninn.





Dag- og næturkrem 1.590
Djúphreinsir 1.490
Fegrunarmaski 1.990

BLACK PEARL
ANTI AGE LÍNAN

**Snyrtivörulína fyrir líkama og andlit**

- **Vinnur gegn ótímabærri öldrun**
- **Eykur blóðflæði til frumna**
- **Eykur styrkleika húðarinnar**

**Frábær tilboð í gangi**
**Komdu til okkar og við hjálpum þér að setja saman þinn eigin dekurpakka**

**Fagleg ráðgjöf laugardag 12-17**
**sunnudag 13-16**

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00


HotSpring®
Portable Spas
Nuddpottar
Velkomin í nýja verslun okkar að Draghálsi 14-16
Vista® Spa
6 manna, 1893 lítra pottur
46 nudd-stútar
2,54 x 2,31 - hæð 97 sm
Grandee® Spa
7 manna, 1893 lítra pottur
37 nudd-stútar
2,54 x 2,31 - hæð 97 sm
Envoy® Spa
5 manna, 1703 lítra pottur
38 nudd-stútar
2,36 x 2,26 - hæð 91 sm
Vanguard® Spa
6 manna, 1514 lítra pottur
31 nudd-stútar
2,20 x 2,20 - hæð 91 sm
Prodigy® Spa
5 manna, 1230 lítra pottur
19 nudd-stútar
1,88 x 2,21 - hæð 84 sm
Sovereign® Spa
6 manna, 1344 lítra pottur
23 nudd-stútar
2,03 x 2,36 - hæð 84 sm
Jetsetter® Spa
3 manna, 814 lítra pottur
11 nudd-stútar
2,08 x 1,57 - hæð 74 sm
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14-16
Sími 4 12 12 00
www.hotspring.com





> Sjómenn, til hamingju með daginn

Starfsfólk Samskipa

www.samskip.is

SAMSKIP

Saman náum við árangri



# SÍÐASTI TILBOÐSDAGUR

## Í DAG ER SÍÐASTI SÉNS TIL AÐ TRYGGJA SÉR GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI MEÐ VÖLDUM TILBOÐSBÍLUM



**MMC OUTLANDER COMFORT**
Árgerð '03, ekinn 73 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.450.000
Tilboðsverð kr. 1.090.000



**MMC PAJERO SPORT GLS TDI**
Árgerð '00, ekinn 149 þ.km, dísil, 5 gírar
Verð kr. 1.490.000
Tilboðsverð kr. 999.000




**Garmin leiðsögutæki ásamt Íslandskorti fylgir völdum tilboðsbílum**

Garmin Nüvi 250 ásamt Íslandskorti að verðmæti kr. 40.800



**HONDA HRV SMART**
Árgerð '03, ekinn 108 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr.950.000
Tilboðsverð kr. 749.000



**PEUGEOT 407SW 1,8**
Árgerð '05, ekinn 32 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.890.000
Tilboðsverð kr. 1.699.000



**RENAULT MEGANE II SALOON 1,6**
Árgerð '05, ekinn 19 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.950.000
Tilboðsverð kr. 1.499.000



**TOYOTA AVENSIS TERRA**
Árgerð '03, ekinn 123 þ.km, bensín, 5 gírar
Verð kr. 1.190.000
Tilboðsverð kr. 799.000



**FORD FOCUS TREND STATION**
Árgerð '02, ekinn 55 þ.km, bensín, 5 gírar
Verð kr. 1.090.000
Tilboðsverð kr. 799.000



**PEUGEOT 307 XR BREAK**
Árgerð '04, ekinn 93 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 990.000
Tilboðsverð kr. 549.000



**TOYOTA AVENSIS TERRA 1,8**
Árgerð '02, ekinn 140 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.245.000
Tilboðsverð kr. 749.000



**RENAULT MEGANE SCENIC 1600**
Árgerð '99, ekinn 131 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 490.000
Tilboðsverð kr. 259.000



**NISSAN TERRANO II SE DÍSEL TÚRBÓ**
Árgerð '98, ekinn 165 þ.km, dísil, 5 gírar.
Verð kr. 790.000
Tilboðsverð kr. 449.000



**HONDA CRV ES 2.2I CTDI**
Árgerð '06, ekinn 173 þ.km, dísil, 6 gírar
Verð kr. 2.390.000
Tilboðsverð kr. 1.899.000



**SUZUKI GRAND VITARA XL7**
Árgerð '03, ekinn 105 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.070.000
Tilboðsverð kr. 1.549.000



**FORD ESCAPE 3,0 XLT**
Árgerð '01, ekinn 110 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.400.000
Tilboðsverð kr. 899.000



**SUBARU FORESTER**
Árgerð '98, ekinn 161 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 590.000
Tilboðsverð kr. 349.000



**VW PASSAT COMFORTLINE 1.8**
Árgerð '00, ekinn 142 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 790.000
Tilboðsverð kr. 499.000



**RENAULT MEGAN II SCÉNIC**
Árgerð '05, ekinn 31 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 2.150.000
Tilboðsverð kr. 1.649.000



**RENAULT LAGUNA 2,0 SW**
Árgerð '00, ekinn 125 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 695.000
Tilboðsverð kr. 299.000



**SUZUKI SX4**
Árgerð '08, ekinn 1200 km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 2.490.000
Tilboðsverð kr. 2.190.000



**BMW 525 D TOURING**
Árgerð '02, ekinn 90 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.350.000
Tilboðsverð kr. 1.799.000




**Tilbúnir í ferðalagið!**

**Opnunartímar:**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 11:00 og 16:00

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • www.bernhard.is

# Til leigu

## Miðbær

Ca. 375 fm jarðhæð að Hverfisgötu 105. Húsnæðinu má skipta og hægt er að bæta við innkeyrsludyrum. Húsnæðið hefur verið notað sem lagerhúsnæði og bón og þvottastöð. ***Leiguverð er kr. 350.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

## Smáralind

Ca. 180 fm mjög gott skrifstofuhúsnæði að Bæjarlind 14-16. Opið skrifstofurými með tveimur sér skrifstofum, tölvutengingar, góð lýsing, glæsilegt útsýni, góð aðkoma og næg bílastæði. ***Leiguverð kr. 300.000 á mánuði upplýsingar í símum 849 9987 og 895 8299.***

## Höfði

Ca. 130 fm með innkeyrslu hurð að Vagnhöfða 7. Góð bílastæði, gott húsnæði. ***Leiguverð er kr. 200.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

Frum

# Borgartún - Nýtt - Leiga

Til leigu mjög bjart og snyrtilegt 16 fm herbergi með aðgangi að fundarherbergi og eldhúsi. Um er að ræða nýtt húsnæði á 3 hæð (lyfta) með vönduðum innréttingum og gegnheilu parketi.

**Uppl. veitir Elías í síma 898-2007 eða elias@husavik.net.**

# Þarftu að leigja?

Rentus
LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

# Skrifstofuherbergi til leigu

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi í 101,
10 - 25 fermetrar á góðum stað.
Verð 40 - 70 þús allt innifalið
**Upplýsingar í gefur Sverrir í S 661-7000**



# *Spennandi tækifæri !*

Veitingarekstur / aðstaða upp á 16 fm. á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu. Hagstæð og þægileg kaup.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: 898-7924



# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?**

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**



ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17** — **Netfang as@as.is**

**Sími 520 2600, Fax 520 2601** — **Heimasíða www.as.is**

**Opið virka daga kl. 9–17** — *Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

## OPIÐ HÚS LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI KL. 14 & 16




Sérlega fallegt sumarhús ásamt gestahúsi á vægast sagt frábærum stað í lítilli sumarhúsabyggð við Þingvallavatn. Sér smábátalægi og sérlega fallegt útsýni og staðsetning. Það eru ekki margar svona til. **Óskað er eftir tilboðum.**

***Jóna verður á staðnum og sýnir, uppl. í síma 660 8505***

**KEYRT ER NESJAVALLAVEG ÞANGAÐ TIL KOMIÐ ER AÐ BÆNUM VILLINGAVATNI, BEYGT ÞAR INN OG EKIÐ SEM LEIÐ LIGGUR ÞANGAÐ TIL KOMIÐ ER INN Í ÞETTA HVERFI. ÞETTA ER SÍÐASTA HÚSIÐ VIÐ ENDA VEGARINNS.**

Frum

# HÍBÝLI OG SKIP

**Símar 551 7270, 551 7282 og 893 3985**

## Til sölu eitt hagstæðasta farþegaskip landsins



Skipið tekur 90 farþega auk áhafnar. Skipið hentar mjög vel í hvers kyns ferðamannaþjónustu, í hvalaskoðun, sjóstangaveiði og m.fl. Fjármögnunarmöguleikar til staðar.

***Nánari upplýsingar og myndir á hibyliogskip.is, á skrifstofu og í símum 892 6113 & 893 3985***

Þuríður Halldórsdóttir hdl., lögg. fasteigna- og skipasali
www.hibyliogskip.is - hibyliogskip@hibyliogskip.is

**- TRAUST Í VIÐSKIPTUM -**




## FASTEIGNAKYNNING Á EIGNUM Á KÝPUR OG GRIKKLANDI

ALHUS — Leptos Estates

**Komið og kíkið á okkur í Kringlunni frá 12:30 -18:00 Laugardagur 31. Maí Sunnudagur 1. Maí**

- Sjávarútsýni
- Sumarhúsahverfi
- Lúxus einbýlishús

**Það besta sem Kýpur og Grikkland hefur að bjóða í sumarleyfishúsum og fasteignum til fjárfestinga.**

- Besta veðrið á Miðjarðarhafi
- Öruggusti dvalarstaður í Evrópu
- Enska töluð af flestum
- Ódýrar fasteignir og verðlag
- Frábær fjárfestingarmöguleiki



Frekari upplýsingar í síma 694 9212, alhus @alhus.com, www.alhus.com. Austurströnd 3.

Búgarðabyggð í Árborg

# Tjarnabyggð

„Einn áhugaverðasti búsetukosturinn í dag“



**Kynning allar helgar milli kl.13 og 17**

**Við höfum trú á aðgerðum ríkisstjórnarinnar og höfum þegar lækkað vexti**
**Bjóðum nú lóðalán með 5% föstum vöxtum til 40 ára (gildir til 29.07.2008)**

# Fólk sækir í sveitina




- *Á annað hundrað lóðir seldar í Tjarnabyggð*
- *35 hús í byggingu og margar fjölskyldur fluttar inn*
- *Kaupendur eru ánægðir og hafa hannað búgarða eftir eigin höfði*
- *Ljósleiðarinn hefur slegið í gegn*
- *Vegir, hitaveita og aðrar lagnir komnar að 220 lóðum*
- *Tveir úr sveitarstjórn Árborgar hafa þegar keypt og annar fluttur inn*
- *Bundið slitlag komið á stofnvegi*
- *Tæpir 10 km. af göngu- og reiðstígum þegar komnir*

Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er Síminn



**Viðtöl við kaupendur á heimasíðunni**
**www.tjarnabyggd.is**

*Nánari upplýsingar:*
*Fasteignasalan Garður í síma 5621200*
*Landeigandi í síma 8980343*

fasteignasalan GARÐUR

*Fasteignasalan Garður: sími 5621200*
*Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali*

*Nýtt samfélag í fallegri sveit*

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008

INNS OF ICELAND

FOSSHÓTEL

Vinalegri um allt land

## Fosshótel Mosfell (Hellu) og Fosshótel Reykholt auglýsa eftir sumarstarfsmönnum í almenn störf.

**Almenn störf eru herbergisþrif, þjónusta í veitingasal, þvottahús og aðstoð í eldhúsi.**

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki
- 18 ára lágmarksaldur

**Upplýsingar veita** Gunnar (Mosfell) í síma 659-9604, gunnarhe@hi.is og Vladimir (Reykholt) í síma 435-1260 vladimir@fosshotel.is


FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Aðalfundur

**Barnaheilla - Save the Children á Íslandi verður haldinn mánudaginn 9. júní n.k. kl. 17:00 í húsnæði samtakanna að Suðurlandsbraut 24, 3. hæð**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Fundarstjóri er Dögg Pálsdóttir

Félagsmenn samtakanna eru hvattir til að mæta

**Stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi**

STYRKIR

BKR
Bandalag kvenna í Reykjavík

# Námsstyrkir

Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir til umsóknar styrki úr Starfsmenntunarsjóði ungra kvenna fyrir skólaárið 2008-2009.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum í Reykjavík, sem ekki eiga kost á námslánum, til að afla sér aukinnar menntunar.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum, sem hægt er að fá á Thorvaldsensbasar, Austurstræti 4, alla virka daga milli kl. 14:00 og 18:00.

Fyrirspurnir má senda á netfang bandalagsins: bandalag@simnet.is

Umsóknir þurfa að berast fyrir 14. júní til Bandalags kvenna í Reykjavík, Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar "Námsstyrkir"

ATVINNA


HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

# FORSTJÓRI
## SJÚKRATRYGGINGASTOFNUNAR

Þar sem frumvarp til laga um sjúkratryggingar hefur ekki enn hlotið endanlega umfjöllun Alþingis er umsóknafrestur um stöðu forstjóra sjúkratryggingastofnunar framlengdur til 15. september 2008.

Stofnunin mun annast framkvæmd sjúkratrygginga almannatrygginga og semur um og greiðir endurgjald vegna heilbrigðisþjónustu í samræmi við stefnumörkun ráðherra á hverjum tíma.

**Hlutverk hinnar nýju stofnunar verður eftirfarandi:**
- Að annast framkvæmd sjúkratrygginga
- Að semja um heilbrigðisþjónustu
- Að annast kaup á vörum og þjónustu sem henni ber að veita
- Að greiða endurgjald fyrir heilbrigðisþjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða sem samið hefur verið um
- Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra

**Menntunar- og hæfniskröfur forstjóra:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningamálum
- Þekking eða reynsla af stjórnsýslu æskileg
- Leiðtoga og samskiptahæfileikar

Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar. Forstjóri ber ábyrgð á því að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

**Skipað er í stöðuna til fimm ára í senn.**

**Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.**

**Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um stöðuna.**

Upplýsingar um starfið veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september n.k. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is og senda jafnframt greinagóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000





# Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

365 miðlar óska eftir drífandi sölufulltrúum við sölu á áskriftum að sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins.

Vinnutíminn er frá 17 til 22, að lágmarki tvö kvöld í viku. Unnið er alla virka daga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og/eða kynningarstörfum, séu stundvísir, heiðarlegir, metnaðarfullir og hafi góða þjónustulund.

Umsóknir berist til Jóhanns Kristinssonar, vaktstjóra áskriftardeildar 365 miðla, á netfangið johann.kristinsson@365.is.

Lágmarksaldur umsækjenda er 25 ár og eru 40 ára og eldri sérstaklega hvattir til að sækja um.

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 989 | FRÉTTABLAÐIÐ | vísir.is | 365

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# RLÆTIS SAMLOKU




Bónus túnfiskssalat
200g 98 kr.




Bónus smyrill
300g 98 kr.




Bónus hangiálegg
1798 kr./kg.

# ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT




Bónus kryddlegnar svínakótilettur
aðeins 998 kr./kg.




Bónus bajonskinka úr læri
aðeins 898 kr./kg.




Íslandsgrís kryddleginn svínavöðvi
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.




Bónus kryddlegnar svínahnakkasneiðar
aðeins 998 kr./kg.




KJARNAFÆÐI

KF hrásalat
350g 98 kr.




KF kartöflusalat
350g 98 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Súpudiskur hvítt.
aðeins 129 kr stk.
10.000 STK. Í BOÐI.
Matardiskur hvítt.
aðeins 129 kr. stk
10.000 STK. Í BOÐI
129
20.000 SKÁLAR OG DISKAR Í BOÐI 129 KR.STK
ALLTAF FERSKT OG NÝBAKAÐ Í BÓNUS
198
Bónus sérbökuð vínabrauð með hnetum
4 stk. 198 kr.
198
Bónus rúnstykki með osti
(kjallarabollur)
4 stk 198 kr.
159
Bónus snúður súkklaði og karamellu
159 kr./stk.
198
Bónus kleinuhringir súkkulaði og karamellu
198 kr. 2 stk.
179
Bónus ís 2 ltr.
súkkulaði og vanilu 179 kr.
Gillette Fusion Power rakblöð
8 stk 2498 kr.
u.þ.b. fimm mánaða birgðir 500 kr.pr.mán.
Gillette Fusion Manual rakblöð
8 stk. 2298 kr.
u.þ.b. fimm mánaða birgðir 460 kr.pr.mán.
2298
Pampers bleiur megapakk
Allar gerðir aðeins 2298 kr.
179
Bónus ís bragðarefur
1 ltr. 179 kr.
498
Bónus íspinnakassi
24 stk. aðeins 498 kr.
359
Neutral þvottaefni 2 kg
359 kr. kassinn.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

## Unnur Birna Vilhjálmsdóttir




Hefur lagt stund á dans frá unga aldri, komið fram á fjölda sýninga og kennt dans, en eins og flestum er orðið kunnugt var hún kjörin Ungfrú Ísland árið 2005 og var síðar valin Ungfrú alheimur í Kína á sama ári. Í dag nemur hún lögfræði við háskólann í Reykjavík.

## Unnur Elísabet Gunnarsdóttir




Lauk dansaraprófi frá Konunglega sænska balletskólanum í Stokkhólmi árið 2003. Hún lenti í öðru sæti í „Tv-tävlingen", sjónvarpskeppni ungra listdansara í Svíþjóð, og hefur dansað með Íslenska dansflokknum frá haustinu 2003.

## Halla Vilhjálmsdóttir




Halla er útskrifuð frá leiklistarskólanum Guildford á Englandi og hefur leikið og sungið frá unga aldri. Halla hefur leikið í fjölda auglýsinga, svo sem fyrir Mix, Volkswagen og Sprite Zero, en hún talaði einnig inn á teiknimyndirnar Litlu hafmeyjuna og Lion King 2 svo eitthvað sé nefnt. Halla hefur einnig starfað í sjónvarpi og var kynnir í X-factor söngkeppninni á Stöð 2.

## Sigrún Birna Blomsterberg




Hefur kennt dans í fjölda ára og dansað á sýningum og viðburðum, bæði í leikhúsum og í sjónvarpi. Hún var meðal annars danshöfundur George Michael-sýningarinnar sem var nýverið sýnd á Broadway og opnaði dansstúdíó undir eigin nafni haustið 2007.

## Klara Ósk Elíasdóttir




Fékk fyrstu reynsluna af söngupptökum þegar hún söng dúett með Guðrúnu Gunnarsdóttur inn á plötu með lögum Heimis Sindrasonar, ellefu ára gömul. Klara lenti í þriðja sæti í söngkeppni Samfés árið 2001, en hefur verið hluti af stúlknabandinu Nylon síðan árið 2004.

## Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson




Starfaði meðal annars sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu og var framkvæmdastjóri From Nowhere Records, sem hann stofnaði, þangað til hann útskrifaðist með háskólapróf 2005. Hann hóf störf hjá Baugi Group í október 2007 sem sérfræðingur á „Retail"-sviði og er nú búsettur í New York.

## Hjördís Lilja Örnólfsdóttir




Útskrifaðist af klassískri braut Listdansskóla Íslands árið 2003 og var ráðin til starfa hjá Íslenska dansflokknum 2004. Hjördís fór í prufur fyrir Bandaríska dansþáttinn „So You Think You Can Dance" og það verður spennandi að fylgjast með framvindu mála þegar sýningar á þættinum hefjast.


# Samningar BSRB og ríkisins

BSRB verður með fundi um allt land til að kynna nýgerðan samning bandalagsins við ríkið. Samningurinn gildir fyrir starfsmenn ríkisins í eftirtöldum félögum:

Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag starfsmanna stjórnarráðsins, Kjölur-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu, Samflot bæjarstarfsmannafélaga, SFR-stéttarfélag í almannaþjónustu, Sjúkraliðafélag Íslands, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag Suðurnesja.

BSRB

## Kynningarfundir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2. júní | kl. 16 | BSRB - húsinu, Grettisgötu 89 |
| Blönduós | 2. júní | kl. 16 | Sjálfstæðishúsinu |
| Selfoss | 2. júní | kl. 16 | Hótel Selfossi |
| Reykjavík | 3. júní | kl. 12 | BSRB - húsinu, Grettisgötu 89 |
| Akranes | 3. júní | kl. 16 | Sjúkrahúsi Akraness |
| Ísafjörður | 3. júní | kl. 16 | Sjúkrahúsi Ísafjarðar |
| Sauðárkrókur | 3. júní | kl. 16 | Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks |
| Siglufjörður | 3. júní | kl. 16 | Gistiheimilinu Hvanneyri |
| Vestmannaeyjar | 3. júní | kl. 16 | Akoges-húsinu |
| Akureyri | 4. júní | kl. 16 | Hótel KEA |
| Egilsstaðir | 4. júní | kl. 16 | Hótel Héraði |
| Reykjanesbær | 4. júní | kl. 16 | Bíósal Duushúsa |

## Blómakassar



Rose, 51 x 51 sm
604005
**3.590**

Rose, 60 x 60 sm
604000
**4.190**



Platio, 40 x 40 sm
604024
**2.470**

Platio, 74 x 40 sm
604023
**2.990**

Húsasmiðju- og
Blómavalsblöðin
**eru komin út**



# FRÁBÆR TILBOÐ

## HÚSASMIÐJUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT



**Stjúpur**
**10 stk.**
**599**



**Sólboði**
10210425
**699**



**Frábært**
**29.955**
**verð**

**Háþrýstidæla**
Nilfisk/Alto, 130
bör, 500 ltr/min,
sáputankur,
turbóbyssa, 9m slanga
5254259



**Sýpris**
**999**







# Pallaefni
Gagnvarin fura

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21 x 95 mm, 0,9 - 4,5 m 621601 | 139 kr/m | 98 x 98mm 698600 | 499 kr/m |
| 28 x 95 mm 628601 | 186 kr/m | 48 x 98 mm 648600 | 264 kr/m |



**Barnahús**
2,69 m2
600230
**134.000**

**Sandkassi**
m/loki
600249
**9.990**




## Hálfgegnsæ viðarvörn

Olíubundið, hálfgegnsætt, matt viðarvarnarefni á bæði heflaðan og óheflaðan við utanhúss svo sem klæðningar, glugga, girðingar o.fl. Vatnsþynnanlegt og fljótt að þorna. Ekki ætlað á lárétta fleti.

**Gori 44+**
0,75 ltr.
7042500-510
**1.299**
~~1.599~~

**Gori 44+**
5 ltr.
7042520-530
**6.699**
~~7.995~~

## Útimálning

Utanhússmálning á steinsteypta fleti, alkalíþolin með gott veðrunarþol, gljástig 5




3 ltr
7207020-6
**2.799**
~~3.395~~

10 ltr
7207040
**5.490**
~~8.995~~

**14.995**



**Rafmagnssláttuvél, B&D**
1200W, 34 sm sláttubreidd, 35 ltr. grassafnari, 5 hæðarstillingar.
5085134

# Fíflabani
Wonderweed

Þú setur fíflaeyði í stafinn og gengur um túnið og ýtir létt á og hann skammtar sjálfur

tekur 300 ml, skammtar 0,3 ml



**Fíflabaninn**
Wonderweed
5087361
**2.995**
~~4.899~~

Orf og hekkklippur saman í setti
**engin snúra!**



18V, 2 rafhlöður.
Hleðslutími 1 klst, veggfesting
5083700
**19.995**

HÚSASMIÐJAN x blómaval
Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

# Miklar annir í kjölfar Suðurlandsskjálftanna

Sunnlendingar og hjálparstarfsfólk hafa haft í nógu að snúast frá því að jarðskjálftarnir riðu yfir síðdegis á fimmtudaginn. Um 400 starfsmenn lögreglu, slökkviliðs og björgunarsveita voru við störf á skjálftasvæðinu þegar mest var auk fjölda annarra sjálfboðaliða. ***Valgarður Gíslason*** og ***Vilhelm Gunnarsson***, ljósmyndarar Fréttablaðsins, og ***Stígur Helgason*** blaðamaður lituðust um á vettvangi skjálftanna í gær.



**ALLT Á RÚI OG STÚI** Íbúar í Hveragerði þökkuðu guði fyrir að enginn slasaðist alvarlega þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LEIHVERIR VIÐ HVERAGERÐI** Mikil virkni hefur verið í leirhverum við Hveragerði í kjölfar skjálftanna á fimmtudaginn auk þess sem nokkrir nýir hverir hafa opnast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐIN Í VALLASKÓLA Á SELFOSSI** Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður í Árnessýslu, Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri í Árborg heimsækja sjálfboðaliða Rauða krossins og hjálparsveitanna og kanna aðstæður í fjöldahjálparstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VARLEGA** Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn áttu í nógu að snúast við að flytja sjúklinga aftur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi eftir að húsnæði stofnunarinnar hafði verið metið nógu öruggt til að sjúklingar og vistmenn gætu snúið þangað aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UMMERKI SKOÐUÐ** Íbúi við Heiðarbrún í Hveragerði skoðar skemmdir á veginum sem liggur að heimili hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HLÍÐAR INGÓLFSFJALLS** Gunnar Örn Gunnarsson frá Stokkseyri skoðar ummerki eftir hrun bjargs niður hlíðar Ingólfsfjalls, skammt frá bænum Tannastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJARGIÐ Á LEIÐARENDA** Eins og sést er bjargið engin smásmíð og mildi að enginn skyldi verða fyrir því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




LINDIR
meira úrval, lægra verð

# KRÓNAN

LIND
meira úrval,

50% afsláttur

1299 kr. kg
Danskar grísalundir

25% afsláttur

2999 kr. kg
Ungnautalund Nýja Sjáland

50% afsláttur


1398 kr. kg
Móa kjúklingabringu

## ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ KRÓNAN LINDIR


298 kr. pk.
Grillborgarar með brauði
4 stk


998 kr. pk.
BBQ grísarif 500 g

40% afsláttur

998 kr. kg
Grísahnakki
úrbeinaðar sneiðar


798 kr. kg
Goða lambalæri
frosið

40% afsláttur

1849 kr. kg
Ungnauta piparsteik

KRÓNAN
Skógarlind 2 Kópavogi - opið alla daga 11-19

HOPPKASTALI ÚTIGRILL OG GLEÐI KR



KRÓNAN
LINDIR
meira úrval, lægra verð
1599 kr. pk.
Neutral þvottaefni
Neutral mýkingarefni fylgir með
FYLGIR MEÐ!
399 kr. pk.
Coke og Coke Light kippa 4x2 lítrar
199 kr. pk.
Cheerios
199 kr. box
Jarðarber 200 g
8 fyrir 4
69 kr. stk.
Krónubrauð
2 fyrir 1
789 kr. 2 pk.
VIP bleiur
STÁLGRILL Á ÓTRÚLEGU VERÐI
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ OG GÓÐ SKEMMTUN
19.900
Home Plus stálgrill 2 brennarar - ósamsett
24.900
Home Plus stálgrill 3 brennarar - ósamsett
KRÓNUKARLINN GEFUR BLÖÐRUR
VÖRUKYNNINGAR
LINDIR
meira úrval, lægra verð

# Ekki í boði að klúðra

Akureyringurinn **Atli Örvarsson** hefur náð þeim óvenjulega og merka árangri að semja tónlist við fjórar, stórar Hollywood-kvikmyndir sem allar verða frumsýndar á þessu ári. Í samtali við *Frey Gígju Gunnarsson* viðurkennir tónskáldið að hann sé kominn með annan fótinn inn fyrir háan þröskuld Hollywood.



**HLEÐUR BATTERÍIN Á ÍSLANDI** Los Angeles er orkufrek borg og því finnst þeim hjónakornum Atla og Önnu gott að koma til Íslands og hlaða batteríin.

Geturðu hringt aftur eftir tíu mínútur, ég er nefnilega á smá símafundi," svarar Atli. Klukkan er þá varla orðin níu að morgni í Kaliforníu og umræddur símafundur hafði staðið yfir í dágóðan tíma. Þannig virkar víst Hollywood, aldrei frí og sá sem er utan þjónustusvæðis getur misst af stóra tækifærinu. Tíu mínútum síðar, nánast upp á mínútu, er Atli hins vegar laus allra mála. „Ég var að ræða við leikstjóra The Code, Mimi Leder. Við vorum að fara yfir nokkur atriði. Já, yfirleitt eru leikstjórar og tónskáld í góðu sambandi þótt það sé auðvitað persónubundið. Þetta eru náttúrlega hugarverk þeirra og mitt hlutverk er fyrst og fremst að efla þá smíði og útfæra þá hugmynd sem leikstjórinn gengur með í maganum," útskýrir Atli.

### Náði ekki upp fyrir hljómborðið

En áður en leiðin liggur yfir Atlantshafið er rétt að hefja ferðina með því að þeysast yfir Hellisheiðina og halda til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar.

Tónlist hefur alltaf leikið stórt hlutverk í lífi tónskáldsins. Heimilið var ákaflega músíkalskt, faðir hans, Örvar Kristjánsson, er landsmönnum að góðu kunnur fyrir harmóníkuspil sitt en Atli gleymir þó ekki móður sinni, Hildi Svövu Karlsdóttur. „Mamma var mikið í kórastarfi og hélt tónlistinni ekki síður á lofti en pabbi." Það þóttu því kannski ekki nein stórtíðindi á heimilinu þegar sonurinn fór að læra á píanó og orgel hjá frænda sínum, Áskeli Jónssyni. Leiðin lá síðan í tónlistarskóla Akureyrar þar sem Atli hlaut eldskírn sína í að koma fram á opinberum vettvangi. „Maður spilaði á trompet í kirkjunni, lék á kvöldin undir hjá Leikfélagi Akureyrar og spilaði svo á hljóðgervil með hljómsveitum á vínveitingahúsum. Ég var ekki nema tólf til þrettán ára og náði varla upp fyrir hljómborðið af því ég var svo lítill," segir Atli og hlær að minningunni.

Árið 1986 urðu síðan hálfgerð straumhvörf í lífi Atla þegar hann, ásamt eldri bróður sínum, Karli og fleiri mætum mönnum, stofnaði hljómsveit sem upphaflega var hugsuð til að hala inn smá vasapeningi með spilamennsku á dansiböllum. „En þetta vatt upp á sig, árið eftir unnum við Músíktilraunir, gáfum út plötu og þessu fylgdi mikið tónleikahald. Ég man að skólastjórinn í tónlistarskólanum sagði við mig á þessum tíma að nú hefði ég orðið poppinu að bráð." Poppið hélt áfram að vera örlagavaldur í lífi Atla eftir að Stuðkompaníið var lagt á hilluna. Hann fór að spila með einni vinsælustu hljómsveit landsins, Sálinni hans Jóns míns. Eftir fylgdi spilamennska með SS Sól og Todmobile. En svo fannst Atla nóg komið og vildi breyta til eftir að hafa unnið fyrir sér sem atvinnumaður í tónlist öll unglingsárin.

### Ást við fyrstu sýn

Ameríku-ævintýrið hófst því í Boston fyrir fimmtán árum. Hljómborðsleikarinn ákvað að halda utan til náms í tónlist eftir tónleikabröltið og harkið á Íslandi en hafði ekki alveg gert upp við sig hvers konar nám yrði fyrir valinu. „Ég var mikið að spá í djass á þessum tíma en vildi ekki einskorða mig við eina stefnu. Hugurinn stefndi til Evrópu, Vínar, London eða París, en Boston varð ofaná vegna Berklee-tónlistarháskólans. Þar var hægt að læra allt frá því að vera metalgítarleikari yfir í að spila á óbó með sinfóníuhljómsveitinni. Fjölbreytnin réð því eiginlega úrslitum."

Atli skráði sig fyrst í píanónám en ákvað fyrir forvitnis sakir að taka eitt námskeið í kvikmyndatónlist. „Ég hafði alltaf haft áhuga á kvikmyndatónlist og eftir fyrsta tíma voru örlög mín ráðin. Þetta var eiginlega ást við fyrstu sýn."

Atli segist alltaf hafa kunnað vel við sig í Boston. Borgin sé evrópsk, írskur andi liggi yfir öllu og byggingarlistin ekkert ólík þeirri sem sjá má í London. „Boston er líka gömul borg, þarna er mikil saga og þetta hafði allt mikið að segja." Hann segir þetta líka hafa verið góð ár til að vera í Bandaríkjunum, Bill Clinton var nýorðinn forseti þegar hann kom út og ferskir vindar blésu um amerískt þjóðfélag. „Og svo skemmdi ekki fyrir að það var mikið af Íslendingum í Boston á þeim tíma sem ég var þarna og reyndar svo margir að ég hefði alveg eins getað verið í miðbæ Reykjavíkur að læra." En meðal þeirra sem stunduðu nám á þessum árum var Kári Stefánsson, forstjóri deCode, og fleiri málsmetandi menn úr athafnalífinu.

### ➜ VISSIR ÞÚ

...að Atli kom að gerð tónlistarinnar við kvikmyndina Iron Man

...að tónlist Atla var leikin við útskrift úr skólanum hans í Boston

...að Atli samdi töluvert mikið af tónlist við sjónvarpsþættina Law and Order

...að Law and Order eru ekki einu lögregluþættirnir sem Atli hefur komið að því hann samdi einnig mikið fyrir NYPD Blue

...að Atli hefur komið fram í tveimur íslenskum kvikmyndum: Veggfóðri og Stuttum Frakka. Í báðum þeirra var hann hljómborðsleikari Sálarinnar.

### Boltinn fer að rúlla

Boston verður hins vegar seint hafin upp til skýjanna sem einhver kvikmyndaborg og því nánast óhjákvæmilegt að leið hins nýútskrifaða kvikmyndatónskálds lægi til Los Angeles. Árið 2001 bárust fréttir af því til Íslands að stórhuga menn með handritshöfundinn og leikstjórann Sigurbjörn Aðalsteinsson hygðust gera fyrstu „íslensku Hollywood-kvikmyndina." Kvikmyndaleikarinn Burt Young tók að sér aðalhlutverkið og heima á Íslandi fylgdust menn með hverju spori. Kvikmyndin bar heitið The Wager og lítið hefur farið fyrir henni í íslenskri kvikmyndasögu. Atli samdi hins vegar tónlistina en er gerð myndarinnar þó eftirminnilegri fyrir aðrar sakir. „Já, ég og Anna, konan mín, við kynntumst við gerð myndarinnar. Eiginlega bara fyrir tilviljun. Hún sá um sviðsskreytingar og propps en ég um músíkina og við kynntumst í lokahófi eftir að tökum á myndinni lauk," segir Atli en þau eiga von á sínu fyrsta barni í sumar. „Ég á síðan eina dóttur frá fyrri tíð, Hildi Svövu, sem nú er að verða sautján ára. Hún kemur alltaf til okkar einu sinni á ári og við reynum að ferðast saman." Atli viðurkennir að það sé alltaf gott að fá Hildi út, hún komi með Ísland með sér. „En það er aftur á móti líka gott fyrir hana að koma út og fá tækifæri til að kynnast öðru umhverfi og öðrum skoðunum."

> ” Maður spilaði á trompet í kirkjunni, lék á kvöldin undir hjá Leikfélagi Akureyrar og spilaði svo á hljóðgervil með hljómsveitum á vínveitingahúsum.

Hollywood er hins vegar ekki bara glamúr þar sem gull og grænir skógar eru handan við hornið. Að koma sér áfram í þessu fagi krefst mikillar vinnu og þolinmæði og oft þurfa menn að vinna undir stjórn „stærri" nafna sem fá síðan allt lofið þegar vel gengur. En Atli telur sig hafa verið ákaflega lánsaman þegar hann komst í kynni við Hans Zimmer, eitt virtasta og vinsælasta tónskáldið í Bandaríkjunum. „Zimmer er mikill snillingur. Og það var mikið gæfuspor á mínum ferli að fá tækifæri til að vinna með honum. Zimmer gerir mikla kröfur til sjálfs sín og þar af leiðandi til allra í kringum sig. En hann er líka mjög sanngjarn og hikar ekki við að gefa þeim kredit sem eiga það skilið. Ólíkt mörgum öðrum í þessum geira er hann ekkert smeykur við að útskrifa fólk úr sínu teymi og gefa því tækifæri að standa á eigin fótum," segir Atli en meðal kvikmynda sem hann vann með Zimmer að má nefna Pirates of the Caribbean og Simpsons: The Movie.

### Vantage Point skipti sköpum

Eftir að Atli „útskrifaðist" úr skólanum hjá Hans Zimmer var fyrsta verkefni hans upp á eigin spýtur kvikmyndin Vantage Point sem skartaði stórstjörnum á borð við Sigourney Weaver, Dennis Quaid og Forest Whitaker. Strax á eftir fylgdi Babylon AD þar sem hasarhetjan Vin Diesel fer með aðalhlutverkið en sú mynd verður frumsýnd í ágúst. „Velgengni Vantage Point skipti miklu máli fyrir minn feril og leiddi af sér ný verkefni. Það er enginn skortur á góðum tónskáldum í Hollywood, síður en svo. En menn eyða blóði, tíma og tárum í að búa til bíómyndir og það er mikið fjármagn sem býr að baki hverri mynd. Fólki er því meinilla við að láta mönnum, sem þeir þekkja engin deili á, í té einhver verkefni og ég var því nokkuð heppinn. Erfiðasti hlutinn við að koma sér á framfæri í Bandaríkjunum er nefnilega að koma sér upp góðu tengslaneti," útskýrir Atli en eftir að Vantage Point var frumsýnd snemma á þessu ári hafa tvær aðrar kvikmyndir bæst í sarpinn: The Code með Antonio Banderas og Morgan Freeman í aðalhlutverkum og Whiteout með Kate Beckinsale.

Atli vill hins vegar ekki meina að hann skauti á svelli heimsfrægðarinnar. „Ég myndi kannski meira segja að ég væri kominn með fótinn inn fyrir þröskuldinn. Þetta byggist ef til vill á því að sýna og sanna að maður valdi nokkrum stórum verkefnum í röð og þá er aldrei að vita hvert áframhaldið verður. Hans Zimmer gaf mér eitt heilræði þegar ég vann að Vantage Point og það var setningin: „Það eina sem þú þarft að gera núna er að klúðra þessu ekki."



**Í ABBEY ROAD** Atli kann vel við sig í Evrópu og þótti gott að geta samið tónlistina við Babylon AD í Evrópu. Hér er hann í Abbey Road að stjórna strengjasveit við upptökur.

### Evrópa heillar

Atli ætlar að taka sér gott frí eftir þessa miklu törn. Kannski bæta einni mynd við en eyða svo tímanum með eiginkonunni og erfingjanum. „Menn verða að vera svolítið mikið í fimmta gír þegar þeir eru komnir á fulla ferð en maður verður líka að passa sig á því að endurtaka sig ekki og ég ætla að leggja höfuðið í bleyti eftir þetta." Hann bætir því hins vegar við að hann sjái ekki mikið eftir öllum þeim tíma sem fari í vinnuna, þetta sé eitthvað sem honum finnist skemmtilegast að gera og þegar verkefnin eru næg geti hann ekki kvartað.

Atli viðurkennir að um leið og honum hafi tekist að skapa sér gott orðspor verði Los Angeles ekki endilega endastöðin. „Þetta er orkufrek borg, ef svo má að orði komast, og hérna er ákveðinn lífstíll sem ég er ekkert viss um að vilja endilega vera hluti af að eilífu. Ég er mikill Evrópubúi og kann vel við mig á suðrænum slóðum álfunnar eins og í Frakklandi og Ítalíu. Ég vann mikið af tónlistinni við A.D Babylon í París og kunni því ákaflega vel. Ég sé mig fyrir mér vinna mikið í Evrópu og tæknin á eftir að geta skipt sköpum með það. Jú, að vinna á Akureyri, ekki spurning. Við reynum annars að koma til Íslands allavega tvisvar á ári og maður finnur hvað það gerir okkur gott, að hlaða batteríin og losa sig við allt sem hefur safnast fyrir hér."




ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
NÝJASTA DISKINN MEÐ BANG GANG
Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN *LAUSNARORÐ* á númerið 1900!
99 kr. smsið
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón: Þá sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON





119
MP & BH

OFSTOPI
BIL
ARAGRÚI
TIL
SÍKI
ÞYKKUR
MUNNVATN
VIÐHALD
SAUÐAÞARI
LÍFHVATI
FLASKA
SÖNGRÖDD
SKORUR
ÚTUNGUN EGGJA
GUÐ
GLEYPA
EKKI
FLJÓTA
TRJÁ-TEGUND
Í RÖÐ
MÁLM-ÞRÁÐUR
MJAKA
ÍÞRÓTTA-FÉLAG
RÓUN
SÆÐIS-KIRTLAR FISKS
KRIKI
YFIRSTÉTT
1
ÁFALL
ÚTGÁFU-NÚMER TÓNVERKS
EFNI
GRAMSA
TUNGL
ERLENDIS
STÍGUR
ÆVINLEGA
ÓGÆFA
BORG
ÓREIÐA
LAUMUSPIL
URMULL
2
SJÓR
ARINN
HÁS
RÁ
GOLF ÁHALD
NUDDAST
DRYKKJAR-ÍLÁT
SNÍKJUDÝR
NIÐUR-FELLING
TANGI
BERJAST
3
ELDSNEYTI
ÆST
SAMÞYKKI
MÁL
4
JARÐEFNI
SKVAMP
UMHYGGJA
STAKUR
HÖFDÝR
MÓTMÆLI
KÆNU
VÆTLA
SKAPA
Í VIÐBÓT
SKIP



TALA
STEIN-TEGUND
TVEIR EINS
ÞAKBRÚN
SAMAN-BURÐART.
UPP
DRYKKUR
LÆRI-MEISTARI

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur


AFMÆLISPAKKI FYLGIR
ÍSLENSKT FORTJALD
SÓLARSELLA MEÐ ÍSETNINGU
GASGRILL

# PALOMINO FELLIHÝSI












## Frábær tilboð
Landsins mesta úrval ferðavagna

OPNUNARTÍMI:
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 10.00 - 18.00
LAUGARDAG 12.00 - 16.00
SUNNUDAG 12.00 - 16.00

SEGLAGERÐIN ÆGIR
1913 - 2008
95 ÁRA
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is



Þann 26. mars varð Elín 50 ára og þann 7. júní verður Einar Ingi 50 ára. Þau ætla að láta gefa sig saman þann 7. júní nk.

Í tilefni af því vilja þau bjóða ættingjum, vinum og samstarfsfélögum í gegnum tíðina að fagna með sér og þiggja léttar veitingar þann dag kl. 15.00 - 17.00 að Hafnargötu 17, við hlið Íþróttamiðstöðvarinnar í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 555-0936, 895-0936 eða ellahelga@simnet.is

**BROOKE SHIELDS LEIKKONA ER 43 ÁRA**

*„Ekki sóa mínútu af lífi þínu í eymd, volæði eða óhamingju. Ef einn gluggi lokast, hlauptu hratt að þeim næsta – eða brjóttu niður næstu hurð.“*

***Brooke Shields lék barnunga vændiskonu í Pretty Baby aðeins tólf ára gömul. Hún er enn atkvæðamikil leikkona og hefur skrifað metsölubók um fæðingarþunglyndi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. MAÍ 1973

## Forsetar í Reykjavík

Í dag eru 35 ár liðin síðan Richard Nixon og Georges Pompidou, þáverandi forsetar Bandaríkjanna og Frakklands, hittust á fundi í Reykjavík, en aðalefni hans var nýr Atlantshafssáttmáli.



Gífurlegur undirbúningur var af hálfu íslenskra stjórnvalda vegna fundarins og skipulögð meiri löggæsla en dæmi voru um á Íslandi. Kjarvalsstaðir, þá nýbyggt myndlistarhús á Miklatúni, þótti hentugastur fundarstaða því auðvelt var að hafa auga með mannaferðum í kringum húsið.

Meðan á Íslandsdvölinni stóð bjó Pompidou í húsi Alberts Guðmundssonar að Laufásvegi 68, en Nixon í bandaríska sendiráðinu. Vakti mikla athygli þegar bandaríski forsetinn fór í gönguferð um miðborg Reykjavíkur og tók vegfarendur tali. Kom á óvart hversu alþýðlegur hann var og glaðsinna. Nixon bar sig vel þótt heima ætti hann í vök að verjast vegna Watergate-málsins, en ári eftir fundinn varð hann fyrstur Bandaríkjaforseta til að segja af sér. Pompidou lést ári síðar.

EIRÍKSÍNA KR. ÁSGRÍMSDÓTTIR: BÝÐUR 85 AFMÆLISBÖRNUM TIL VEISLU

# Þjóðin boðin í 85-falt afmæli

Á morgun verður Hafnarfjörður aldargamall, en sama dag eiga 85 íbúar bæjarins afmæli. Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og eitt afmælisbarnanna, hefur boðið þeim öllum, og í raun bæði landi og miðum, í hádegishóf á nýjasta torgi bæjarins.

„Afmælisdag minn og 84 annarra Hafnfirðinga ber upp á sama dag og bærinn okkar blæs til stórveislu í tilefni 100 ára afmælis. Ég vonaðist lengi eftir að bæjaryfirvöld ætluðu sér að gera eitthvað sérstakt fyrir afmælisbörn bæjarins á þessum merka degi, því vegna hátíðahaldanna er okkar afmælisdegi hálfpartinn stolið,“ segir Eiríksína sem býr svo vel að búa við splunkunýtt og skrautlegt torg í bakgarðinum.

„Lengi vel hélt ég að torgið væri afmælisgjöf til mín en líklega er þarna komin ein af afmælisgjöfum til allra Hafnfirðinga. Torginu hefur enn ekki verið gefið nafn, en ég hef ákveðið að kalla það 1. júní-torg, okkur afmælisbörnum Hafnarfjarðar til heiðurs,“ segir Eiríksína sem á morgun býst við dásamlega eftirminnilegri afmælisveislu á torginu sem stendur bak við Byggðasafn Hafnarfjarðar við Vesturgötu.

„Þangað vil ég bjóða öllum Hafnfirðingum sem fæddust 1. júní, og að sjálfsögðu öllum Íslendingum sem vilja samfagna afmælisbörnunum. Án íbúanna er enginn bær og vitaskuld þurfa þeir Hafnfirðingar sem eiga afmæli á morgun að fá sína athygli á afmælisdaginn. Ég veit að bæjarstjórinn er menntaður bakari og væri ansi gaman ef hann kæmi með eina hnallþóru undir hendinni í gleðskapinn. Sjálf mun ég gefa öllum afmælisbörnum afmæliskerti, köku og eitthvað að drekka. Ég hef einnig útbúið handa þeim sérstakt barmerki til að skreyta sig með á bæjarröltinu, og saman munum við syngja afmælissönginn með aðstoð Margrétar Guðrúnardóttur blússöngkonu sem tekur einnig netta Marilyn Monroe-sveiflu í minningu leikkonunnar fögru sem átti afmæli 1. júní eins og við hin,“ segir Eiríksína sem skorar á alla Hafnfirðinga að mæta til veislu á 1. júnítorgi klukkan tólf á hádegi.



**HAFNFIRSKT AFMÆLISBARN** Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir bókmenntafræðingur á nýjasta torgi Hafnarfjarðarbæjar, en þangað hefur hún boðið 84 hafnfirskum afmælisbörnum til veislu á hádegi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Athöfnin verður stutt og óskipulögð að mestu, en við skemmtum okkur sjálf með því að hittast. Mér finnst skemmtileg hugmynd að halda upp á afmæli sitt með öðrum sem eiga afmæli sama dag. Í hópnum eru nokkrir sem eiga stórafmæli og indælt að fá tækifæri til að hylla þá á tímamótum, syngja saman, fá sér eitthvað gott í gogginn, njóta samveru og skoða fallegt torgið í leiðinni. Þetta verður yndisleg byrjun á fallegum degi og upplagt í framhaldi að taka þátt í hátíðahöldum vegna sjómannadagsins og afmælis bæjarins,“ segir Eiríksína sem vonast til að afmæli Hafnfirðinganna 85 muni geta af sér listgjörning, sem þá verður afmælisgjöf þeirra til bæjarins.

„Ég hef fengið ljósmyndara til að taka einstaklings- og hópmyndir af afmælisbörnunum og ekki væri verra að svo margir mættu að hægt væri að mynda töluna 100 úr 85. Þá heitir það list eða gjörningur,“ segir Eiríksína í óðaönn að strauja afmæliskjólinn í mikilli tilhlökkun eftir morgundeginum, en nágrannar í næstu húsum, sem og ýmis fyrirtæki hafa viljað leggja rausnarlega hönd á plóg.

„Hafnarfjörður hefur blásið út á síðustu árum og er dálítið að glata þeirri samkennd sem einkennir líf og tilveru íbúa í sjávarþorpum. Því langar mig að virkja þessar 85 manneskjur til að efla samkennd og sýna aftur fram á að við Hafnfirðingar erum sem ein stór fjölskylda.“ thordis@frettabladid.is

---



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Guðni Jónsson**

fyrrv. lyfsali, Flókagötu 33, Reykjavík,

lést að heimili sínu aðfaranótt fimmtudagsins 29. maí.

**Fjóla Guðleifsdóttir**
**Leifur Sigurðsson** **Katsuko Sigurðsson**
**Anna Sigurðardóttir**
**Hannes Leifsson**

---



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Fanney Benediktsdóttir**

frá Kringlu, Dalabyggð,

lést að dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík, miðvikudaginn 28. maí.

**Skarphéðinn Jónsson**
**Guðrún Skarphéðinsdóttir** **Kjartan Sigurðsson**
**Sigríður Skarphéðinsdóttir** **Jóel Þorbjarnarson**
**Jón Skarphéðinsson**
**Margrét Skarphéðinsdóttir** **Thor B. Eggertsson**
**Svanhildur Skarphéðinsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Jónas Rútsson** **Kristín Viðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ágúst H. Sigurðsson (Gútti)**

verkstjóri, frá Bræðraborg, Fáskrúðsfirði, Krummahólum 8,

lést laugardaginn 24. maí, verður jarðsunginn mánudaginn 2. júní frá Bústaðakirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigrún Júlíusdóttir**
**Sigurður Ágústsson** **Anna Björk Njálsóttir**
**Guðni Ágústsson** **Nizel C. Ágústsson**
**Dagný Ágústsdóttir** **Sævar Davíðsson**
**Þóra Karólína Ágústsdóttir**
**Ágúst Emanúel Rafnsson** **Áslaug Halla Elvarsdóttir**
**barnabörn**
**og systkini hins látna.**

---



*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Unnur Þorsteinsdóttir,**

Tjarnarbóli 14,

lést á hjartadeild Landspítalans 23. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fh. barnabarna og barnabarnabarna,**

**Þorsteinn Jónsson**
**Hildur Jónsdóttir** **Gunnlaugur Baldvinsson.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ásthildur Jónsdóttir**

frá Sviðholti, Bessastaðahreppi, Vogatundu 31, Kópavogi,

lést 29. maí.

**Geir Guðjónsson**
**Guðrún Ólína Geirsdóttir** **Sigmundur Jónsson**
**Eyþór Sigmundsson**
**Hjalti Sigmundsson**
**Jón Ingvi Geirsson** **Silja Stefánsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Ingvarssonar**

bónda, Skipum, Stokkseyrarhreppi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Kumbaravogs.

**Ingigerður Eiríksdóttir**
**Gísli Vilhjálmur Jónsson** **Herdís Hermannsdóttir**
**Móeiður Jónsdóttir** **Ólafur Benediktsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir** **Vilhjálmur Vilmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Sigfússon**

Sóltúni 2, 105 Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 29. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Jens Magnússon** **Anna Hannesdóttir**
**Kristbjörn Eiríksson** **Aldís Óskarsdóttir**
**Sigfús Eiríksson** **Hanna Garðarsdóttir**
**Finnur Eiríksson** **Gunnhildur Hrólfsdóttir**
**Halla Eiríksdóttir** **Fróði Jónsson**
**Sigríður Eiríksdóttir** **Guðmundur Guðmundsson,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


# Legsteinar
í miklu úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL LAMPA
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
8W 14W 21W 28W
Verð frá 995
UNDIRSKÁPALJÓS
14W 21W 28W
Verð frá 959
UNDIRSKÁPALJÓS
1 x 36W 2 x 36W 2 x 18W
Verð frá 1295
IÐNAÐARLAMPAR
8W 13W
995
UNDIRSKÁPALJÓS 8W
1295
UNDIRSKÁPALJÓS 13W
3860
FLÚRLAMPI 60x60cm 3 x 14W
2995
FLÚRLAMPI 60x60cm 4 x 18W
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR
3995 2 x 58W
2995 1 x 58W
3495 2 x 36W
2495 1 x 36W
2595 2 x 18W
6995
LJÓSATUNNA 250W OG 400W
2995
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W
2260
INNFELLD LJÓS
2 stærðir
9 litir
Verð frá 1185
INNFELLD LJÓS
Króm og hvítt
1995
LOFTLJÓS 16W OG 28W M/PERU
Verð frá 2995
SPEGLALJÓS
Verð frá 995
SPEGLALJÓS
9480
ÚTIKASTARI LED
Verð frá 995
ÚTIKASTARI
3 gerðir
Verð frá 6999
HITALAMPI 1300W
Með tenglum
6995
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W
150W 250W 400W
Verð frá 5995
FLÓÐKASTARAR
150W 500W
1000W 1500W
Verð frá 895
HALOGENKASTARAR
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16




## STUÐ MILLI STRÍÐA Flensan kemur misilla við menn

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** SINNIR SJÚKUM



Flensan hefur verið að ganga og fjölskyldan í Hlíðunum fór ekki varhluta af því. Litla skottan barðist við háan hita og slen í heila viku.

Það fylgir því ákveðið álag að sinna veiku barni og eftir vikuna voru baugarnir undir augum orðnir ansi síðir. Ég varð því fegin þegar hún hresstist.

En þá tók ekki betra við. Daginn sem skottan fór á leiskólann fór þvottadrengurinn að kvarta um hita og slen. Hafi ég haldið að barnið væri erfiður sjúklingur kom annað á daginn.

Þvottadrengurinn vorkenndi sjálfum sér óskaplega. Hann kveinaði og vældi allan daginn og drattaðist um á náttfötunum. Kvartaði um kulda, kvartaði um hita, kvartaði um hausverk, kvartaði um svengd. Ég hafði í nógu að snúast. Ég var ekki fyrr komin heim úr vinnunni en ég var komin á sprett með vatnsglös og verkjatöflur. Opna glugga, loka gluggum, sækja teppi, hita súpu, finna lopasokkana og auka sæng. Hversu veikur getur einn þvottadrengur orðið? Hann skældi á fjarstýringuna, skældi svo yfir sjónvarpsdagskránni, skældi yfir því að hanga inni í sólinni en skældi svo líka þegar rigndi. Hann skældi hreinlega yfir öllum sköpuðum hlut. Aldrei nokkurn tímann hafði nokkur orðið eins veikur og hann. Ég var að verða vitlaus á sjúklingnum.

Eftir viku veikindi fékk ég svo nóg. Ég hætti að sinna köllum eftir vatni og lét eins og ég heyrði ekki eymdarvælið sem barst innan úr herbergi. Hækkaði bara í sjónvarpinu með lappir uppi á stól. Eftir nokkra stund gafst hann upp og kom fram píreygur eins og moldvarpa. Nuddaði augun og fékk sér sjálfur vatn.

Hann var furðu fljótur að hressast og er hættur öllum kveinstöfum. Nú bíð eg bara eftir því að fá flensuna sjálf. Þvottadrengurinn veit svo sannarlega ekki á hverju hann á von.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42579 05/08
Göngudagar
20%
afsláttur af öllum gönguskóm
frá fimmtudegi til sunnudags.
Öll helstu merkin í gönguskóm.
MEINDL
THE NORTH FACE
SCARPA
LOWA
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# Ljóð Steins sungin

Á fimmtudags- og föstudagskvöld var dagskrá flutt í Gamla bíó þar sem hópur listamanna flutti sönglög, ný og eldri, samin við ljóð Steins Steinars. Jón Ólafsson, sem stóð fyrir tiltækinu, sagði hugmyndina nær tíu ára og nú væri hún loks orðin að veruleika. Föstudagstónleikarnir voru sendir út beint á Rás 2 Ríkisútvarpsins og dagskráin verður flutt á Ísafirði, Akureyri og Eskifirði. Tónleikahrinan fylgir útgáfu disks með nýrri lagasmíðum úr prógramminu, lögum þeirra Jóns og Sigurðar Bjólu, en að auki eru á efnisskránni lög eftir Guðmund Árnason, Bergþóru Árnadóttur, Ragnar Bjarnason, Ingólf Steinsson, Torfa Ólafsson og Steinar Berg. Sagði Jón á fimmtudagskvöld að 107 ljóð Steins væru nú lagsett, við sum kvæðanna fyrirfyndust fimm, sex lög. Af því má ráða að lagahöfundum er Steinn kær.

Efnisskráin var þannig skipulögð að fyrri hlutinn samanstóð af ellefu nýjum lögum eftir Jón og Sigurð Bjólu en hinn seinni byggðist á flutningi eldri laga eftir ýmsa höfunda. Söngvarar skiptust á að flytja lögin. Yfir öllum tónleikunum var léttur og allt að kæruleysislegur blær. Jóni er gefin sú náðargáfa að keyra á blöndu af aga og léttleik í samstarfi sem skein víðast í gegn í flutningnum: það var stillilegt öryggi á tónleikunum sem greinilega féll áhorfendum vel í geð. Bandið sem byggðist á hefðbundum rokkbandsgrunni var þétt og látlaust. Blöndun var fín utan þess að sæti í fremstu röðum misstu úr veikari söngflutning, einkum hjá Hildi Völu, sem lagði sig samt vel í söng og túlkun, gaf raunar meira af sér í hreyfingum en aðrir.

Tónleikarnir leiddu aftur vel í ljós hverjir taka hlutverk sitt alvarlega sem show-menn: Helgi Björnsson einn sýndi slíka takta úr ballbransanum. Hann gekk lengst í leiklegri túlkun ljóðanna og opnaði þá fyrir spurninguna hvers vegna allt settið var í stilltara kantinum: hér þurfti enginn lífið að leysa.

Það var reyndar það sem ég saknaði mest á þessum tónleikum á annars prýðilega fluttu efni, léttum melódíum mestanpart, að dýpt vantaði víða í túlkunina, hún var víðast léttvæg, laus við þungann sem þessi ljóð búa yfir og um leið háskann sem alltaf býr að baki í ljóðum Steins.

Sumt var undurfallegt: í minningunni eftir kvöldið fannst mér KK fara best með á sinn einstaka hátt ýkjulaust en samt af alvarleik sem gæddi ljóðin fegurð í flutningnum.


STEINN STEINARR


JÓN ÓLAFSSON

**TÓNLIST**

**Ferð án fyrirheits**

Jón Ólafsson og hljómsveit ásamt söngvurunum Ellen Kristjánsdóttur, Helga Björnssyni, Hildi Völu, KK, Svavari Erni og Þorsteini Einarssyni.

★★★

Vandað efni, vandaður flutningur en háskalaust í túlkun.

Velta má fyrir sér hvort túlkunin skýrist, herðist þegar á líður, fleiri koma saman til fundar við flytjandann. Mörg þessara laga munu lifa áfram enda gengur Jóni það líklegast mest til að tryggja framhaldslíf þeirra og deila upplifun söngvasmiðanna af þeim. Og þá er hluta af tilganginum náð.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Atlantik Diving

Salur Íslenskrar grafíkur er baka til í Hafnarhúsinu við Miðbakka. Þar eru myndlistarsýningar allt árið, bæði íslenskir og erlendir listamenn sýna þar grafík, oft á mjög viðráðanlegu verði. Bæði eru það verk unnin eftir fornum aðferðum þrykksins og einnig eftir nýrri aðferðum tölvuvinnslu og nýjustu blekspraututækni sem er orðin fyrirferðarmikil í fjölföldun prenta.

Nú um helgina opnar Bjarni Hinriksson sýningu á nýjum verkum í salnum. Bjarni hefur um langt skeið verið í forystusveit þeirra myndlistarmanna sem vinna ákaft í myndasöguforminu. Þetta er fáliðuð sveit en verkin sem Bjarni sýnir eru unnin með silkiþrykki og djúpþrykk og hins vegar af stafrænt prentuðum myndum (pigment-bleksprautuprent).

Að baki myndunum á sýningunni liggur myndasaga sem ennþá er í smíðum, einskonar ferðasaga frá sólareyjum við Afríkustrendur. „Myndirnar eru tilraun til að losa teikninguna að mestu frá orðunum og frásögninni, gefa línunni og litnum sjálfstætt líf utan bókarinnar og kafa ofan í teikninguna á nýjum forsendum,“ segir Bjarni. Hin myndræna saga er það sem hann stefnir að þar sem söguefnið er rakið einvörðungu í myndmálinu.

Í kynningu á efni sýningarinnar lætur Bjarni fylgja ljóð:
Ég hef vissulega staðið / á svartri strönd syðsta hluta Íslands / og horft út á hafið, / alla leið til Suðurskautsins. // Látið hugann reika, kafað djúpt, / suður á bóginn. / Þetta er bein leið / niður eftir hnettinum, / ekkert sem truflar ferðalagið / nema... // Nema reyndar nokkrar eyjar ef maður kafar of nálægt Afríku. // Það verður svo sem enginn / verri maður // af því að hugsa / við strendur Afríku.


**MYNDLIST** Verk af sýningu Bjarna Hinrikssonar í sal Íslenskrar grafíkur við Miðbakkann. Myndin sýnir vel vinnu hans með þema sem þróast frá ramma til ramma í síðuformi sögunnar.
MYND/BJARNI HINRIKSSON. BIRT MEÐ GOÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS

Bjarni Hinriksson lauk námi frá myndasögudeild École Régionale des Beaux-Arts d'Angoulême í Frakklandi 1989 en þar hefur verið setur myndasöguhefðarinnar um langt skeið. Síðan þá hefur Bjarni fengist við myndasögugerð jafnframt starfi sem grafískur hönnuður hjá RÚV ohf. Hann er einn af stofnendum GISP!-hópsins og myndasögur eftir hann hafa birst í samnefndu blaði auk fjölmargra annarra blaða og tímarita hérlendis sem erlendis. Einnig hafa komið út bækur eftir Bjarna með sögum hans. Hann hefur starfað sem sýningarstjóri og fengist við kennslu hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Bjarni hefur haldið einkasýningar á Íslandi og erlendis og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Sýningin Atlantik Diving stendur dagana 31. maí-15. júní 2008, og er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14.00 til 18.00. **pbb@frettabladid.is**

# Sýning Ljósmyndaskólans

Árleg sýning Ljósmyndaskólans opnar í dag kl. 15, en á henni má sjá afrakstur vetrarstarfsins hjá nemendum skólans. Nemendurnir hafa unnið fjölbreytt lokaverkefni undir handleiðslu kennara sinna þar sem sköpunarþörf og tæknileg kunnátta hafa fengið að njóta sín til hins ýtrasta.


**NEKT OG LIST** Ljósmynd eftir Viktor Svan Sigurðarson, nemanda í Ljósmyndaskólanum.

Ljósmyndaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1997, fyrst undir nafninu Ljósmyndaskóli Sissu. Markmið skólans er að kenna ljósmyndun með sköpun að leiðarljósi og er námið ætlað bæði þeim sem vilja ljósmynda sér til ánægju og eins þeim sem hyggja á frekara nám og starf á þessu sviði.

Margir af helstu ljósmyndurum landsins kenna og leiðbeina við skólann. Má þar nefna meðal annarra Börk, Einar Fal, Golla, Kristján Maack, Pál Stefánsson, Sigfús Má, Sigurgeir Sigurjónsson, Spessa auk Sissu og Leifs.

Sýningin stendur yfir til 8. júní næstkomandi og er til húsa á Hólmaslóð 6.

**- vþ**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus 1800W mótor

Miele ryksugur

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Meðal fáanlegra fylgihluta:
Hepafilter: Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
Kolafilter: Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gæludýraeigendur.
Parketbursti: Skilar parketinu glansandi.

TILBOÐ kr.: 18.900

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200 www.eirvik.is

KRINGLU KRÁIN

Sveitaball með Upplyftingu í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Velkomin í myndlistarveislu í nýju og stærsta galleríi landsins

REYKJAVÍK Art GALLERY

Skúlagötu 30 | 101 Reykjavík | Opið alla daga kl. 14-17

# EM TILBOÐ



# VELDU PHILIPS BREIÐTJALD

TILBOÐ | *Afsláttur*

## PIXEL PLUS MYNDTÆKNI

**32PFL5322** | kr. 114.995 | *kr. 20.000*

32" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 4.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl. **32"**

**37PFL5322** | kr. 149.995 | *kr. 25.000*

37" LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Skerpa: 5.000:1, 2 x 30w Nicam Stereó, Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS ofl. **37"**

**42PFL7662D** | kr. 199.995 | *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Progressive Scan, Skerpa: 5.000:1, Innb. digital DVB-T móttakari, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó, Incredible Surround ofl. **42"**

TILBOÐ | *Afsláttur*

## TOPPURINN FRÁ PHILIPS

**37PFL9732D** | kr. 299.995 | *kr. 80.000*

37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó með wOOx bassa, innb. DVB-T mótt.,2 Scart, 3 HDMI ofl. **37"**

**42PFL9732D** | kr. 399.995 | *kr. 60.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Pixel HD, Ambilight Surround, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD, 32w Nicam Stereó með wOOx bassa, innb. DVB-T mótt.,2 Scart, 3 HDMI ofl. **42"**

**42PFL9900D** | kr. 429.995 | *kr. 170.000*

42" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight Surround - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu **42"**

## AMBILIGHT BAKLÝSING

**32PFL7962D** | kr. 149.995 | *kr. 40.000*

32" LCD HD Pixel Plus 2 BREIÐTJALD, 1366x768 punkta upplausn, Ambilight 2 - bakljós, Digital Natural Motion, Progressive Scan, Skerpa: 7.000:1, innb. DVB-T mótt, 2 x 20w Nicam Stereó ofl. **32"**

**37PFL9632D** | kr. 279.995 | *kr. 70.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight Surround - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu **37"**

**42PFL7962D** | kr. 249.995 | *kr. 60.000*

42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight Surround - bakljós, Digital Natural Motion HD og Progressive Scan, Skerpa: 8.000:1, 100Hz Clear LCD - eykur skerpu **42"**

## RISATÆKI – 47-52" SKJÁIR

**47PFL5522D** | kr. 239.995 | *kr. 40.000*

47" HD LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus HD, Anti-Reflection, Progressive Scan, Innbyggður digital DVB-T móttakari, Skerpa: 5.000:1, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI ofl. **47"**

**52PFL7762D** | kr. 399.995 | *kr. 100.000*

52" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 12.000:1, Ljósskynjari og Active Control, Innb. digital DVB-T móttakari, 40w Nicam Stereó ofl. **52"**

**52PFL9632D** | kr. 479.995 | *kr. 200.000*

52" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALD, Perfect Pixel HD, Ambilight 2, HD Natural Motion og Progressive Scan, Skerpa: 10.000:1, ljósskynjari og Active Control, Innb. digital DVB-T mótt., 32w Nicam Stereó, USB ofl. **52"**



## *Allt að 200.000 kr. afsláttur*

PHILIPS

Hágæða mynd- og hljómgæði

Heimilistæki

www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Hermès með í baráttunni gegn eyðni** Frá og með miðjum júnímánuði verður fáanlegt herrabindi frá franska tískuhúsinu **Hermès** sem styrkir baráttuna gegn eyðni. Silkibindið er með litlum rauðum borða og leynivasa á bakhliðinni þar sem er hægt að lauma einu stykki verju inn í. Skilaboðin eru skýr, verjið ykkur. Bindið heitir „Life in a Pocket“ og allur ágóði af sölunni fer til eyðnisamtaka.



# stíll

utlit@frettabladid.is



**Sæta græna flauelsskó** með bandi um ökklann frá Melissa. Frá Kron, Laugavegi.



**Geggjaðan glamúrkjól** frá Gaspard Yurkevich. Frá Kronkron, Laugavegi.



**Æðislega hæla** í húðlituðum tón frá MiuMiu, frá Sævari Karli.



**Sumarjakka fyrir strákana** í retro-stíl frá Bernhard Wilhelm. Fæst í Belleville.

OKKUR LANGAR Í ...



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

# *Sannur karlmaður*

Í dag er ég klædd eins og Indiana Jones. Það kann að virðast mjög undarlegt en ástæða þess er sú að það er búningadagur hér í vinnunni og ég var skikkuð til að klæða mig svona. En burtséð frá því að fá alls kyns eitraðar athugasemdir um hvort búningurinn minn sé í stíl við Guðmund í Byrginu er ég stolt yfir því að vera eins og Indy því hann er hinn fullkomni karlmaður fyrir mér. Hann var mín fyrsta sanna hetja, og hann bræddi mitt unga hjarta þegar hann barðist við nasista og rannsakaði egypsk grafhýsi í Leitinni að týndu örkinni. Er mögulega til karlmannlegri stíll en hrár og þvældur safari stíllinn hans Indys? Hver getur staðist örlítið sveittan og rykugan ævintýramann sem þar að auki er með svipu? Ef litið er á herratískuna næsta haust, eins og sést hér við hliðina, er ég alls ekkert frá því að tískuhönnuðir séu búnir að gefa metrómenn, „bling“-menn og rokkara upp á bátinn en hafi í stað fengið innblástur beint frá Indiana Jones. Kvikmyndir hafa alltaf áhrif á tísku og öfugt og það getur varla verið tilviljun að sjúskað brúnt leður, kakíefni og hattar séu að koma svona sterkt inn. Og það þarf líka sanna karlmenn til að bera búninginn. Þýðir ekkert að svíkjast undan og vera rakaður og rakspíraborinn frá toppi til táar með litað hár og í vel pússuðum skóm. Nei, við stelpurnar viljum núna smá skeggrót, hörkulegt fas og föt sem segja okkur að þið séuð tilbúnir að klifa fjöll, berjast við nasista og glíma við snáka. Það er samt undarlegt hvaða týpur af íslenskum karlmönnum hafa reynt að tileinka sér Indy-lúkkið með misjöfnum árangri. Fyrrnefndur Guðmundur kann að deila með Indy ástríðu hans á höttum, dýflissum og svipum en þetta er samt svo kolrangt alltsaman hjá honum. Svo eru ákveðnir menn innan blaða- og menningarstéttanna sem halda líka að hatturinn sveipi þá ævintýralegum ljóma. O, nei, Indy-lúkkið er greinilega vandmeðfarið og krefst fullrar nærgætni. Ég held að það væri svakalega fín byrjun fyrir stráka að finna hinn fullkomna brúna leðurjakka, sem má alls ekki glansa og líta út fyrir að vera nýr, eitt stykki flottar og ekki of þröngar kakíbuxur, ögn fráhneppt skyrta og smart uppreimaða saharaskó. Hatturinn má sennilega bíða.





**SUÐUR-AMERÍSK MYNSTUR** Falleg skyrta frá Alexander McQueen fyrir haust/vetur 2008.



**BLANDA** Hér eru þrjú mismunandi mynstur í gangi hjá Etro.

HÖNNUÐIR SÝNA ÆVINTÝRALEGA HERRATÍSKU FYRIR NÆSTA HAUST

# Eastwood hittir Jones

Snillingurinn breski Alexander McQueen virðist hafa orðið fyrir miklum áhrifum frá spagettí-vestrum í anda Clint Eastwood fyrir haust og vetur 2008. Fyrirsætur gengu niður pallana með kúrekahatta og mexíkóskar slár við jarðarliti og kakí-buxur. Kúrekaáhrifin mátti sjá víðar, til dæmis voru leðurbuxur í forgrunni hjá Gucci, sem reyndar sótti líka innblástur til sígauna Austur-Evrópu, og hjá Etro voru argentínsk mynstur og jarðarlitir einnig mjög áberandi. Segja má að tískan hafi ekki verið jafn karlmannleg í mörg ár og að hetjur hvíta tjaldsins, allt frá Zorro til Indiana Jones, endurspeglist í hönnun helstu stjarna tískuheimsins um þessar mundir.

- amb



**GAUCHO** Khakibuxur og hattur hjá McQueen.



**ARGENTINA** Flottur poncho og kúrekahattur hjá Alexander McQueen.



**SÍGAUNASTÍLLINN** Síður jakki og flauelsbuxur hjá Gucci fyrir ofan og hægri.



**KÚREKI** Gamaldags lúkk hjá McQueen.






SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
7. JÚNÍ 2008
SJÓVÁ





Blaðberinn
bíður
þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið


TOPSHOP SUMARHÁTÍÐ Í SMÁRALIND Í DAG
FJÁRSJÓÐSLEIT ÞAR SEM ÞÚ GETUR UNNIÐ ALLT AÐ 10.000 KR. VÖRUÚTTEKT.
ÞEIR SEM VERSLA FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA FÁ FALLEGA GJÖF, MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
TOPSHOP


Sumarútsala
Laugardaginn 31.maí
Opið frá kl.11:00 - 16:00
ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is
Frí ásetning á húddhlífum, gluggavindhlífum og ljósahlífum
Grillaðar pylsur, gos, ís og blöðrur fyrir börnin. Heitt kaffi á könnunni
20 - 50% afsláttur af völdum vörum
Sumarútsala hjá Arctic Trucks
Kajakfestingar á topp • Seglbrettafestingar • Dráttarspil • Pallkistur • Sílsarör • Dekk • Felgur • Mottur í skott • Ljóskastarar • Fjöðrunarbúnaður og margt, margt fleira
Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

> FÉKK VÍNEKRU

Fótboltastjarnan David Beckham hefur keypt vínekru fyrir eiginkonu sína, Viktoríu. Þau hafa ráðið starfsfólk til að sjá um vínekruna sem er í Kaliforníu. Vínið ber nafn Viktoríu og er ætlað þeim hjónum einum og vinum þeirra.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Býður Britney aðstoð sína

Fjöldinn allur af stjörnum hefur boðist til að hlaupa undir bagga með Britney Spears á síðustu misserum, enda hefur stjarnan átt nokkuð erfitt ár, svo ekki sé meira sagt. Sú síðasta til að bjóða Britney aðstoð sína er ofurbarnfóstran Jo Frost, sem hefur slegið í gegn á bæði breskum og bandarískum sjónvarpsskjáum í baráttu sinni við óþekk börn. Frost vill nú rétta Spears hjálparhönd, og vonast til að það verði til þess að stjarnan fái aftur forræðið yfir sonum sínum tveimur.

Söngkonan missti allan umgengnisrétt við börn sín í febrúar á þessu ári, en hefur nýverið öðlast takmarkað umgengi við þau á ný. Frost vill hins vegar hjálpa henni að verða ofurforeldri. „Ég trúi því að hún elski börnin sín mjög mikið og ég væri meira en til í að hjálpa henni, að koma henni á réttu brautina svo að henni finnist hún hafa betri stjórn sem foreldri. Þetta snýst um að Britney líði þannig að hún sé örugg og trúi á sjálfa sig, svo hún geti sinnt litlu börnunum sínum og gefið þeim það sem þau þarfnast frá henni, sem er að hafa móður sína nálægt sér,“ segir Frost.



**TRÚIR Á BRITNEY** Ofurbarnfóstran Jo Frost kveðst hafa trú á Britney og vill hjálpa henni að ná aftur forræði yfir sonum sínum.



**HJÁLPARHÖND** Fjöldinn allur af stjörnum hefur boðist til að rétta Britney hjálparhönd eftir allt sem á hefur gengið í lífi hennar síðastliðið árið eða svo.

## Giftast í sumar

Orðrómur er uppi um að leikarinn Harrison Ford ætli að kvænast leikkonunni Calista Flockhart í sumar. „Hann sagðist ætla að kvænast Calista um leið og hann væri búinn að kynna nýju Indiana Jones-myndina. Calista ætlar að taka hann á orðinu,“ sagði kunningi parsins.

Ford og Flockhart kynntust á Golden Globe-verðlaunahátíðinni árið 2002. Síðan þá hafa þau verið óaðskiljanleg og hefur Ford alið upp sjö ára son hennar eins og sinn eigin. Ford er tvífráskilinn og hefur hingað til verið tregur til að ganga upp að altarinu á nýjan leik en núna virðist hann loksins ætla að gefa eftir.



# Airwaves smærri í sniðum í ár

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður smærri í sniðum í ár heldur en undanfarið vegna niðurskurðar. Þetta staðfestir Þorsteinn Stephensen, eigandi Hr. Örlygs, sem stendur fyrir hátíðinni.

„Það verður með einhverjum hætti skorið niður en við reynum að láta það ekki bitna á gæðunum. En íslenskum og erlendum böndum mun eitthvað fækka,“ segir Þorsteinn. Þrátt fyrir niðurskurðinn segir hann að margar góðar erlendar sveitir taki þátt í ár og að hátíðin verði „alveg jafnflott og áður“.



**ÞORSTEINN STEPHENSEN** Þorsteinn segir að Airwaves-hátíðin verði smærri í sniðum í ár.

Fækkað hefur í starfsliði hátíðarinnar því Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri síðustu tveggja ára, hefur sagt upp störfum. Að hans sögn er ástæðan skoðanaágreiningur við Þorstein. „Ég og Þorsteinn erum með mismunandi hugmyndir um framtíð hátíðarinnar og þess vegna tel ég rétt að yfirgefa fyrirtækið,“ segir Eldar, sem hefur starfað við Airwaves frá byrjun eða síðan 1999. „Leiðir skilja alveg í góðu en þar sem það eru aðrar áherslur hjá mér og honum þá er heiðarlegra og best hvað mig snertir að hætta og gefa Þorsteini og þeim sem munu starfa við Airwaves svigrúm til að setja hátíðina á fót í ár.“



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** Eldar hefur sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves-hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þorsteinn vill ekki meina að um stefnumarkandi ágreining hafi verið að ræða á milli sín og Eldars heldur snúist málið fyrst og fremst um laun. „Við höfum ekki efni á að borga fólki sömu laun og það getur fengið annars staðar. Við erum að bregðast við erfiðum skilyrðum. Það er samdráttur í þjóðfélaginu og hækkanir á öllu. Okkur hefur rétt tekist að berja festivalið niður í núllið síðustu tvö árin og nú verður að skera niður kostnað,“ segir Þorsteinn, sem ætlar sjálfur að stýra skútunni næstu mánuði. -fb





já er svarið

Símaskráin 2008 verður, á höfuðborgarsvæðinu, á boðstólum í verslunum Bónus, á bensínstöðvum Skeljungs og Olís, og í verslunum Símans og Vodafone. Á landsbyggðinni verður hún til taks hjá Póstinum og í verslunum Símans og Vodafone.

118 ja.is Símaskráin

# Fékk sér nýjar græjur

„Það er búið að vera draumur hjá mér lengi að geta spilað fyrir aðra og skemmt öðrum. Þetta er mikið tilhlökkunarefni,“ segir plötusnúðurinn Dj Raven, eða Helgi Hrafn Pálsson, sem hefur fest kaup á glænýjum Pioneer-græjum. Þær skarta Djm 800-mixer, fjölda „effekta“, tveimur hljóðnemum og heyrnartólum. Þurfti hann að slá lán fyrir herlegheitunum enda kostuðu þau hátt í hálfa milljón króna.

Helgi Hrafn hefur getið sér gott orð sem plötusnúður í Hinu húsinu og í félagsmiðstöðinni Árseli, auk þess sem hann hefur undanfarin ár sungið víða með Blikandi stjörnum, sem er sönghópur fyrir fatlaða. Söng hann síðast á Egilsstöðum við góðar undirtektir.

Helgi Hrafn, sem kallar sig líka Dj Hrafninn, hefur hingað til notast við hefðbundna geislaspilara á diskótekum en langaði til að stækka við sig og þróa stíl sinn enn frekar. „Ég byrjaði að fitla við þetta fyrr á þessu ári og hef fengið ágætis viðtökur. Þegar ég byrjaði var ég mikið í Pottþétt-diskunum en síðan færði ég mig yfir í Ibiza-tónlist, Ministry of Sound, teknó, U2, rokk og bara allan pakkann,“ segir Helgi, sem er jafnframt liðtækur trommuleikari.



**SÁTTUR VIÐ GRÆJURNAR** Helgi Hrafn Pálsson, eða Dj Raven, einbeittur fyrir framan nýju græjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Miðað við metnaðinn í Helga Hrafni á hann eftir að ná langt sem plötusnúður og vafalítið eiga nýju græjurnar eftir að eiga stóran þátt í því. - fb

# Ekki dottinn í það

Steven Tyler, söngvari Aerosmith, segist hafa skráð sig á meðferðarheimili til að geta jafnað sig á aðgerð á fæti í „öruggu umhverfi“. Þurfti hann að gangast undir aðgerðina eftir að hafa meiðst á tónleikum.

Talið var að hinn sextugi Tyler, sem hefur verið laus við vímuefni í tuttugu ár, hafi farið í vímuefnameðferð en Tyler hefur nú leiðrétt þann misskilning. „Læknarnir sögðu mér að sársaukinn í fætinum myndi hverfa ef ég færi í nokkrar aðgerðir,“ sagði hann í yfirlýsingu sinni. Tyler átti við mikinn vímuefnavanda að stríða á áttunda og níunda áratugnum en hefur haldið sér allsgáðum síðan 1986.



**STEVEN TYLER** Söngvari Aerosmith fór í meðferð vegna aðgerðar á fæti en ekki út af vímuefnaneyslu.






# Eagles í Höllinni



**SYNGUR LÖG EAGLES** Eyjólfur og félagar ætla að syngja lög hljómsveitarinnar Eagles í Höllinni í september.

Tónleikar til heiðurs hljómsveitinni Eagles verða haldnir í Laugardalshöll sautjánda október. Á meðal þeirra sem koma fram verða Björgvin Halldórsson, Eyjólfur Kristjánsson, Friðrik Ómar, Sigurjón Brink og Stefán Hilmarsson. „Það verða auðvitað öll vinsælustu lög Eagles spiluð á tónleikunum og ég býst við mikilli stemningu í salnum. Þetta er auðvitað mikill hvalreki fyrir Eagles-aðdáendur að fá að sjá þessa snillinga taka þátt í þessu en alls er þetta orðinn tuttugu manna hópur söngvara og tónlistarmanna sem munu heiðra okkur með nærveru sinni,“ segir Björgvin Rúnarsson hjá 2B Company sem stendur fyrir tónleikunum í samstarfi við 6 strengi.

Eyjólfur Kristjánsson hefur haldið nokkra vel heppnaða Eagles-tónleika að undanförnu og svo virðist sem aðdáendur þessarar ástsælu hljómsveitar séu gríðarmargir hér á landi. Miðasala á tónleikana hefst 1. september.

# Kaffifélagið eins árs

Kaffifélagið á Skólavörðustíg, sem telst væntanlega minnsti kaffibar landsins, á ársafmæli á morgun. Afmælinu verður hins vegar fagnað í dag og eru allir boðnir velkomnir. Í boði verða léttar veitingar, auk þess sem Hanna Margrét Einarsdóttir opnar sýningu á kaffihlutum úr postulíni.

Kaffifélagið býður, þrátt fyrir smæð sína, upp á úrval kaffivéla fyrir heimili og fyrirtæki, kaffifylgihluti og margs konar ítalskar kaffibaunablöndur fyrir þá sem kjósa að laga kaffið heima, auk þess að þjóna því upptekna nútímafólki sem grípur kaffið með sér í götumálum.

Kaffifélagið er til húsa að Skólavörðustíg 10. Afmælisfögnuðurinn stendur frá 16 til 18 í dag, laugardag.

# Stór vika hjá Bubba

**Bubbi Morthens gefur út plötu og gengur í hjónaband í næstu viku. Eitt lagið á plötunni er samið til fanga á Litla-Hrauni.**



**Í HNAPPHELDUNA** Þau Bubbi og Hrafnhildur ganga í hnapphelduna þann 7. júní. Daginn áður gefur Bubbi út nýja plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Nei, þessir atburðir skyggja ekki hvor á annan,“ segir Bubbi Morthens sem á fyrir höndum viðburðaríka viku. Á föstudaginn kemur út plata hans Fjórir naglar en það er fyrsta plata hans með nýju efni síðan árið 2005. Að kvöldi föstudagsins verða haldnir útgáfutónleikar í Borgarleikhúsinu. Daginn eftir eru ekki síður mikilvæg, og í raun mun mikilvægari, tímamót í lífi Bubba. Þá gengur hann í heilagt hjónaband með unnustu sinni Hrafnhildi Hafsteinsdóttur. „Tónleikar eru bara tónleikar. Ég hef haldið marga tónleika um ævina. En ég get ekki beðið eftir að sjá Hrafnhildi í skrúðanum,“ segir Bubbi titrandi af tilhlökkun. Brúðkaupið fer fram á Reynivöllum í Kjós og er það séra Pálmi Matthíasson sem gefur saman og má búast við því að brúðkaupið og veislan verði með glæsilegasta móti.

Aftur að plötunni. Bubbi segist spenntur fyrir útgáfunni. „Það er alltaf gaman að gefa út plötu, sérstaklega ef þetta er jafn góð plata og þessi,“ segir hann. Plötuna vann hann með Pétri Ben og segir Bubbi hann hafa haft gífurlega mikið með sándið að segja. „Ég hef alltaf verið óhræddur við að vinna með öðrum og leyft öðrum að koma sínu að. Þó það geti verið erfitt,“ segir hann og hlær.

Platan, sem er hin vandaðasta, hefur að geyma þrettán lög og fer Bubbi um víðan völl í textasmíðum. Eitt lagið, Þegar tíminn er liðinn, er samið til fanganna á Litla-Hrauni sem Bubbi hefur spilað fyrir árum saman. „Ég fékk hugmyndina að laginu eftir að ég var að spila fyrir strákana á Litla-Hrauni. Þar söng ég blús þar sem ég improviseraði. Svo þegar ég minntist á Litla-Hraun þá öskruðu þeir og blístruðu,“ segir Bubbi sem í kjölfarið ákvað að semja lag þeim til heiðurs. „Ég á svo mikið af vinum sem hafa stigið af beinu brautinni, og þeir áttu inni hjá mér lag.“ Lagið fjallar um fangelsisdvölina og þá krísu sem fangar lenda í þegar þeir losna úr fangelsi eftir langa dvöl. Hvað tekur við og „í hvaða helvítis átt gengur maður þegar tíminn hér er liðinn“ eins og segir í laginu. soli@frettabladid.is


Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
★★★★ - P.Þ., DV
★★★★ - V.J.V., Topp5.is / FBL
★★★1/2 SV MBL
★★★★ - J.I.S., film.is
STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ
500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 3, 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2, 4.30, 7 og 10 | 12 |
| HAROLD & KUMAR 2 | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 6 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2 og 4 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
JET LI JACKIE CHAN FORBIDDEN KINGDOM
SEX AND THE CITY
INDIANA JONES
LOVE IN THE TIME OF CHOLERA
NEVER BACK DOWN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 12:30 - 3D - 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl.12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN THE TIME OF... | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 1 - 3 - 5:30 | L |
| IRON MAN | kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 1 - 3 | 10 |
| IN THE VALLEY OF... síð. sinn | kl. 8:15 | 16 |
| THE HUNTING PARTY síð. sinn | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 1:30D - 4D - 6:30D - 9D - 11:30D | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 11:30 | 14 |
| NIM´S ISLAND | kl. 2 - 4 | L |
| U2 3D síð. sinn 3-D DIGITAL | kl. 12:20/3D | L |
| IRON MAN | kl. 6:30 - 9 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| HAROLD AND KUMAR 2 | kl. 2 - 4 -8 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| IRON MAN | kl. 5:50 | 12 |
| NIM´S ISLAND | kl. 8 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIM'S ISLAND | kl. 2 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11:00 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!
STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTATJALDIÐ
SEX AND THE CITY
LÚXUS
FORBIDDEN KINGDOM ER EINHVER SKEMMTILEGASTA OG ÓVÆNTASTA ÆVINTÝRAMYND SUMARSINS!
FORBIDDEN KINGDOM
★★★★ „Ljúfir endurfundir“ - P.Þ., DV
★★★★ „Trú forverum sínum og er kærkomin viðbót í þessa mögnuðu seríu. Meira er ekki hægt að biðja um.“ - V.J.V., Topp5.is/FBL
★★★½ „Hasar, brellur og gott grín“ S.V., MBL
★★★★ „Biðin var þess virði“ - J.I.S., film.is
LÚXUS
★★★ „Þrælskemmtileg mynd um baráttu kynjanna. Húmorinn missir sjaldan marks.“ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★ „Bragðgóður skyndibiti sem hæfir árstíðinni fullkomlega“ - S.V., MBL
★★★ „...Stendur fyllilega undir væntingum.“ - R.H.G., DV
ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGUR!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 2 - 5 - 8 - 10.50 | 14 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 8 - 10.50 | |
| INDIANA JONES 4 DOLBY DIGITAL | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| INDIANA JONES 4 LÚXUS DOLBY D | kl. 2.40 - 5.20 | |
| PROM NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 1 | |
| HORTON | kl. 1 - 3.50 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 3 - 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| KICKIN'IT OLD SKOOL | kl. 3 - 5.40 - 8 -10.20 | 7 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 3 - 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 4 - 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3.30 - 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |
| HORTON | kl. 3.30 ÍSLENSKT TAL | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY | kl. 2.30 - 5.15- 8 - 10.45 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 REGNBOGINN
KL.3 REGNBOGINN
KL.3 REGNBOGINN
KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.3 BORGARBÍÓ
KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.2.30 BORGARBÍÓ KL.4 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 REGNBOGINN
TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ TILBOÐSVERÐ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SEX AND THE CITY ATH. SÝND KL.3
ATH. SÝND KL.2
SPIDERWICK ATH. SÝND KL.2
500kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 550kr laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS
FORBIDDEN KINGDOM kl. 12:30 í Álfabakka og kl. 6 á Akureyri
SEX AND THE CITY kl. 2 í Kringlunni
Indiana Jones 4 kl. 12:30 í álf. kl. 1:30 í kri. og kl. 2 áself. og í kefl.
IRON MAN kl. 12:30 í Álfabakka og kl. 5:50 á Akureyri
NIM'S ISLAND kl. 1 í Álfabakka og kl. 2 í Kringlunni
DRILLBIT TAYLOR kl. 1 í Álfabakka


3 DAGA
TILBOÐ
Á ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
LOKA DAGUR Í DAG
ÞÚ SPARAR
20.000
20.000 KR AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
Tilboð gilda dagana 29-31 maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
SEINASTI SÉNS
3 DAGA TILBOÐUM LÍKUR Í DAG
OPIÐ Í DAG
11:00 - 16:00

## > Alþjóðasundmót í Laugardalslaug

Sundfélag Hafnarfjarðar stendur nú fyrir alþjóðasundmóti, SH International, í Laugardalslaug en mótið hófst í gær. Mótið er jafnframt 100 ára afmælismót Hafnarfjarðarbæjar og meðal keppenda eru fjölmargir sterkir sundmenn erlendir sem og innlendir. Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH er meðal keppenda en hún reynir að ná ólympíulágmarki í 200 metra bringusundi í dag. Örn Arnarson úr SH hefur þegar náð ólympíulágmörkum í fjórum greinum en hann keppir í 100 metra baksundi í dag.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON: SPILAR UM ÍTALSKA MEISTARATITILINN MEÐ LOTTOMATICA ROMA

# *Búinn að sjá fyrir okkur vinna þennan titil*

Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma eru komnir alla leið í lokaúrslitin um ítalska meistaratitilinn og fyrsti leikurinn er á heimavelli deildarmeistara Montepaschi Siena á morgun.

„Maður finnur það að það er kominn spenningur í alla og spennan að aukast enda liðið komið í úrslitin eftir langan tíma," segir Jón Arnór en Róm hefur ekki átt lið í lokaúrslitunum undanfarin 25 ár. „Við förum kannski inn í úrslitin sem litla liðið en við verðum að trúa því að við getum unnið því annars getum við bara gleymt þessu. Það var fyrsti vídeófundurinn í gær og þjálfarinn stappaði í okkur stálinu og sagði okkur að við yrðum að trúa því að við gætum unnið þetta lið," segir Jón Arnór og Rómar-liðið hefur þegar farið í gegnum tvö sterk lið. „Avellino og Cantu eru tveir erfiðustu útivellirnir í ítölsku deildinni og við sýndum ágætis karakter með því að klára þetta frekar auðveldlega. Við höfum farið vaxandi í gegnum þessa úrslitakeppni, erum með hörkulið og erum bara að sýna það að við eigum mikla mörguleika."



Jón Arnór hefur ekki skorað mikið í úrslitakeppninni eða bara 3,1 stig í leik. „Ég á fullt inni. Ég hef verið að fá opin skot en hef ekki verið að hitta nægilega vel. Kannski hef ég verið að stressa sjálfan mig upp með því að vera að hugsa of mikið um það. Varnarleikurinn hefur verið traustur hjá mér en ósjálfrátt finnst manni maður eiga lélegan leik þegar maður hittir ekki úr opnu skotunum. Ég má ekki vera að einblína á það og verð bara að hugsa um það jákvæða sem ég hef gert í þessum leikjum. Ég veit að skotin fara að detta," segir Jón Arnór. Lottomatica spilaði við Siena í undanúrslitunum í fyrra og tapaði þá 3-1.

„Það voru rosaleg læti í úrslitakeppninni í fyrra þegar við töpuðum á móti þeim. Við munum alveg eftir því. Ég trúi því virkilega að við getum unnið þetta lið. Ég er búinn að sjá fyrir okkur vinna þennan titil. Það er búinn að vera stígandi í liðinu í allri úrslitakeppninni og við ætlum okkur ekkert annað en að koma með titilinn aftur til Rómar," segir Jón Arnór að lokum.

# Skyldan búin og alvaran að byrja

**Ísland vann góðan sigur á Argentínu, 36-27, í fyrsta leik sínum í undankeppni Ólympíuleikanna. Það tók tíma að brjóta Argentínumenn niður en sigurinn var aldrei í hættu. Ísland mætir heimamönnum í dag.**

**HANDBOLTI** Fyrsta lotan af þremur í bardaganum um að komast til Peking fór fram í Hala Stulecia-höllinni í Wroclaw í gær. Ísland lagði þá Argentínu sannfærandi, 36-27. Leikur liðsins var ágætur en liðið þarf að sýna betri leik gegn sterkum Pólverjum í dag.

Líkt og Guðmundur hafði lofað stillti hann upp sínu sterkasta liði í leiknum. Ísland spilaði 5-1 vörn þar sem Guðjón Valur fór út á móti sterkasta manni Argentínu, Eric Gull sem spilar með Barcelona.

Íslenska liðið byrjaði leikinn vel, spilaði hraðan sóknarleik og þokkalega vörn þar sem Birkir Ívar varði vel fyrir aftan. Eftir 13 mínútur var Ísland komið með fimm marka forystu, 8-3. Strákarnir skutu vel og argentínsku markverðirnir vörðu vart skot.

Þá brugðu Argentínumenn á það ráð að taka Ólaf Stefánsson úr umferð og við það riðlaðist sóknarleikur liðsins. Argentínumenn spiluðu að sama skapi ágætan sóknarleik en fengu væna aðstoð frá slökum dómurum leiksins sem flautuðu fullmikið.



**ÖFLUGUR** Guðjón Valur Sigurðsson var í fínu formi í gær og var markahæstur íslensku leikmannanna með níu mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Argentínumenn náðu að minnka muninn í þrjú mörk en íslensku strákarnir komu muninum í sex mörk fyrir hlé, 19-13, þökk sé góðum hraðaupphlaupum.

Munurinn hélst lengi vel sá sami í síðari hálfleik en þegar Guðmundur breytti í 3-2-1 vörn lentu Argentínumennirnir í miklu basli og íslenska liðið stakk endanlega af. Mest náði liðið 13 marka forystu, 34-21. Undir lokin leystist leikurinn upp í hálfgerða vitleysu og Argentínumennirnir náðu að koma muninum undir tíu mörk. 36-27 lokatölur.

Þessi leikur var vissulega skylduverkefni fyrir liðið og ágætt að hann sé frá. Argentínumenn voru öflugri en margur hélt og það tók sinn tíma að hrista þá af bakinu. Slakur varnarleikur og nákvæmlega engin markvarsla var þó banabiti þeirra.

Guðjón Valur var sem fyrr frábær í íslenska liðinu á báðum endum vallarins og lítur vel út. Snorri virkar einnig í fantaformi og var góður. Arnór byrjaði rólega en fann sig vel er leið á leikinn sem eru jákvæð tíðindi.

Birkir varði einnig vel lengstum og Róbert var sprækur á línunni.

Íslenska liðið verður að bæta varnarleik sinn talsvert fyrir leikinn gegn Pólverjum í dag ef ekki á illa að fara. Sóknarleikurinn var ágætur í dag en hann þarf að vera hraðari gegn betra liði.

Að mörgu leyti var jákvætt að fá svona „æfingu" fyrir hina leikina og það er ljóst að alvaran byrjar í dag.



UNDANKEPPNI ÓL
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Póllandi
henry@frettabladid.is

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson segist ætla að láta meira að sér kveða gegn Pólverjum og Svíum:

# Hestur stekkur eins hátt og hann þarf

**HANDBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson fór hægt í sakirnar í gær, hélt sig lengi vel til hlés og leyfði öðrum að láta ljós sitt skína. Hann segist þó ætla að láta meira að sér kveða í næstu tveimur leikjum.

„Þetta var nokkuð jákvætt. Vörnin var ekki góð í fyrri hálfleik en það var stígandi hjá okkur. Við vorum kannski allir ekki alveg á fullum hraða sem er allt í lagi þar sem þetta gekk upp. Einhvers staðar stendur að hestur stökkvi bara eins hátt og hann þarf. Það er allt annað upp á teningnum það sem eftir er af helginni og mótið er að byrja í næsta leik," sagði Ólafur sem hefur áhyggjur af ýmsu.

„Ég hef áhyggjur af vörninni og sókninni sem og sjálfum mér. Ég hef alltaf áhyggjur. Við verðum að leysa ýmislegt betur en við gerðum gegn Argentínumönnum. Það verður erfitt að leggja Pólverjana. Þetta á líka að vera erfitt og það eru þannig leikir sem gefa þessu gildi. Mér finnst við vera léttir og eigum klárlega mikið inni. Það verður gaman gegn Pólverjum," sagði Ólafur. – hbg



**RÓLEGUR** Ólafur Stefánsson hélt sig til hlés í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

WOLF Garten
Garðsláttuvélar
Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Kawasaki
Vélorf

Alvöru orf á góðu verði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Slöngubátar á frábæru verði :

3,6m
verð frá kr 122.000

opið
laugardag 10 til 16:00
3,8m
verð frá kr 138.000

4,3m
verð frá kr 163.000
H-Berg ehf
Import-Export
Lónsbraut 6, 220 Hafnarfjörður • Símar 866-6610 og 893-3347 • www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is


GEGGJUÐ TILBOÐ • NOTAÐ • NÝTT • LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐ • SUMAR ÚTSALAN ER AÐEINS Í VERSLUN TÖLVULISTANS NÓATÚNI 17, REYKJAVÍK
ÓTRÚLEG TILBOÐ • TAKMARKAÐ MAGN
SUMAR ÚTSALA
Nú færðu ekki ódýrari ljósmyndaprentara FRÁ 4.990
acer
Flottar fartölvur á geggjuðu tilboði FRÁ 29.900
intel celeron
Örgjörvar til að auka afl og afköst í græjunni FRÁ 1.990
Móðurborð til að uppfæra gömlu græjuna almennilega FRÁ 990
5.1 surround hátalarakerfi á fáránlegu verði FRÁ 3.990
Hýsingar utan um harða diska á tilboðsverði FRÁ 990
Minniskort fyrir myndirnar þínar FRÁ 990
Harðir diskar á ótrúlegu tilboðsverði FRÁ 2.990
Flottar mýs á besta verðinu FRÁ 990
Nú er tíminn til að stækka vinnsluminnið í tölvunni þinni
256MB DDR2 fartölvuminni verð frá 490
512MB DDR2 fartölvuminni verð frá 990
1GB DDR2 fartölvuminni verð frá 1.990
512MB DDR2 borðtölvuminni verð frá 990
1GB DDR2 borðtölvuminni verð frá 1.990
256MB DDR borðtölvuminni verð frá 990
512MB DDR borðtölvuminni verð frá 1.990
Úrval af heyrnatólum á sérstöku útsöluverði FRÁ 790
Flottir DVD skrifarar á rugl verði FRÁ 1.990
Turnkassar í miklu úrvali allar stærðir einstakt verð FRÁ 1.990
Þráðlaus netkort á frábæru verði FRÁ 990
Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • ALDREI AÐ VITA HVAÐ ÞÚ FINNUR
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
2%
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

## TÖLFRÆÐIN

*Forkeppni Ólympíuleikanna:*

| | |
|---|---|
| Ísland-Argentína | 36-27 (19-13) |

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9 (11), Snorri Steinn Guðjónsson 7/1 (8/1), Arnór Atlason 5 (6), Róbert Gunnarsson 4 (6), Ólafur Stefánsson 4/2 (6/2), Einar Hólmgeirsson 3 (4), Alexander Petersson 2 (3), Vignir Svavarsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Sigfús Sigurðsson (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 17 (36/4, 47%), Hreiðar Levý Guðmundsson 2 (10/1, 20%)
**Hraðaupphlaup:** 11 (Guðjón Valur 4, Arnór 2, Vignir, Ásgeir, Snorri, Einar, Róbert).
**Fiskuð víti:** 3 (Guðjón, Snorri, Róbert).
**Utan vallar:** 12 mínútur
**Mörk Argentínu (skot):** Eric Gull 6/3 (15/4), Anders Kogovsek 5/2 (6/2), Mariano Castro 3 (4), Maximilliano Ferro 3 (4), Alejo Carrara 2 (2), Pablo Portela 2 (3), Francisco Schiaffino 1 (1), Federico Vieyra 1 (1), Agustin Vidal 1 (1), Gonzalo Carou 1 (2), Damian Migueles 1 (4), Sebastian Simonet 1 (4).
**Varin skot:** Matias Schultz 6 (33/3, 18%), Gabri el Canzoniero 3 (12, 25%).
47%),
**Hraðaupphlaup:** 4. **Utan vallar:** 10 mínútur

| | |
|---|---|
| Pólland-Svíþjóð | 22-22 (10-10) |

**Mörk Póllands:** Bartosz Jurecki 9, Karol Bielecki 6, Tomasz Tluczynski 4/3, Grzegorz Tkaczyk 2, Marcin Iljewski 1.
**Varin skot:** Slawomir Szmal 11, Marcin Wichary 4/1.
**Mörk Svíþjóðar:** Robert Arrhenius 6, Henrik Lunsström 5/2, Jan Lennartsson 4, Dalibor Doder 4, Martin Boquist 1, Mattias Gustafsson 1, Jonas Larholm 1.
**Varin skot:** Tomas Svensson 9, Peter Gentzel 7.

*Hinir riðlarnir:*

**RIÐILL 2 Í PARÍS, FRAKKLANDI**

| | |
|---|---|
| Frakkland-Túnis | 34-25 |
| Spánn-Noregur | 33-31 |

**RIÐILL 3 Í ZADAR, KRÓATÍU**

| | |
|---|---|
| Rússland-Alsír | 39-12 |
| Króatía-Japan | 37-22 |



**LEIKPLANIÐ GEKK UPP** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari fer hér yfir málin með sínum mönnum í Wroclaw-höllinni í Póllandi í gær. Guðmundi var létt í leikslok eftir öruggan og tiltölulega áreynslulítinn sigur íslenska liðsins og kvað leikplanið hafa gengið vel upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

# Tel okkur eiga mikið inni

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var nokkuð léttur eftir níu marka sigur á Argentínumönnum í fyrsta leik forkeppni Ólympíuleikanna í gær.**

**HANDBOLTI** „Það er léttir að vera búinn með þetta verkefni. Það er alltaf erfitt að fara inn í svona leik og hætta á að menn ætli að spara sig of mikið. Þetta var ágætt svona heilt yfir og fínt að ná þessari góðu forystu snemma í síðari hálfleik svo ég gæti skipt inn af bekknum og gefið mönnum smá hvíld upp á framhaldið að gera. Það var leikplanið og gekk vel upp,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

„Argentínumennirnir voru annars mjög erfiðir en okkur gekk betur að loka á þá eftir að ég breytti varnarleiknum í síðari hálfleik. Við vitum samt vel að við þurfum að spila bæði betri varnar- og sóknarleik gegn Pólverjum. Sóknarleikurinn verður að vera hraðari enda mætum við sterkari vörn gegn heimamönnum. Varnarleikurinn eins og í þessum leik dugar heldur ekki þá en ég er samt rólegur því ég tel okkur eiga mikið inni,“ sagði Guðmundur en í dag mæta strákarnir hans einu sterkasta sóknarliði heims og Guðmundur gerir sér grein fyrir því hvað þarf að gera til að vinna þann leik.

„Það er verðugt verkefni að leggja Pólverja hér heima. Það er samt ljóst að við verðum að komast í skytturnar þeirra. Ég mun freista þess að komast í þær en þetta eru menn sem geta skotið langt fyrir utan punktalínu.“

**henry@frettabladid.is**



**JAFNTEFLI** Svíar og Pólverjar skildu jafnir í hörkuleik í gærkvöld. ALEKSANDAR DJOROVIC

Undankeppni ÓL:

# Jafnt hjá Svíum og Pólverjum

**HANDBOLTI** Pólverjar og Svíar skiptu stigunum í rosalegum leik í Wroclaw í gær. Pólverjar leiddu lengi vel en Svíar náðu yfirhöndinni í síðari hálfleik.

Pólverjar komu til baka og fengu tækifæri til þess að vinna leikinn en Peter Gentzel varði síðasta skot leiksins frá Karol Bielecki.

Það var ótrúleg stemning í húsinu sem og í pólska liðinu framan af í gær og það verður þrautin þyngri fyrir íslenska liðið að standast áhlaup þeirra í upphafi leiks í dag. - hbg

Arnór Atlason:

# Menn eða mýs?

**HANDBOLTI** „Það er mjög gaman að vera kominn aftur enda fúlt að vera heima í janúar. Ég er búinn að hlakka til þessara leikja síðan þá og það verður brjálað að spila hér fyrir fullu húsi gegn Pólverjum. Þá kemur í ljós hvort við erum menn eða mýs,“ sagði Arnór ákveðinn. – hbg


Viltu skjól á veröndina?







www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál
Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar


Sverre vonar það besta fyrir landsliðið í Póllandi:

# Krossleggur fingur

**HANDBOLTI** Varnartröllið Sverre Andreas Jakobsson var fjarri góðu gamni með íslenska landsliðinu í leiknum gegn Argentínu í Wroclaw-höllinni í gær þar sem hann var hjá unnustu sinni og nýfæddu barni þeirra í Þýskalandi. Sverre gaf af þeim sökum ekki kost á sér í landsliðshóp Íslands fyrir leikina í Póllandi.

„Ég hafði öðrum skyldum að sinna og gat eðlilega ekki yfirgefið konu mína, fósturson og nýfætt barn. Ég horfði á Argentínuleikinn en verð að viðurkenna að mér fannst það dálítið erfitt. Það verða rosalegir leikir gegn Póllandi og Svíþjóð og maður krossleggur bara fingur og vonar að strákunum gangi sem best. Ég verð örugglega í sambandi við stórvin minn Gauja [Guðjón Val Sigurðsson] og hann mun bera kveðjur til liðsins frá mér,“ sagði Sverre sem mun aftur á móti gefa kost á sér í næsta stóra verkefni íslenska landsliðsins.



**FJARVERANDI** Sverre Jakobsson gat ekki tekið þátt í leikjum Íslands í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég gef kost á mér í leikina gegn Makedóníu og verð tilbúinn ef kallið kemur. Það ræðst svo bara hvernig þetta verður og hvað Guðmundur landsliðsþjálfari vill gera. Við eigum örugglega eftir að tala saman þegar yfirstandandi verkefni klárast,“ sagði Sverre að lokum. - óþ


Golfbílar, Golfhjól og Rafskutlur á frábæru verði



opið
laugardag 10 til 16:00





Rafskutlur Verð kr.149.000
Golfhjól Verð kr. 156.000
Golfbílar Verð kr 599.000
H-Berg ehf Import-Export
Lónsbraut 6, 220 Hafnarfjörður • Símar 866-6610 og 893-3347 • www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is


BT
VAXTALAUS VEISLA
109.999,-
BT LÁN
10.239,-*
12 mán. vaxtalaust
Canon
Canon digital SLR
EOS 450D 18-55IS. Enn er búið að endurbæta þessa vinsælu SLR vél.
Alvöru afköst í léttri og meðfærilegri 12.2 megapixla vél.
• 12.2 megapixla CMOS sensor skilar nákvæmni til að prenta út í allt að plakatstær
• Fangar 3.5 ramma á sek. í samfelldri myndatöku – Allt að 53 stórar JPEG (6 í RAW).
• 9 AF punktar dreifast um rammann til að laga viðfangsefni sem eru ekki aðal.
• Innbyggt rykhreinsikerfi frá Canon – EOS Integrated Cleaning System.
• 3.0“ skarpur LCD skjár með Live View Mode.
• Notendavæn hönnun í léttu húsi sem vegur aðeins 475 gr.
0% vextir
til allt að 12 mánaða
69.999,-
BT LÁN
6.421,-
12 mán. vaxtalaust
GTA IV fylgir
This is living
PLAYSTATION 3
BT LÁN
7.515,-
12 mán. vaxtalaust
79.999,-
Takmarkað magn
MEDION
Medion borðtölva
PC6765. Tilvalin alhliða vél fyrir fjölskylduna. Intel örgjörvi, 2 GB minni, 500 GB diskur og góð skjástýring. Nú geturðu unnið með stafrænu gögnin þín án erfiðleika. (Vörunúmer: 158661)
• Intel® Core™2 Duo Processor E4500
• 2,20 GHz, 2 MB L2 Cache med 800 MHz FSB
• 2048 MB DDR2-SDRAM
• 500 GB harddisk - 7200rpm SATA
• Dual Layer DVD-RW brennari
• NVIDIA® GeForce® 8400GS
• Netkort - 10/100
• 6 rása hljóðkort
• 8in1 kortalesari
• Tengi að framan: 2x USB 2.0, 1x míkrafónn, 1x headphones
• Tengi að aftan:
• 2 x PS/2, 1x LAN (RJ45)
• 4 x USB 2.0, 1x IEEE 1394 FireWire
• 1 x parallel, 1x serial
• Hugbúnaður:
• Windows Vista® Home Premium
• Microsoft® Works 9 með Office 2007 Trial
www.bt.is

> **Helen Mirren**

Mirren hefur leikið Elísabetu I og Elísabetu II, Englandsdrottningar, og rómversku keisarayngjuna Caesoniu auk þess sem hún hefur talað fyrir tvær drottningar í teiknimyndum. Í myndinni The Madness Of King George sem sýnd er kvöld á Stöð 2 bíó leikur hún eiginkonu Georg konungs, drottninguna Charlotte.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI SPÁIR ENN MEIRI HEIMSKU Í HEIMINUM

# *Fréttir fyrir spólgröð fífl*

Aumingja geimvísindamennirnir. Þeir fá sáralitla athygli. Þeim tókst að lenda Phoenix á Mars eftir áratugalangan undirbúning og eru eitthvað að bardúsa þar með vélmenni. Ætla víst að gá hvort þeir finni vatn og/eða merki um líf.

Maður þarf að grafa sérstaklega upp fréttir af þessum stórviðburði vilji maður fylgjast með. Þetta er hvergi frétt, hvað þá fyrsta frétt. Flest annað þykir merkilegra. Enginn hefur áhuga á þessu. Jafnvel þótt geimmaur á Mars myndi skríða fyrir linsuna og blasa við á skjám vísindamanna Nasa hefði almenningur meiri áhuga á stóðlífssögum af stjörnum.

Síðan netmiðlar byrjuðu að birta niðurstöður sínar yfir mest lesnu fréttirnar hafa hrollvekjandi staðreyndirnar talað sínu máli. Fólk er upp til hópa algjör fífl og ekki bara það heldur spólgröð fífl. Mörgum sinnum fleiri lesa fréttir eins og „Clooney hættur með partídýrinu - myndir“ eða „Túttunar á Dolly aldrei stærri - myndir“ heldur en, segjum, „Amaba finnst á Mars – tvísýnt um tilvist Guðs“.

Gáfnafari heimsins mun væntanlega hnigna enn meira. Fávitar kaupa dót og auglýsendur ráða hvað er í fjölmiðlum. Sjónvarpið dansar með í þessum hrunadansi. Þar eru ekkert nema fyrirsætur að æla, fitubollur að megra sig, óáhugavert leiðindapakk og froða – og þetta verður bara enn verra í sumar. Ég veit svo sem ekki til hvers maður er að svekkja sig á þessu. Maður hefur enn Gufuna til að halla sér að og einstaka sjónvarpsþætti seint á kvöldin. Með sömu þróun verður Gufan orðin eins og FM957 sirka árið 2100, en það er sem betur fer löngu eftir mína tíð.



**ER LÍF Á MARS?** Hverjum er ekki sama, George Clooney er hættur með partídýrinu.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Pólland-Ísland BEINT SJÓNVARPIÐ



▶ **19.00** PGA Tour 2008 BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10** Jimmy Neutron: Boy Genius STÖÐ 2



▶ **20.00** So You Think You Can Dance 2 STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.50** Minding the Store SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Lubbi læknir, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.

**10.00 Einu sinni var...** Maðurinn

**10.25 Sigga ligga lá**

**10.30 Kastljós**

**11.00 EM 2008** (1:8)(e)

**14.15 Saga rokksins** (1:7)(e)

**15.10 Marie Cavallier danaprinsessa**

**16.10 Viðtalið** Roddy Doyle. (e)

**16.40 Ofvitinn** (23:23) (Kyle XY II) Bandarísk þáttaröð um ungan ofvita af dularfullum uppruna sem sálfræðingur og fjölskylda hennar hafa tekið að sér.

**17.25 Villt veisla** (2:2)(e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

▶**18.00 Landsleikur í handbolta** Pólland-Ísland í undankeppni Ólympíuleikanna. Bein útsending frá Wroclaw í Póllandi.

**20.00 Fréttir**

**20.35 Veður**

**20.40 Lottó**

**20.45 Forsetadóttirin** (Chasing Liberty) Dóttir Bandaríkjaforseta sætir færis og strýkur úr gæslu lífvarða sinna á rokktónleikum í Prag.

**22.35 Sahara** Ævintýramaður í fjársjóðsleit í Norður-Afríku kynnist lækni á flótta undan blóðþyrstum einræðisherra.

**00.35 Maðurinn sem vissi of mikið (**The Man Who Knew too Much) Fjölskylda sem er í fríi í Marokkó kemst á snoðir um morðsamsæri. (e)

**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Big Momma´s House 2**

**08.00 Wall Street**

**10.05 Ella Enchanted**

**12.00 The Madness Of King George**

**14.00 Big Momma´s House 2**

**16.00 Wall Street**

**18.05 Ella Enchanted**

**20.00 The Madness Of King George** Seint á 18. öld verður hinn góðviljaði Englandskonungur skyndilega veikur og ber þess merki að hann sé tæpur á geði.

**22.00 Perfect Strangers**

**00.00 The Wool Cap**

**02.00 Die Hard**

**04.10 Perfect Strangers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gardon Garðálfur, Hlaupin og Funky Walley.

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

**09.10 Tommi og Jenni**

**09.35 Íkornastrákurinn**

**10.00 Ben 10**

**10.10 Just For Kicks** Ævintýraleg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.15 Bold and the Beautiful**

**13.35 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 American Idol** (41:42) Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna.

**15.05 American Idol** (42:42)

**16.35 Hell´s Kitchen** (10.11) Efnilegir áhugamenn keppa um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramseys.

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**17.55 Sjálfstætt fólk** (Beggi og Pacas)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶**19.10 Jimmy Neutron: Boy Genius** Jimmy er uppfinningamaður og langtum snjallari en jafnaldrar hans. Hann er samt ekki alveg sá allra svalasti. Þegar hættulegar geimverur ræna öllum foreldrum af jörðinni kemur til kasta Jimmys því hann einn getur fundið ráð við því hvernig bjarga eigi foreldrunum. Leyfð öllum aldurshópum.

**20.35 Aquamarine** Mynd fyrir alla fjölskylduna. Hér segir frá tólf ára vinkonum sem finna hafmeyju í sundlaug. Stórstormur virðist hafa feykt hafmeyjunni á þurrt land og nú þurfa stelpurnar að hjálpa henni að komast aftur til heimkynna sinna. Aðalhlutverk: Joanna „JoJo“ Levesque, Emma Roberts, Sara Paxton. Leikstjóri: Elizabeth Allen. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.15 Hard Candy** Aðalhlutverk: Ellen Page, Sandra Oh, Patrick Wilson.

**00.00 Derailed**

**01.45 The Lonely Guy** (e)

**03.15 Sherlock Holmes and the Case of Silk Stockings**

**04.55 Hell´s Kitchen** (10:11)

**05.35 Fréttir**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**08.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**09.25 Inside the PGA**

**09.50 Veitt með vinum**

**10.15 NBA-körfuboltinn** Detroit - Boston

**12.15 Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Chelsea

**14.55 Meistaradeildin - Meistaramörk** Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni.

**15.15 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir og öll mörkin skoðuð í Landsbankadeild karla.

**16.15 Landsbankadeildin 2008** Breiðablik - Grindavík

**18.05 Michael Owen** Michael Owen vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann sló í gegn á HM 1998 í Frakklandi.

▶**19.00 PGA Tour 2008** Bein útsending frá lokadegi Memorial-mótsins sem fram fer á Muirfield-vellinum í Ohio en mótið er hluti af PGA-mótaröðinni.

**22.00 Box** Felix Trinidad - Roy Jones Jr. Bardagi frá laugardegi 19. janúar.

**22.50 Box** Ricky Hatton - Juan Lazc

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.00 Premier League World**

**11.30 PL Classic Matches** Tottenham-Man. Utd., 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**12.00 PL Classic Matches** Arsenal - Leeds, 02/03.

**12.30 1001 Goals**

**13.30 Enska úrvalsdeildin** Man. City - Bolton, leikur frá laugardeginum 15. des.

**15.15 Enska úrvalsdeildin** Arsenal - Tottenham Útsending frá leik fór fram laugardaginn 22. des.

**17.00 Football Rivalries - Liverpool v Man. Utd.** Fjallað verður um ríg Liverpool og Man. Utd. innan vallar sem utan og einnig skoðaður rígur Benfica og Porto.

**17.55 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 96/97.

**18.25 Enska úrvalsdeildin** Liverpool - Portsmouth Leikur frá laugardegi 22. des.

**20.10 Enska úrvalsdeildin** Man. Utd. - Everton. Leikur frá sunnudegi 23. des.

**21.55 Enska úrvalsdeildin** Tottenham - Fulham

## SKJÁREINN

**07.10 Óstöðvandi tónlist**

**10.00 Vörutorg**

**11.00 World Cup of Pool 2007** (30:31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram í Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mætti 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegararnir frá því 2006, þeir Efren Reyes og Francisco Bustamante frá Filippseyjum, freista þess að verja titilinn.

**11.50 Rachael Ray** (e)

**13.20 Leiðin að titlinum** (e)

**14.10 Ungfrú Ísland 2008** (e)

**16.10 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**17.00 Kid Nation** (e)

**17.50 Top Gear** (e)

**18.50 Survivor. Micronesia** (e)

**19.40 Game tíví** (e)

**20.10 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. (e)

**21.00 Boston Legal** Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. (e)

**22.00 Jekyll** (e)

▶**22.50 Minding the Store** (7:10) Raunveruleikasería þar sem grínistinn Pauly Shore freistar þess að snúa við rekstrinum á einum frægasta grínklúbbi Bandaríkjanna, The Comedy Store í Los Angeles. Fjölskylda hans á og rekur klúbbinn sem hefur í gegnum tíðina verið fyrsti starfsvettvangur margra frægustu grínista Hollywood. Nú er hins vegar allt komið í óefni og Pauly fær það hlutverk að endurvekja vinsældir staðarins.

**23.15 Svalbarði** (e)

**00.15 C.S.I.** (e)

**01.05 Ungfrú Ísland 2008** (e)

**03.05 The Eleventh Hour** (e)

**03.55 Professional Poker Tour** (e)

**05.25 C.S.I.** (e)

**06.05 Vörutorg**

**06.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





## VINSÆLUSTU DAGSKRÁRLIÐIRNIR 19.-25. MAÍ*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision úrslit (laugardag) | 91.4% |
| 2 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision forkeppni (fimmtudag) | 85.4% |
| 3 | SJÓNVARPIÐ | Eurovision forkeppni (þriðjudag) | 73.0% |
| 4 | SJÓNVARPIÐ | Skyndiréttir Nigellu (Nigella Express) | 37.8% |
| 5 | SJÓNVARPIÐ | Á kvennavistinni (Sorority Boys) | 37.4% |
| 6 | STÖÐ 2 SPORT | Meistaradeildin - úrslitaleikur | 37.2% |
| 7 | SJÓNVARPIÐ | Fréttir (meðaltal) | 37.0% |
| 8 | SJÓNVARPIÐ | Konuilmur (Scent of a Woman) | 36.8% |
| 9 | SJÓNVARPIÐ | Sjávarlífið (The Life Aquatic) | 32.9% |
| 10 | SKJÁREINN | Eureka | 30.2% |

SJÓNVARPIÐ TAKK FYRIR AÐ HORFA

*Samkvæmt rafrænum áhorfsmælingum Capacent. Uppsafnað áhorf 12-80 ára.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.15
### Hard Candy



Hér er á ferðinni einhver óvæntasti og athyglisverðasti spennutryllir síðari ára. Allt í senn frumlegur, ögrandi og æsispennandi. Myndin segir frá 14 ára stelpu sem kynnist 32 ára ljósmyndara á Netinu. Sannfærð um að hann ætli sér að draga hana á tálar fellst hún á að hitta hann, í þeim tilgangi að lesa honum lexíuna. En getur hugsanlega verið að hún hafi farið fram úr sér, að hún lesi of mikið úr aðstæðunum? Eða á fórnarlambið allt vont skilið? Það er stóra spurningin í þessari mögnuðu spennumynd þar sem ekkert er eins og sýnist í fyrstu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Sjáðu**
**Stöð 2 kl. 17.25**

*Ásgeir Kolbeins kynnir það nýjasta í bíóheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjörnurnar? Ómissandi þáttur fyrir áhugamenn um kvikmyndir.*



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Útvarpsleikhúsið: Ástandið
**15.35** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Söguþula, sögð af einu fífli
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Loftbelgur
**21.10** Kvöldtónar
**21.30** Úr gullkistunni
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Listahátíð í Reykjavík 2008
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks**
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten** (12:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti í móa.
**19.30 Comedy Inc.** (17:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
▶ **20.00 So You Think You Can Dance 2** Þetta er önnur serían þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. (e)
**21.30 So You Think You Can Dance 2**
**22.30 Entourage** (8:20) Verðlaunaþættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni.
**23.00 The Class** (8:19)
**23.30 Talk Show With Spike Feresten**
**00.00 Comedy Inc.** (17:22)
**00.25 So You Think You Can Dance 2**
**01.55 So You Think You Can Dance 2**
**02.55 Entourage** (8:20)
**03.20 The Class** (8:19)
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**8.00** EastEnders **8.30** EastEnders **9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Judge John Deed **14.30** Judge John Deed **16.00** Judge John Deed **17.30** Judge John Deed **19.00** After Thomas **20.40** Judge John Deed **22.00** Judge John Deed **23.30** Judge John Deed **1.00** Judge John Deed

## DR 1

**8.05** Naruto **8.30** 21 dage i Amazon-junglen **8.55** Den lyserøde panter **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Tidens Tegn **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.25** Roskilde Special '07 **11.05** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **11.35** Truslen fra dybet **12.20** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2008, 2. semifinale **14.20** Det lille hus på prærien **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Dragen **16.00** Natur til hele banden **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Ganges **18.00** Kispus **19.40** Kriminalkommissær Barnaby **21.15** Girlfight **23.05** Conviction

## NRK 1

**8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Newton **8.45** Kunnskapskanalen **9.20** Urter **9.40** Festnachspiel **10.10** Eileen Gray - designer og arkitekt **11.05** Isle of Wight 2007 **12.35** Giro d'Italia direkte: 20. etappe **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Malena **17.00** Lørdagsrevyen **17.25** OL-kvalifisering håndball, menn: Norge-Tunisia **19.10** Lotto-trekning **19.20** Sjukehuset i Aidensfield **20.10** Gambling i Las Vegas med Louis Theroux **21.10** Kveldsnytt **21.25** Sprengeren **23.30** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.25** Plus sommar **9.55** Morgonsoffan **10.25** Det svänger på slottet **12.00** Frida **21:00** **12.30** Uppdrag Granskning **13.30** Sthlm **14.15** Kören - vad hände sen **15.05** Kören - killar sjunger inte **15.55** Handboll: OS-kval **16.15** Bolibompa **16.20** Det lilla monstret **16.30** Disneydags **16.40** Disneydags **17.00** Handboll: OS-kval **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Alice Babs - naturröstens hemlighet **19.20** Sjuk-Huset **19.25** Bel Ami **21.10** Rapport **21.15** Farväl, sköna hem **23.10** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Anita Briem*



**Aldur:** 26 ára
**Starf:** Leikkona
**Fjölskylda:** Einhleyp og barnlaus
**Foreldrar:** Gunnlaugur Briem trommuleikari og Erna Þórarinsdóttir söngkona.
**Búseta:** Los Angeles
**Stjörnumerki:** Tvíburi

Anita Briem leikur í spennuþáttaröðinni The Evidence sem SkjárEinn tekur til sýninga í júní. Hún leikur einnig á móti Brendan Fraser í sumarmyndinni Journey to the Center of the Earth 3D sem verður frumsýnd í júlí.



**LÁRÉTT** 2. vera með, **6.** drykkur, **8.** meðal, **9.** sníkjudýr, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** fet, **16.** tveir eins, **17.** knæpa, **18.** drulla, **20.** klaki, **21.** fimur.
**LÓÐRÉTT** 1. kaups, **3.** verkfæri, **4.** sumbl, **5.** þróttur, **7.** lævís, **10.** stykki, **13.** struns, **15.** aflast, **16.** kóf, **19.** slá.

**LÁRÉTT:** **2.** hafa, **6.** öl, **8.** lyf, **9.** lús, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** kk, **17.** krá, **18.** aur, **20.** ís, **21.** frár. **LÓÐRÉTT:** **1.** sölu, **3.** al, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** lúmskur, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** kaf, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Kaupmannahöfn.
2 6,3 á Richter.
3 Haukum.


**Snúrustaurar**



ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Ármúla 11 - Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka - Sími 461-1070


# Tónleikar Pauls Simon líklega slegnir af

„Menn eru að velta fyrir sér næstu skrefum og eru að skoða þetta út frá miðasölunni. Hvað Íslendingar gera á allra næstu dögum. Hvort þeir drífi sig í að kaupa miða. En það er bara mánuður í þetta,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson.

Óvíst, og reyndar ólíklegt, er að verði af tónleikum Pauls Simon, sem fyrirhugaðir eru í Laugardalshöll 1. júlí. Guðbjartur er í sambandi við umboðsmann Simons og má segja að boltinn sé hjá Paul Simon sjálfum núna. Guðbjartur sjálfur er hissa á Íslendingum að taka ekki betur á móti þessum mikla listamanni en miðasala hefur verið afar dræm og taki hún ekki verulegan kipp verða tónleikarnir að öllum líkindum slegnir af. Nema Simon hreinlega vilji koma til Íslands – nánast í æfingaferð og sem túristi.

Tónleikar hans á Íslandi eru þeir fyrstu í tónleikaför hans um Evrópu og hefur selst vel á alla tónleikana nema hér á landi. Miðasalan er Guðbjarti mikil vonbrigði en hann segir ýmislegt spila þar inn í. Tónleikar Simons voru síðastir í röð þeirra sem kynntir voru til sögunnar í sumar áður en gengið gaf sig: Dylan, Fogerty, Clapton sem allir mega heita að höfði til sama markhópsins. Sem dæmi um breyttar aðstæður má nefna að fyrir nokkrum árum héldu Stebbi og Eyvi tónleika þar sem þeir sungu þekktustu lög Simon & Gartfunkel og seldust miðar upp. Það seldist sem sagt meira á „cover“-útgáfuna en „orginalinn“ núna. Tónleikahaldarar íslenskir sjá ekki fram á líflegt tónleikahald á næstunni. Þar ráði óvæntur fimmtán prósenta skattur yfirvalda miklu og lágt gengi krónunnar.

- jbg



**GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON** Guðbjartur hvetur Íslendinga til að kaupa sér miða á Paul Simon.



**PAUL SIMON** Óvíst er hvort tónleikar með Paul Simon verða haldnir í Laugardalshöll í sumar.

GUNNI ÓLA: „MAÐUR ER LÍTILL GAGNVART NÁTTÚRUÖFLUNUM“

# Suðurlandsskjálfti skók heimili popplandsliðsins

„Það eru skemmdir á húsinu. Gólfin eru skökk og töluvert mikið af sprungum,“ segir Gunnar Ólason söngvari og gítarleikari Skítamórals. Jarðskjálftinn sem skók Suðurland á fimmtudaginn hefur ekki farið framhjá nokkrum manni. Mörg hús skemmdust og innanstokksmunir köstuðust til og eyðilögðust. Á Suðurlandi býr popparaelíta Íslands og fór hún ekki varhluta af áhrifum jarðskjálftans. Gunnar Ólason býr í húsi sem byggt var árið 1945. Það skemmdist sem fyrr segir og sama má segja um innbúið. „Jú, jú, það hrundu þarna hillur og allt sem gat farið það fór,“ segir hann. Gunnar flutti í húsið í janúar og var nýlega búinn að koma sér almennilega fyrir. Gunnar segir erfitt að átta sig á hve mikið tjónið er en eftir er að meta það. Hann og kona hans gistu að heiman aðfaranótt föstudagsins. „Við áttum sem betur fer í önnur hús að venda,“ segir Gunnar. „Maður finnur hvað maður er lítill og varnarlaus gagnvart náttúruöflunum þegar svona ríður yfir.“

Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó úr Veðurguðunum, er búsettur hjá foreldrum sínum á Selfossi. „Ég sat frammi við tölvuborðið þegar allt byrjaði að hristast,“ segir Ingó. „Það er undir burðarvegg svo ég ýtti stólnum bara upp að veggnum og horfði á innbúið kastast til. Ég beið bara eftir að jörðin myndi opnast.“ Hann segir innbúið mjög illa farið. „Eldhúsið er eins og eftir sprengjuárás. Ég þurfti að lyfta hillu frá hurðinni til að komast inn í herbergið mitt. Ef ég hefði verið þar inni hefði ég fengið hillur og skápa yfir mig,“ segir hann. Ingó segir að allt gler úr innbúinu, glös og annað slíkt, hafi brotnað. „Ég held að Ikea græði svolítið á þessu,“ segir hann í léttum dúr. Hann líkir ástandinu í bænum eftir skjálftann við þáttinn Jericho. „Það var bara umferðarteppa og allir flautandi.“ Ingó gisti í Reykjavík eftir skjálftann enda þurfti hann að spila í Ólafsvík um kvöldið.

Þórir Gunnarsson er bassaleikari Á móti sól. „Ég var bara í Kömbunum og fann að bíllinn fór að hristast,“ segir Þórir. Hann segir innbúið sitt hafa sloppið nokkuð vel. „Já, það kom nú bara ótrúlega vel út, auðvitað var allt hrunið úr hillum en það skemmdist ekki mikið,“ segir hann. Hitalögnin í húsinu rofnaði svo það var engin kvöldsturta hjá bassaleikaranum knáa. Þórir, sem á konu og tvö börn, taldi þó öruggast að fjölskyldan svæfi öll í sama herbergi nóttina eftir skjálftann.

soli@frettabladid.is



**GÓLFIN SKÖKK OG SPRUNGUR Í VEGGJUM** Sprunga er eftir miðjum stofuveggnum í húsi Gunnars Ólasonar í Skítamóral. Hann og kona hans gistu ekki í húsi sínu eftir skjálftann. FRÉTTABLAÐIÐ/GKS



**INGÓ** Segir ástandið í bænum hafa verið eins og í Jericho.

**BASSA-ÞÓRIR** Fann jarðskjálftann í Kömbunum. Komst ekki í sturtu um kvöldið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skólavörðustígurinn hefur um hríð verið sundurgrafinn og til viðgerða. Það breytir ekki því að **Eggert feldskeri** og aðrir kaupmenn við götuna láta sem ekkert hafi í skorist og munu í dag halda sinn árlega blómadag, en þá fá allir sem þar fara um blóm og verður allsherjar sumarstemmning þar.



Tónleikahaldarar sjá nú fram á langan og kaldan vetur með fárveikri krónu og 15 prósenta skatti sem stjórnvöldum datt í hug að leggja á þá listamenn sem hingað koma til að troða upp. Einn sem var kominn á fremsta hlunn með að mæta á Klakann til tónleikahalds var sjálfur **Jean Michel Jarre** en hann hefur verið að fylgja eftir meistaraverki sínu Oxygene víðs vegar um Evrópu og allstaðar troðið út úr dyrum. En í samráði við tónleikahaldra íslenska var ákveðið að slá hingaðkomu hans á frest þar til ástandið lagast – hvenær sem það verður nú.



Fólk sem statt var í Turninum í Kópavogi þegar jarðskjálftinn reið yfir á fimmtudag var fljótt að forða sér út enda nötraði öll byggingin. Einn upptekinn maður varð þó eftir í líkamsræktarstöðinni World Class sem er á 15. hæð. Það var poppstjarnan **Páll Óskar Hjálmtýsson** sem hamaðist eins og óður maður á hlaupabrettinu og varð einskis var.



**Atli Fannar Bjarkason**, ritstjóri Mónitors, undirbýr nú útgáfu síns fyrsta blaðs. Sést hefur til hans að sniglast í Austurbæ síðustu daga þar sem hljómsveitin **Sigur Rós** er við æfingar. Má því búast við ítarlegu forsíðuviðtali við þá drengi í Mónitor á næstu dögum.

-jbg/hdm




VORLÍNAN FRÁ DAY ER KOMIN

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | WWW.TEKK.IS


# Hamfaravænn útvarpsmaður

„Ég er sagður hamfaravænn útvarpsmaður,“ segir Þorgeir Ástvaldsson á Bylgjunni sem hefur nánast undantekningalaust setið við hljóðnemann þegar miklar náttúruhamfarir hafa gengið yfir. Nýjasta dæmið er jarðskjálftinn mikli á Suðurlandi. „Þegar ósköpin dundu yfir hugsaði maður: „Nei, ekki einu sinni enn.“ Ekki það að ég teldi eitthvað eftir mér að segja satt og rétt frá og leita upplýsinga heldur frekar þetta andrúmsloft sem maður er að vinna við í beinni útsendingu og snertir marga,“ segir hann.

Þorgeir var í beinni útsendingu niðri við Reykjavíkurhöfn 17. júní þegar síðasti Suðurlandsskjálfti gekk yfir árið 2000 og rúmu ári síðar, 11. september, var hann einnig í útsendingu þegar hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin voru gerðar. Þorgeir var jafnframt að störfum þegar snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri gengu yfir. „Þetta eru einhver örlög að vera oft til staðar þegar þetta hefur dunið yfir á minni útvarpsævi. Gárungar hafa sagt að ef ég yrði látinn hætta yrðu menn nokkuð öruggir en ég finn aldrei meira til skyldu minnar við hljóðnemann en ef eitthvað bjátar á af þessu tagi,“ segir hann. „En þetta er ekkert auðvelt. Maður þarf að tileinka sér ákveðna hluttekningu og vanda sig mjög vel því auðvitað er fólk viðkvæmt.“

Búast má við að þessi helgi verði hamfaralaus með öllu því Þorgeir er á leiðinni í pílagrímsför til Liverpool ásamt 85 manna hópi frá Íslandi. „Þetta verður nostalgíuferð minnar ævi,“ segir hann, greinilega farinn að brosa á nýjan leik eftir nýjustu hamfarirnar.

- fb



**ÞORGEIR ÁSTVALDSSON** Þorgeir situr jafnan við hljóðnemann þegar náttúruhamfarir ganga yfir.




Vönduð evrópsk hágæðahönnun á ótrúlega hagstæðu verði. - Gerðu góð kaup hjá okkur!

Opið:
Mánudaga - föstudaga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 10 - 16

**mubla**

nýbýlavegi 18 - 200 kópavogi - sími 517 2100 - www.mubla.is



FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

# Skjálftinn

Þegar skjálftinn reið yfir á fimmtudaginn lá ég á nuddbekk. Nuddarinn hafði rétt þá nýverið lagt til atlögu við ógurlegan stirðleika í vöðvum á milli herðablaðanna, með slíkum tilheyrandi sársauka að mér fannst það hreint og beint eðlilegt að allt skyldi fara af stað inni í herberginu, húsið skjálfa og gólfið ganga í bylgjum.

**ÞAÐ** er greinilega eitthvað gerast í húsinu," sagði nuddarinn í lágum hljóðum og hélt svo áfram við iðju sína. Klukkutíma síðar heyrði ég útundan mér í fréttum að það hefði orðið skjálfti. „Það duttu víst bækur úr hillum niðri í Alþingi," heyrði ég að kona sagði við aðra konu í bókabúðinni.

**BÆKUR** duttu úr hillum. Vegir fóru í sundur. Hús urðu skökk. Þetta var auðvitað rosaskjálfti. Og það var gott að enginn slasaðist alvarlega. Sums staðar munaði mjóu. En það er þetta með bækurnar. Daginn eftir hitti ég félaga minn. Hann hélt því blákalt fram að ákveðnir Sunnlendingar, sem hann vissi fyrir víst að hefðu haft allt á rúi og stúi heima hjá sér um langt árabil, hefðu núna gripið tækifærið og kennt skjálftanum um draslið.

**SKJÁLFTI** er kaos. Það sem er svo furðulegt við skjálfta er hversu fljótt hann ríður yfir. Bara nokkrar sekúndur og svo búið. Það er eins og náttúran sé að bylta sér. Í örskotsstund breytumst við öll í flugur á kýrsrassi, með GSM-síma.

**Á** samtengdum rásum var síðan greint frá skjálftanum og afleiðingum hans langt fram eftir kvöldi. „Slasaðist einhver?" spurðu fréttamenn. „Nei," svöruðu viðmælendur. „En hér færðist til píanó." „Hér duttu rauðvínsflöskur úr hillum." „Sprungur komu í veggina." Eftir að hafa hlýtt á vel útilátinn skammt af skjálftatíðindum verð ég að viðurkenna að mér fundust fréttirnar hugsanlega vera orðnar aðeins of teygðar. Búum við ekki á jarðskjálfta- og eldfjallaeyju? Svo magnaðar voru fréttirnar orðnar að ég heyrði af útlendingum sem íhuguðu að hætta við för sína til Íslands.

**Í** skjálfta opinberast samband manns og jarðar. Ég taldi í örskotsstund skjálftann vera í rökréttu samhengi við sársauka minn á bekknum. Eina uppáhaldsskjálftasögu sagði mér einu sinni gamall drykkjumaður, vel þekktur í Reykjavík. Þann 17. júní 2000 var hann drifinn upp á spítala í afar slæmu ásigkomulagi og keyrður niður í rúm og gert að hætta að drekka eftir margra áratuga neyslu eða deyja ella. Þá brast á með ógurlegum skjálfta. Hann hefur verið edrú síðan.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 31. maí, 153. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.25 | 13.25 | 23.28 |
| Akureyri | 2.36 | 13.10 | 23.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

